

Milli mála

Milli mála

Tímarit um erlend
tungumál og menningu

5. ÁRGANGUR

Ritstjórar
Ásdís R. Magnúsdóttir
Erla Erlendsdóttir
Rebekka Þráinsdóttir



STOFNUN
VIGDÍÐAR FINNBOGADÓTTUR
I ERLENDUM TUNGUMÁLUM

*Styrktarsjóði SVF er þakkaður
stuðningur við útgáfu tímaritsins*

*Milli mála er ritrýnt tímarit
og er ritrýnum þakkað þeirra framlag*

Háskólaútgáfan
Reykjavík 2013

© Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og höfundar/þýðendur efnis.

Umbrot: Helgi Hilmarsson
Hönnun kápu: Ragnar Helgi Ólafsson
Prentun: Litlaprent ehf.

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti,
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun
eða á annan sambærilegan hátt, að hluta
eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

U201404
ISBN 978-9935-23-026-3

Efni

Frá ritstjórum	7
--------------------------	---

ÞEMAGREINAR: ÚTLENDINGAR

<i>Guðrún Theodórsdóttir og Kolbrún Friðriksdóttir</i> Íslenskuþorpið: Leið til þátttöku í daglegum samskiptum á íslensku	13
<i>Sigríður Þorvaldsdóttir og María Garðarsdóttir</i> Fallatíleinkun í íslensku sem öðru máli	45
<i>Ari Páll Kristinsson</i> Innflytjendur og íslenskupróf	73
<i>Marion Lerner</i> „Aus einem Brief aus Island“ von Tómas Sæmundsson im Kontext seiner Grand Tour	95
<i>Ingibjörg Ágústsdóttir</i> Surrender and Sacrifice: Imperial Subjugation and the Coloured Mistress in Robin Jenkins's <i>The Expatriates</i> and “Imelda and the Miserly Scot”	127
<i>Stefano Rosatti</i> Strangers in Their Own Fatherland. A Study of Emigrants in Italian History and Literature (1860–1920)	147
<i>Ásdís R. Magnúsdóttir</i> Sjálfsmynd og villimenn Nýja heimsins í skrifum Michels de Montaigne	177

AÐRAR GREINAR

Pórbildur Oddsdóttir

- Mat á ritun: Stöðupróf og Viðmiðunarrammi
Evrópuráðsins (CEFR). 199

Annemette Hejlsted

- Terapeuten og vampyren. En læsning af
Tove Ditlevsens roman *Man gjorde et Barn Fortræd* 221

Élisabeth Ridel

- Des textes de marine en dialecte normand du XII^e
siècle : une source pour l'histoire de la navigation
au Moyen Âge dans le nord de la France. 253

Erla Erlendsdóttir

- Racamento, rizo, bolina...*
Términos náuticos de origen nórdico 285

ÞÝÐINGAR

Michel de Montaigne

- Af mannætum 317

UMFJÖLLUN UM BÆKUR

Magnús Sigurðsson

- Verstehen und Übersetzen. Ein Lehr- und Arbeitsbuch*
eftir Paul Kußmaul. 2. uppfærð útgáfa. Tübingen:
Narr, 2010 335

- Höfundar, þýðendur og ritstjórar. 345

Frá ritstjórum

Milli mála – tímarit um erlend tungumál og menningu kemur nú út í fimmta sinn hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Tímaritið kemur út einu sinni á ári og taka ritstjórar þess við aðsendum greinum, þýðingum og umfjöllunum um bækur á fræðasviðum stofnunarinnar: kennslufræði erlendra tungumála, bókmenntum, menningu, málvísindum og þýðingum.

Þema þessa heftis er útlandingar og eru sjö greinar tileinkaðar því viðfangsefni sem fjallað er um frá ýmsum sjónarhornum og á ólíkum tungumálum. Þrjár þeirra eru helgaðar íslensku sem öðru máli.

Í grein sinni um Íslenskuborpið segja Guðrún Theódórsdóttir og Kolbrún Friðriksdóttir frá merkilegri tilraun til þess að efla og fjölga tækifærum nema í íslensku sem öðru máli til þess að tala íslensku við Íslendinga í daglegu lífi. Í Íslenskuborpinu voru skapaðar aðstæður fyrir nema til þess að beita íslenskunni í hversdagslegum erindum, með aðstoð starfsmanna ýmissa fyrirtækja. María Garðarsdóttir og Sigríður Þorvaldsdóttir fjalla um tileinkun falla hjá þeim sem hafa íslensku að öðru máli. Þær gera fyrst grein fyrir fallarannsókn á þýsku sem öðru máli, í ljósi úrvinnslukenningar Pienemanns og kynna niðurstöður rannsóknar á þróun fallatileinkunar í frumlögum og andlögum í íslensku sem öðru máli. Tungumálapróf fyrir innflytjendur eru svo viðfangsefni Ara Páls Kristinssonar í grein hans „Innflytjendur og íslenskupróf“. Þar segir frá þeirri þróun að hvetja fullorðna útlandinga til þess að læra íslensku og láta þá taka próf í tengslum við umsókn um ríkisborgararétt.

Sagt er frá sendibréfi Tómasar Sæmundssonar sem birtist í *Fjölni* 1836 í grein Marion Lerner og það sett í samhengi við ævisögu og ferðareynslu höfundar. Tómas var þá nýkominn heim úr langri menntaferð um Evrópu og ferðalýsing hans í bréfinu sýnir að menntamaðurinn leit á það sem skyldu sína að deila reynslu sinni

og þekkingu með lesendum sínum. Sögur skoska rithöfundarins Robins Jenkins, *The Expatriates* og „Imelda and the Miserly Scot“ eru til umfjöllunar í grein Ingibjargar Ágústsdóttur. Ingibjörg beinir sjónum að ástarsamböndum hvítra manna og litaðra kvenna í verkunum og greinir þau út frá sjónarhorni síðnýlendustefnu og femínisma. Samböndin er táknræn fyrir feðraveldið en einnig samskipti heimsveldis og nýlendu og endurspegla þannig „tvöfalda nýlendukúgun“. Í grein Stefanos Rosatti segir frá hinum miklu fólksflutningum á Ítalíu eftir sameininguna 1861 og til upphafs fyrri heimsstyrjaldarinnar. Mikil fólksfækkun varð í sveitum og vinnuafli var af skorum skammti. Viðhorf stjórnvalda til flutninganna voru neikvæð og þau höfðu sterk áhrif á sýn rithöfunda á þessa þróun. Í verkum þeirra er dregin upp dökk mynd af flutningum vestur um haf og afleiðingum þeirra. Ferðir Evrópubúa vestur um haf eru einnig til umfjöllunar í grein Ásdísar R. Magnúsdóttur um villimenn Nýja heimsins í skrifum Frakkans Michels de Montaigne, sem er þekktur fyrir rit sitt *Essais* eða Tilraunir. Lýsingar á skrælingjum Nýja heimsins höfðu mikil áhrif á Evrópubúa, ekki síst sögur af mannáti. Ásdís segir frá esseyjuformi Montaignes og því hvernig sjálfsmýnd, sýn á „hinn“ og samfélagsgagnrýni fléttast saman í esseyjunni „Af mannætum“.

Af greinum utan þema ber fyrst að nefna umfjöllun Þórhildar Oddsdóttur um stöðupróf sem haldin voru í fjórum tungumálagreinum við Háskóla Íslands haustið 2012. Prófin eru tilraun í viðkomandi greinum í Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda til þess að mæla færni nemenda við upphaf BA-náms út frá Viðmiðunarramma Evrópuráðsins. Hér gerir Þórhildur grein fyrir niðurstöðum prófa í dönsku. Annemette Hejlsted fjallar í grein sinni „Térapeuten og vampyren“ um skáldsögu Tove Ditlevsen, *Man gjorde et Barn Fortræd* (Barni gert mein, 1941). Annemette skoðar skáldsöguna út frá tengslum skáldskaparfræða og birtingarmynda kynjanna. Hún sýnir einnig hvernig höfundurinn tvinnar saman frásagnaraðferðir sálgreiningar og sakamálasögunnar í verki sínu, ekki síst í persónu aðalsöguhetjunnar. Næst koma tvær greinar sem fjalla báðar um tökuorð á sviði siglinga og skipasmíði. Í þeirri fyrri, sem er eftir Elisabeth Ridel, segir frá orðum sem lýsa reiðabúnaði og verklagi um borð í skipum og er að finna í nor-

mönnskum og engilnormönnskum bókmenntatextum frá 12. öld. Elisabeth varpar ljósi á ólíkan uppruna orðanna og bendir á sterk áhrif norrænna manna á siglingahætti í Normandí. Sú seinni er eftir Erlu Erlendsdóttur, sem fjallar um sjómannaorð af norrænum uppruna í spænsku, en það eru einkum orð er snúa að skipasmíði og siglingum. Hér er fjallað sérstaklega um orð sem lúta að rá og reiða og ferð þeirra úr norrænu máli, í gegnum normönnsku og frönsku, yfir í spænsku.

Ein þýðing birtist í tímaritinu. Ásdís R. Magnúsdóttir þýðir essay Michels de Montaigne „Af mannætum“ sem hún fjallar um í fyrrnefndri grein sinni. Magnús Sigurðsson á lokaorðin að þessu sinni með ítarlegri umfjöllun sinni um rit Pauls Kußmaul, *Verstehen und Übersetzen. Ein Lehr- und Arbeitsbuch*, frá árinu 2010.

Ritstjórar þessa heftis *Milli mála* þakka höfundum, þýðendum, ritrýnum og starfsfólki Háskólaútgáfunnar gott samstarf.

Ásdís R. Magnúsdóttir

Erla Erlendsdóttir

Rebekka Þráinsdóttir

Þemagreinar: Útlendingar

Íslenskuþorpið: Leið til þátttöku í daglegum samskiptum á íslensku

1. Inngangur

Tilraunaverkefnið *Íslenskuþorpið: Leið til þátttöku í daglegum samskiptum á íslensku* miðar að því að gera nemendum í íslensku sem öðru máli kleift að taka þátt í samskiptum á íslensku í daglegu lífi sínu frá upphafi íslenskunámsins. Íslenskuþorpið er svar við tveimur gamalkunnum vandamálum í kennslu og námi íslensku sem annars máls: a) Hefðbundin kennsla hefur ekki tekið mið af því sem nemendur eru að gera í daglegu lífi og ekki nýtt umhverfið utan kennslustofunnar í kennslunni. Með þorpinu er byggð brú milli kennslustofunnar og daglegs lífs utan hennar, þ.e. nemarnir fá tækifæri til að nota íslensku í sérsniðnu æfingaumhverfi í nokkrum fyrirtækjum í samfélaginu. Það skiptir vissulega máli að læra tungumál með kennara í kennslustofu en það er líka mikilvægt að læra málið utan hennar. b) Nemendum reynist erfitt að byrja að tala íslensku dagsdaglega og nýta tækifærin sem bjóðast í samfélaginu. Íslenskuþorpið kemur nemendum yfir þennan þröskuld því þar eru skapaðar aðstæður til að tala íslensku utan kennslustofunnar frá upphafi námsins. Þetta skiptir miklu máli í málanáminu enda er málnotkun forsenda máltileinkunar, eða eins og Firth og Wagner (2007: 806) segja: „(Mál)tileinkun getur ekki orðið og verður ekki án (mál)notkunar.“ Það er því mikilvægt að málmenarnir byrji sem fyrst að tala íslensku í samfélaginu.

Nýjustu rannsóknir á tileinkun annars máls utan kennslustofunnar sýna að það sem skiptir mestu máli er að tala við einhvern sem kann meira í nýja málinu en nemandinn sjálfur, t.d. íslenskumælandi afgreiðslufólk. Í þessum samskiptum felast einmitt tækifæri til málánáms utan kennslustofunnar. Kennarar í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands heyra nemendur sína oft kvarta undan því að Íslendingar vilji frekar tala ensku við þá en íslensku og að iðulega sé þeim svarað á ensku þegar þeir tala íslensku. En hver ber ábyrgð á því að íslenska sé töluð? Málnemarnir eða íslenskir viðmælendur þeirra? Guðrún Theodórsdóttir (2010: 25) hefur sýnt fram á að það eru málnemarnir sjálfir sem bera ábyrgðina. Þeir verða sjálfir að hafa frumkvæðið að því að íslenska sé notuð í samskiptum enda eru íslenskir viðmælendur oft uppteknari af umræðuefninu en því hvaða mál er notað (Guðrún Theodórsdóttir 2011a; Kurhila 2004).

Kjarni Íslenskuþorpsins er sá að þar liggur fyrir svokallaður tungumálasamningur sem þýðir að starfsfólk í þátttökufyrirtækjunum hefur samþykkt að tala eingöngu íslensku við nemana þegar þeir koma til að sinna erindum sínum. Þannig er nemunum í senn tryggð þátttaka í daglegum samskiptum á íslensku og tækifæri til íslenskunáms.

Íslenskuþorpið er samnorrænt og þverfaglegt verkefni með þátttöku Háskóla Íslands, Syddansk Universitet í Danmörku, Interactive Institute í Svíþjóð og Listaháskóla Íslands. Þróun þess og útfærsla hvílir annars vegar á rannsóknum Guðrúnar Theodórsdóttur (2010, 2011a, 2011b) á aðferðum Önnu, nema í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands, við að fá að tala íslensku úti í samfélaginu og læra íslensku utan kennslustofunnar og hins vegar á erlendum rannsóknum á máltileinkun utan kennslustofunnar (Wagner 2004, 2010). Tilraunaverkefnið *Íslenskuþorpið: Leið til þátttöku í daglegum samskiptum á íslensku* er því gott dæmi um hagnýtingu rannsókna.

Kannanir meðal nemenda á reynslu þeirra af Íslenskuþorpinu leiddu í ljós mikla ánægju með verkefnið. Margir töldu Íslenskuþorpið hafa haft jákvæð áhrif á sjálfstraustið og málkunnáttuna og að þjálfunin í þorpinu skipti máli þegar út í samfélagið var komið.

Greininni er skipt í sex kafla. Í öðrum kafla er fjallað um Íslenskuþorpið, norræna og þverfaglega samstarfið sem útfærsla

verkefnisins grundvallast á, önnur tengd tilraunaverkefni og fram-tíðarsýnina. Í þriðja kafla er greint frá fræðilegum grunni Íslenskuþorpsins og sagt frá nokkrum rannsóknum sem snerta máltileinkun utan kennslustofunnar. Í fjórða kafla er fjallað um útfærslu þorpsins, samstarfsfyrirtæki, útlit og hönnun, kennslufræðilegt ferli, námskeið með hlutdeild þorpsins og öflun rannsóknargagna. Í fimmta kafla er gerð grein fyrir könnun meðal notenda þorpsins og niðurstöðum þeirra og loks eru meginatriði umfjöllunarinnar dregin saman.

2. Íslenskuþorpið: Leið til þátttöku í daglegum samskiptum á íslensku

Það er ljóst að málnotkun utan kennslustofunnar skiptir máli fyrir tileinkun annars máls, þ.m.t. íslensku. Nemendur í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands fá ekki mörg tækifæri til að nota nýja málið við daglegar aðstæður í samfélaginu. Ástæðurnar eru margvíslegar, t.d. er enskukunnátta almenn meðal Íslendinga og þeir skipta gjarna yfir í ensku þegar íslenskunemarnir reyna að tala íslensku. Annað atriði er að erfitt er að byrja að tala nýja málið við innfædda m.a. vegna þess að Íslendingar eru óvanir því að heyra íslensku talaða með erlendum hreim og skilja því ekki alltaf það sem nemarnir segja. Sú þjálfun sem nemarnir fá í samskiptum á íslensku er því að mestu einskorðuð við kennsluumhverfið. Kennslan í kennslustofunni tekur hins vegar ekki nægilegt mið af því sem þeir eru að reyna að gera utan hennar. Þannig getur verið erfitt fyrir nemendur að brúa bilið milli þess sem þeir læra í kennslustofunni og þess sem þeir gera utan hennar.

2.1 Íslenskuþorpið í hnotskurn

Tilgangur verkefnisins er að skapa aðstæður fyrir mál nema í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands til að nota íslensku við ólíkar aðstæður og gefa þeim kost á að æfa tungumálið utan kennslustofunnar í samskiptum við Íslendinga. Samskiptin fara fram á íslensku og eru millistig milli þess að tala íslensku í kennslustundum og

þess að tala hana í daglegu lífi. Í Íslenskuþorpinu fá nemendur þjálfun í að sinna daglegum erindum sínum á íslensku og geta treyst því að viðmælendur munu leggja sig fram um að skilja erindi þeirra og að samskiptin munu eingöngu fara fram á íslensku. Þannig geta nemarnir byrjað fyrir að taka þátt í samskiptum á íslensku en ella. Með Íslenskuþorpinu skapast því nauðsynleg tengsl milli kennslustofunnar og daglegs lífs utan hennar.

Hugmyndavinna við Íslenskuþorpið hófst árið 2010 en í framkvæmd má segja að þróun og útfærsla þess hafi grundvallast í meginatriðum á sex þáttum. Í fyrsta lagi að fá ákveðin fyrirtæki í Reykjavík til þátttöku,¹ s.s. kaffihús, bakarí, bókabúð, bókasafn og sundlaug. Þannig var sköpuð smækkuð mynd af „þorpi“ í miðbæ Reykjavíkur og á Háskólasvæðinu: *Íslenskuþorpinu*; í öðru lagi að búa starfsfólk fyrirtækjanna undir samskiptin við málnemana í Íslenskuþorpinu. Starfsfólkið var beðið um að gefa nemunum tíma til að tjá sig og tala eingöngu íslensku við þá; í þriðja lagi að hanna og útfæra umgjörð og útlit þorpsins og efni því tengdu. Íslenskuþorpið hefur ákveðna umgjörð og útlit sem ber skýrt vitni þess hlutverks sem því er ætlað að sinna og er sniðið að þörfum íslenskunemanna. Í Íslenskuþorpinu eru einnig skilti og merkingar með orðum og frósum sem styðja við íslenskunámið og málnotkunina; í fjórða lagi að þróa kennslufræðilegt ferli að baki Íslenskuþorpinu og útfærslu þess í námsefni þorpsins; í fimmta lagi að móta og útfæra íslenskunámskeið við Háskóla Íslands með tilliti til virkrar þátttöku málnema í Íslenskuþorpinu. Íslenskunemarnir eru undirbúnir í kennslustundum fyrir samskipti sín í Íslenskuþorpinu. Þeir hljóta þjálfun í orðaförð og málnotkun sem við á t.d. á kaffihúsi áður en þeir fara á kaffihúsið í Íslenskuþorpinu; og í sjötta lagi að leggja grunn að hljóðupptökum í samskiptum málnemanna við starfsfólkið í Íslenskuþorpinu með söfnun rannsóknargagna í huga.

1 Fyrirtækin voru valin með þrennt í huga, þ.e.: a) að samskipti málnema og afgreiðslufólks byðu upp á rík tjáskipti (matvöruverslanir urðu t.d. ekki fyrir valinu þar sem einsatkvæðisorð duga oft í samskiptum); b) að fyrirtækin væru í nágrenni Háskóla Íslands þar sem þátttakendur voru við nám; c) að líklegt væri að málnemarnir ættu þangað erindi í daglegu lífi og gætu því nýtt sér reynsluna í Íslenskuþorpinu til framtíðar lítið.

2.2 Norrænt samstarfsverkefni

Íslenskuþorpið er samnorrænt og þverfaglegt tilraunaverkefni undir stjórn dr. Guðrúnar Theodórsdóttur, lektors í annarsmálsfræðum við Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands. Við þróun og útfærslu Íslenskuþorpsins komu saman fræðimenn á sviði annarsmálsfræða, gagnvirkar hönnunar í tungumálanámi og grafískrar hönnunar auk nema á þessum sviðum. Útfærsla hugmyndarinnar að Íslenskuþorpinu fór fram á þriggja daga vinnufundi vorið 2012.² Þar hittust sérfræðingar frá Syddansk Universitet: dr. Johannes Wagner prófessor, dr. Dennis Day prófessor og Basar Önal doktorsnemi; dr. Brendon Clark rannsóknarsérfræðingur sem stjórnaði vinnufundinum og Euan Fraser meistaranemi frá Interactive Institute í Svíþjóð; dr. Halldóra Ísleifsdóttir prófessor, Viktoriia Buzukina nemi í grafískri hönnun og Margrét Guðmundsdóttir nemi í grafískri hönnun frá Listaháskóla Íslands, og frá Háskóla Íslands voru, auk Guðrúnar Theodórsdóttur, Kolbrún Friðriksdóttir aðjunkt, Guðlaug Stella Brynjólfssdóttir, stundakennari og framkvæmdastjóri verkefnisins, og Edvardas Paškevičius íslenskunemi. Aðrir í vinnuteyminu voru Kristján Georg Björnsson, grafískur hönnuður, og Arna María Kristjánsdóttir, nemi í Myndlistaskóla Reykjavíkur.

Fyrirmynd þessa samnorræna, þverfaglega vinnufundar er að finna hjá sænska verkefninu *Språkskap - Swedish as a Social Language* (Clark o.fl. 2011).

2.2.1 Önnur tilraunaverkefni hérlandis og erlendis í kennslu og námi annars máls

Íslenskuþorpið er hið eina sinnar tegundar eftir því sem best er vitað. Tvö skyld tilraunaverkefni hafa verið sett á fót þar sem hugmyndin var að nýta í málanáminu þann veruleika sem nemendur búa í. Annars vegar er það sænska verkefnið *Språkskap – Swedish as a Social Language* og hins vegar íslenska *Grandaverkefnið*.

2 Íslenskuþorpið er með rými í dropbox.com og þar settu þátttakendur ýmsar fræðigreinar og efni sem tengdist verkefninu á meðan á þróun þess stóð. Mánaðarlega voru skýrslur um þróunina í Íslenskuþorpinu settar inn í boxið og þannig gátu allir þátttakendur fylgt með því sem var efst á baugi.

Í sænska verkefninu *Språkskap – Swedish as a Social Language* var gerð tilaun til að tengja nemendur í sænsku sem öðru máli í kennslustofu við sænskumælandi íbúa úti í samfélaginu. Í stuttu máli má segja að tilraunin hafi einkum falið í sér þrennt: a) Sænskunemar höfðu aðgang að kaffihúsi nálægt skólanum sínum þar sem sænskumælandi afgreiðslumaður átti samskipti við þá á sænsku. b) „Twitter“-dagur var haldinn þar sem nemarnir gátu tjáð sig og átt samskipti á netinu á sænsku um hvað sem þá lysti. c) Málnemi gerði sér ferð í húsgagnaverslun og átti þar samskipti við afgreiðslufólk eftir ákveðinni forskrift og með stuðningi Svía. Með þessu móti voru hversdagsleg samskipti sænskumælandi fólks og sænskunema nýtt til að skapa aðstæður til máltileinkunar (Clark o.fl. 2011).

HB Grandaverkefnið var vinnustaðatengt málanám (Birna Arnbjörnsdóttir 2006) þar sem erlendum starfsmönnum í fiskverkunarstöðvum HB Granda var boðið upp á íslenskunám í vinnunni. Námskeiðin voru sniðin að þörfum nemenda og tengdist námsefnið starfi þeirra. Auk þess var öllum starfsmönnum boðið upp á fræðslu í fjölmenningu.

2.3 Framtíðarsýn

Íslenskuþorpið hefur verið sett upp sem tilraunaverkefni á nokkrum stöðum í miðbæ Reykjavíkur og á Háskólasvæðinu. Með tilraunaverkefninu er markað upphaf að frekari útfærslu og þróun hugmyndarinnar. Hin endanlega afurð verður fjórþætt:

- a) Íslenskuþorpið verður hluti af bæjarlífinu í Reykjavík og á Háskólasvæðinu til framtíðar. Leitað verður eftir því að fleiri fyrirtæki á sama sviði taki þátt í verkefninu, t.d. bankar, kaffihús o.s.frv., og sjái sér hag í því að verða hluti af Íslenskuþorpinu og þjónusta þá sem tala íslensku sem annað mál, bæði nemendur við Háskóla Íslands og aðra sem eru að læra íslensku. Þannig gætu fyrirtæki Íslenskuþorpsins stækkað viðskiptahóp sinn og styrkt ímynd sína. Í hópi viðskiptavina gætu jafnframt verið ferðamenn sem dvelja hér tímabundið og hafa hug á að æfa sig í Íslenskuþorpinu.

- b) Útbúin verður verkfærakista eða handbók um hvernig tungumálaborp eru sett á fót með hliðsjón af þeirri aðferðafræði sem liggur til grundvallar Íslenskuþorpinu. Hugmyndina mætti útfæra á þéttbýlissvæðum utan Reykjavíkur og einnig annars staðar á Norðurlöndum þar sem svipuð þörf er fyrir hendi.
- c) Myndaður verður gagnagrunnur til rannsókna. Samskiptin í Íslenskuþorpinu hafa verið tekin upp (hljóð og mynd) og þannig orðið til mikilvæg gögn til rannsókna á tileinkun íslensku sem annars máls og til endurbóta á Íslenskuþorpinu. Upptökur af samskiptunum verða afritaðar eftir aðferðum samtalsgreiningar og gerðar aðgengilegar fyrir fræðimenn á sviði annarsmálsfræða.
- d) Íslenskuþorps-hugmyndin verður útfærð í aðra átt sem býður upp á tveggja manna tal íslenskunema og Íslendinga, t.d. um einkahagi eða áhugamál. Vísir er kominn að þessu verkefni en gerð hefur verið tilraun á Háskólatorgi undir heitinu „Viltu tala íslensku við mig?“ með góðum árangri. Þar var annars vegar stefnt saman nemum á fyrstu stigum íslenskunáms og hins vegar Íslendingum og lengra komnum íslenskunemum til að spjalla um daginn og veginn á íslensku.

3. Fræðilegur grunnur Íslenskuþorpsins

Hugmyndin að Íslenskuþorpinu á rætur að rekja til doktorsverkefnis Guðrúnar Theodórsdóttur: *Conversations in Second Language Icelandic: Language Learning in Real-Life Environments*. Verkefnið byggist einnig á hugmyndum Wagners (2004, 2010) um máltil-einkun utan kennslustofunnar og Sprákskap-verkefninu sem áður var minnst á.

3.1 Rannsóknir á máltil-einkun utan kennslustofunnar

Guðrún Theodórsdóttir (2010, 2011a, 2011b) hefur í rannsóknum sínum fjallað um máltil-einkun í samskiptum utan kennslustofunnar. Fylgst var með íslenskunemanum Önnu á þriggja ára tímabili. Hún tók upp á band dagleg samskipti sín við Íslendinga, bæði einkasam-

töl og þjónustusamtöl. Niðurstöður Guðrúnar sýna að í samskiptum á íslensku bregður Anna sér oft í hlutverk málnefna og einbeitir sér að atriðum sem snerta tungumálið í samvinnu við viðmælandann sem kemur þá oft fram sem sérfræðingur í nýja málinu. Þannig býr Anna sér til aðstæður til þess að læra íslensku utan kennslustofunnar (e. *Language Learning Activities*). Það er nemandinn (Anna) sem stjórnar og fær upplýsingar um tungumálið frá innfæddum viðmælanda og beitir til þess markvissum aðferðum. Þessar upplýsingar snerta umræðuefnið hverju sinni. Sem dæmi má nefna að þegar nemandann vantar orð til að koma því til skila sem hann ætlar að segja lætur hann viðmælandann vita a) með beinum hætti (e. *explicit word search*), með því að spyrja t.d. *hvernig segir maður X?* eða b) með óbeinum hætti (e. *implicit word search*), þ.e. með hiki (*uh*) eða þögnum þar sem orðið ætti að koma eða með því að lengja hljóð í orðinu á undan eða með því sem kallast á ensku „try-marking“ sem er með rísandi tóni og þögn á eftir. Í síðarnefnda tilvikinu nefnir málneminn orð, sem hann telur að geti gengið, með rísandi tóni sem er merki til viðmælandans um að segja til um hvort orðið sé rétt eða ekki (sjá nánar Brouwer 2003; Schegloff 1979).

Guðrún (2011a) segir frá því í rannsókn sinni hvernig Anna berst fyrir því að fá að ljúka máli sínu (e. *insisting on TCU completion*). Hún beitir þar aðferð sem felst í því að standa á rétti sínum til að ljúka einni lotueiningu (e. *TCU: turn construction unit*) þó að ljóst sé að viðmælandinn hafi skilið hvert hún er að fara (e. *recognition point*) (Jefferson 1984) og grípur inn í til að hraða samskiptunum. Anna hækkar þá stundum röddina til að ljúka máli sínu. Þannig er áhersla hennar meiri á tungumálið en efnisleg samskipti. Athyglisvert er að í sumum tilvikum eru samskiptin um mikilvæg málefni sem skipta Önnu máli, t.d. um framfærslufé. Þetta er öfugt við þá sem eiga samskipti á móðurmáli sínu en þar skiptir máli að efnislegu samskiptunum vindi fram og þá skiptir ekki höfuðmáli með hvaða hætti (Stivers og Robinson 2006). Rannsóknin sýnir tvöfalt eðli annars máls þar sem áhersla er bæði á tungumálið og efni samskiptanna. Aðferðin við rannsóknirnar er CA-SLA þar sem aðferðir samtalsgreiningar eru notaðar við rannsóknir á máltileinkun annars máls (Sacks o.fl. 1974; Sidnell 2010; Firth og Wagner 1997; Pekarek-Deohler 2010; Kasper og Wagner 2011).

Wagner (2004) kallar eftir rannsóknum á tileinkun annars máls og þátttöku nemenda í samskiptum utan kennslustofunnar þar sem þær muni hafa mikil áhrif á tungumálakennslu. Hann er þá ekki að leggja til að nemendur séu sendir út á götu til að læra tungumálið enda sé ljóst á rannsóknum á innflytjendatungumálum að slíkt sé ekki góð leið til að læra tungumál. Hann kallar eftir samþættingu, þ.e. að kennslan taki mið af þeim veruleika sem nemendur búa í. Wagner (2004: 615) bendir á tvær leiðir til að opna kennslustofuna: 1. Verkefnamiðuð kennsla (e. *task-based*) þar sem nemendur leysa ákveðin verkefni utan kennslustofunnar sem svo verða rædd í kennslustofunni. 2. Að senda nemendur út í samfélagið og biðja þá að taka upp þau samskipti sem þeir eiga á markmálinu. Kennarinn hlustar á upptökuna og leiðbeinir nemendum áður en þeir fara aftur út. Í Íslenskuþorpínu er notað svipuð aðferð og lýst er hér að ofan undir lið 2 þar sem nemendur taka upp samskiptin í þorpínu og upptökurnar eru notaðar í kennslustofunni þar sem nemendur hlusta með kennaranum.

Wagner (2010: 57) bendir á að nokkrar rannsóknir sl. áratug á annarsmálssamskiptum utan kennslustofunnar hafi leitt í ljós að tungumálanám:

- a. taki tíma
- b. sé nátengt félagslegum tengslum og
- c. eigi sér stað í daglegum samskiptum.

Þannig hvetur hann til þess að annarsmálsnemar noti tækifærið og eigi frumkvæði að því að beina athyglinni að tungumálinu í daglegum samskiptum. Hann segir ennfremur að innfæddir eigi sjaldan frumkvæði að því að taka sér stöðu sem „tungumálakennarar“ í venjulegum samskiptum. Ýmislegt af því sem hér kemur fram skiptir máli þegar horft er til Íslenskuþorpisins, t.d. það að innfæddir bjóða sig sjaldan fram til að kenna málið og að um það þarf að semja í samskiptum málnemans og heimamanna.

Í grein sinni „Second Language Interaction for Business and Learning“ lýsir Guðrún (2011b) því hvernig Anna fléttar saman dagleg erindi sín og íslenskunám, þ.e. notar tækifærin sem gáfust til að sinna daglegum erindum sínum á íslensku og læra tungumálið í

leiðinni. Aðferðir hennar gætu gagnast öðrum nemendum. Í grein Guðrúnar segir frá heimsókn Önnu í bakarí. Hún semur við afgreiðslustúlkuna um að tala íslensku, gerir við hana tungumálasamning (Guðrún Theodórsdóttir 2011b; Guðlaug S. Brynjólfssdóttir 2011). Það kom í ljós í þessari rannsókn að með því að samþykka að tala íslensku við Önnu verður afgreiðslustúlkan nánast sjálfkrafa eins konar íslenskukennari. Þannig bera þær sameiginlega ábyrgð á því að íslenska sé samskiptamálið. Anna notar þetta tækifæri vel og einbeitir sér að orðaforða, framburði o.s.frv. um leið og hún kaupir inn. Þannig verður til dýrmætt tækifæri fyrir hana til að læra íslensku. Þessi rannsókn skipti miklu máli við þróun Íslenskuþorpsins enda sýnir hún að máltileinkun verður í samskiptum mál nema og afgreiðslukonu. Þess er vænst að aðrir nemar geti notfært sér aðferðir Önnu og lært íslensku utan kennslustofunnar.

Anna er þrautseig í íslenskunáminu en ekki eru allir nemendur sem hafa þann styrk og ákveðni sem hún hefur í tilraunum sínum til að nota málið utan kennslustofunnar. Íslenskuþorpið byggist að miklu leyti á aðferðum Önnu og markmiðið er að skapa aðstæður, svipaðar þeim sem Anna bjó sér til, fyrir aðra mál nema þannig að þeir geti með mun minni fyrirhöfn en Anna átt samskipti á íslensku utan kennslustofunnar.

4. Útfærsla Íslenskuþorpsins

Eftir tveggja ára undirbúningsvinnu hófst tilraunakennsla með hlutdeild Íslenskuþorpsins sumarið 2012 og stóð yfir til vors 2013. Við lok tilraunatímabilsins hefur samstarfsteymið, hérlandis og erlendis, í höndum mikilvægan gagnagrunn og reynslu til áframhaldandi þróunar verkefnisins, kennsluefnis þess og kennsluhátta, auk rannsókna á máltileinkun.

4.1 Fyrirtæki í Íslenskuþorpinu og tungumálasamningurinn

Íslenskuþorpinu er ætlað að tryggja námsumhverfi fyrir mál nema innan fyrirtækja úti í samfélaginu. Þannig var gert samkomulag við tiltekin fyrirtæki í Reykjavík, þ.e. bakarí, kaffihús, sundlaug, bóka-

safn, bókabúð og veitingastað, um að vera þátttakendur í Íslenskuþorpinu en þau voru valin með áhuga og þarfir málnema í huga. Eitt lykilatriðanna í samkomulaginu er það að starfsmenn í viðkomandi fyrirtækjum þorpsins skuldbinda sig til að tala eingöngu íslensku við málnemana þegar þeir sinna þar erindum sínum. Þannig má segja að gerður hafi verið formlegur tungumálasamningur fyrirfram milli starfsfólks í fyrirtækjum Íslenskuþorpsins og málnemanna sem þangað leita. Starfsfólkið er að auki meðvitað um málnotkun nemenda á fyrstu stigum íslenskunáms og tekur velviljað á móti þeim, tilbúið að gefa þann tíma sem þarf til samskiptanna. Með útfærslu Íslenskuþorpsins verður tungumálasamningurinn þungamiðjan og með honum tryggður sá megintilgangur þorpsins að veita málnemunum tækifæri til að eiga samskipti á íslensku við Íslendinga og styðja þannig við tileinkunarferlið.

4.2 Umgjörð og útlit Íslenskuþorpsins

Eins og áður kom fram hönnuðu Listaháskóli Íslands og Interactive Institute í Svíþjóð auðkennandi útlit, einkennismerki og námsumgjörð Íslenskuþorpsins. Umgjörðin er sett upp innan þáttökufyrirtækja þorpsins og verður þannig hluti af venjulegu viðskiptaumhverfi hvers fyrirtækis. Umgjörðin setur skýran ramma utan um námsumhverfi Íslenskuþorpsins og samskipti starfsfólks og málnemanna innan þess. Allt kynningarefni þorpsins og námsefni hefur jafnframt verið hannað í þessu sama útliti. Á mynd 1 má sjá einkennismerki Íslenskuþorpsins en það gefur innsýn í útlit náms- og kynningarefnis þorpsins og heildarumgjörðina. Í merkinu er fólgin hugmynd að heiminum og hann birtur sem púsl í púsluspil tungumálanna. Litirnir í einkennismerkinu, blár, hvítur og rauður, gegna líka ákveðnu hlutverki sem íslensku fánalitirnir en merkið var hannað með það í huga að auðvelt yrði að laga það að öðrum þjóðum ef sambærileg þorp verða sett upp annars staðar á Norðurlöndum.




Mynd 1: Einkennismerki Íslenskuþorpsins. Höfundur myndar: Íslenskuþorpið 2012.

4.3 Kennslufræðilegt ferli og námsefni Íslenskuþorpsins

Mikilvægur liður í útfærslu Íslenskuþorpsins var að þróa það kennslufræðilega ferli sem hugmyndin hvílir á og móta jafnframt námsefni. Óhætt er að segja að þar sé beitt nýjum aðferðum í kennslu og boðið upp á nýjar leiðir við tileinkun íslensku sem annars máls.

Á mynd 2 má sjá kennslufræðilegt ferli Íslenskuþorpsins. Þannig er vinna í kennslustofu, samskipti í fyrirtækjum Íslenskuþorpsins og heimavinna allt hluti af þeirri þjálfun sem nemendur fá undir hatti Íslenskuþorpsins með það að markmiði að búa þá undir þátttöku í raunveruleikanum.



Mynd 2: Aðferðafræði Íslenskuþorpsins. Höfundur myndar: Íslenskuþorpið 2012.

Lýsa má kennslufræðilegu ferli þorpsins nánar í sex skrefum. Farið er í gegnum öll skrefin fyrir hvert og eitt fyrirtæki Íslenskuþorpsins:

1. skref – kennslustofa: Kennari vinnur með nemendahópnum að því að undirbúa heimsókn í hvert fyrirtæki Íslenskuþorpsins.

Unnið er með orðaforða sem er notaður t.d. í bakaríi ef heimsókn þangað er framundan og helstu samskiptafrasa sem eiga við í viðskiptunum. Á þessu undirbúningsstigi í kennslustofunni er jafnframt farið í nauðsynleg málfræðiatríði og framburðarreglur. Námsfni Íslenskuþorpsins er skipt niður með tilliti til mismunandi fyrirtækja þorpsins og nemendur skrá þar margvíslegar upplýsingar sem tengjast málnotkun á þessu fyrsta stigi.

2. skref – Íslenskuþorpið: Næst halda nemendur í undirbúnings- og könnunarleiðangur í Íslenskuþorpið þar sem þeir búa sig undir samskipti við starfsfólkið í þorpinu síðar (á stigi 4). Hér er mál-nemunum ætlað að hafa augu og eyru opin, þeir kynna sér staðinn, fylgjast með öðrum viðskiptavinum og samskiptum þeirra við starfsfólkið, sækja sér orðaforða m.a. með því að skoða vörur sem eru í boði og merkingar í umhverfinu. Þeir skrá í námsbókina margvíslegar upplýsingar sem aflað er á þessu stigi.
3. skref – kennslustofa: Hér nýta nemendur undirbúninginn í skref-unum tveimur á undan til að fylla út svokallað vinnuspjald sem er hluti af námsfnninu. Vinnuspjaldinu er ætlað að styðja við málnotkun nemans í samskiptunum við afgreiðslufólkið þegar á hólminn er komið í Íslenskuþorpinu (á stigi 4). Á spjaldið hefur verið skráður mikilvægur orðaforði og samskiptafrasar og fyrir-mynd gerð að samtali í viðeigandi fyrirtæki.
4. skref – Íslenskuþorpið: Nemendur halda nú aftur í Íslenskuþorpið og eiga að þessu sinni samskipti á íslensku við starfsfólkið; þeir kaupa t.d. brauð í bakaríinu, panta sér kaffi eða köku á kaffihúsinu eða fá lánaðar bækur á bókasafninu. Á sumum námskeiðanna var gert samkomulag við nemendur og starfsfólk um hljóðupptökur á staðnum og í þeim tilvikum fóru þær fram á þessu stigi.
5. skref – heimavinna: Eftir heimsóknina í Íslenskuþorpið vinna nemarnir úr reynslu sinni og skrá í námsbókina lýsingu á samskiptunum, hvaða frasar voru notaðir, hvað þeir fengu lánað, hvað þeir keyptu og hvað það kostaði, hvaða ný orð eða frasa þeir

lærðu o.s.frv. Nemarnir nýta sér jafnframt margvíslega hjálparmiðla og orðabækur í þessari vinnu. Í þeim tilvikum sem samtal var tekið upp eiga þeir að hlusta á upptökuna og skrá samtalið niður. Tvennt má nefna hér sem er einnig hluti af þeirri heimavinnu sem tengist Íslenskuþorpinu og námsefni þess. Annars vegar er það „dagbók“ en nemarnir skrifa reglulega í hana og tjá sig þannig um það sem á daga þeirra drífur í þorpinu eða á námskeiðinu. Hins vegar er í námsefninu sjálfsmatþáttur sem kallast „íslenskan mín“ en þar er gert ráð fyrir því að málmenarnir íhugi og verði meðvitaðir um málkunnáttu sína og þróun hennar. Verkefni nemenda er þá að velta fyrir sér hvað þeir hafa lært nú þegar og lýsa því með eigin orðum. Auk þess setja þeir sér sífellt ný markmið um næstu skref og þarfir á ýmsum sviðum málnotkunarinnar.

6. skref – kennslustofa: Í þessu síðasta skrefi kemur hópurinn saman til að vinna úr reynslu sinni í Íslenskuþorpinu og deila með öðrum. Þannig verður til mikilvægur grunnur af nýjum orðforða og samskiptafrösum, rætt er um jákvæða og neikvæða reynslu og greitt er úr vafaatriðum og spurningum sem hafa vaknað í Íslenskuþorpinu. Í þeim tilvikum sem samtölin voru tekin upp í þorpinu skapast tækifæri til að hlusta á upptökurnar og vinna nánar með samskiptin þar. Nemendur æfa hér samtölin úr Íslenskuþorpinu aftur í hópum, glöggva sig betur á framburðaratriðum o.fl.

Við gerð námsefnis Íslenskuþorpsins voru farnar ótroðnar slóðir en eins og sjá má var meginhugmyndin sú að nemendur sköpuðu námsefnið sjálfir með eigin vinnu, fyrir og eftir heimsóknirnar í Íslenskuþorpið. Nemarnir áttu þannig að hafa frjálsar hendur og móta það að hluta eftir eigin áhugasviði og reynslu af samskiptum í þorpinu.

Í allri umfjöllun hér um hlutdeild Íslenskuþorpsins í málanáminu er þar með vísað til heildarnámsumhverfisins og þeirrar forþjálfunar og úrvinnslu sem íslenskunemarnir inna af hendi. Kennslufræðilegt ferli að baki Íslenskuþorpinu er þannig órjúfanlegur hluti af heildarhugmyndinni.

4.4 Námskeið með hlutdeild Íslenskuþorpsins

Á tilraunatímabilinu hefur Íslenskuþorpið verið kjarni mismunandi námskeiða fyrir nema á fyrstu stigum íslenskunáms við Háskóla Íslands. Þannig var einn liður í útfærslu verkefnisins að móta og útfæra íslenskunámskeið fyrir mismunandi hópa þar sem Íslenskuþorpið er meginhluti námsumhverfisins.

- (1) Íslenskuþorpið hefur nú verið nýtt á eftirfarandi fimm íslensku-námskeiðum við háskólann:
 - a. Nordkurs-námskeiði³ 1 fyrir skandinavíska nema á fjögurra vikna byrjendanámskeiði sumarið 2012
 - b. Nordkurs-námskeiði 2 fyrir skandinavíska nema á fjögurra vikna námskeiði sumarið 2012, en þeir höfðu einhverja forþekkingu í íslensku
 - c. Minneapolis-námskeiði⁴ fyrir bandaríska nema á sex vikna byrjendanámskeiði sumarið 2012; þrjár vikur í Minneapolis og þrjár vikur á Íslandi
 - d. Alþjóðlegu íslenskunámskeiði⁵ fyrir nemendur af ýmsum þjóðernum, fjögurra vikna byrjendanámskeiði sumarið 2012
 - e. Námskeiði í Hagnýtri íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands: Framburði og tali 1, 12 vikna byrjendanámskeiði haustið 2012 og aftur vorið 2013. Hluti nemenda var erlendir skiptinemar, aðrir búsettir hér til lengri eða skemmri tíma.

Öll námskeiðin sem nefnd eru í (1) hér að ofan eru metin til 10 eininga og var þátttaka í Íslenskuþorpinu stór hluti af námsmati. Heildarfjöldi á námskeiðum Íslenskuþorpsins á tilraunatímabilinu var 192 nemendur. Viðhorfस्कannanir voru lagðar fyrir málmenana í lok námskeiðanna, fjallað verður um niðurstöðurnar í 5. kafla.

3 Nordkurs-námskeiðin eru sumarnámskeið á vegum Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ætluð háskólanemum í norrænum fræðum sem stunda nám á Norðurlöndum.

4 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Háskólinn í Minnesota standa fyrir sumarnámskeiðum í íslensku nútímamáli fyrir nemendur í Norður-Ameríku.

5 Alþjóðlegu sumarnámskeiðin við Háskóla Íslands eru á vegum Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

4.5 Öflun rannsóknargagna í Íslenskuþorpinu

Á tilraunatímabili Íslenskuþorpsins hefur söfnun rannsóknargagna verið hluti af útfærslu hugmyndarinnar og hafa hljóðupptökur því verið mikilvægur liður á þessu stigi. Tilgangurinn með hljóðupptökum er tvíþættur: annars vegar að safna samtölum málnemanna og starfsfólks í gagnabanka⁶ til rannsókna á máltileinkun í daglegu lífi og hins vegar hafa hljóðupptökurnar kennslufræðilegt gildi á þann hátt að málnemarnir nýta þær til að hlusta á samskiptin í Íslenskuþorpinu þegar heim er komið, skrá niður samtölin og nýjan orðaforða, huga að framburði og fleiru sem styrkir þá í tileinkunarferlinu. Hljóðupptökurnar gagnast ekki síður í kennslustundum með kennara þegar vafaatriði eða óvissa í samskiptunum hefur komið upp og nemendur deila jafnframt upptökum sínum hver með öðrum. Dýrmætum rannsóknargögnum hefur á þennan hátt verið safnað á tilraunatímabili Íslenskuþorpsins um samskiptin í þorpinu sem munu nýtast til frekari þróunar á þorpinu og til rannsókna á tileinkunarferli íslensku sem annars máls og annarra mála.

5. Hvað finnst notendum Íslenskuþorpsins?

Í lok námskeiðanna sem rætt var um í (1) voru lagðar fyrir kannanir til að leita eftir viðhorfi málnemanna til Íslenskuþorpsins og gildis þess við máltileinkunina. Einnig var kallað eftir sjónarmiðum sem nýst gætu við frekari þróun Íslenskuþorpsins, kennsluhátta og kennsluefnis.

5.1 Hvað var kannað?

Viðhorfskannanirnar voru mjög ítarlegar og tóku til fjölmargra þátta sem tengjast Íslenskuþorpinu, eins og sýnt er í (2) hér á eftir. Kannanirnar hafa mikið gildi fyrir frekari þróun og útfærslu verkefnisins. Ekki er síður mikilvægt að fá upplýsingar frá málmunum um það hvort Íslenskuþorpið skili ætluðu hlutverki sínu að veita íslenskunumum tækifæri til að þjálfra málnotkun, auka skilning á

6 Gagnabankinn heitir Talkbank.org.

töluðu máli og tryggja þeim aðstæður til að nota íslensku í samskiptum daglegs lífs. Hluti spurninganna í könnununum gaf kost á ákveðnum svarmöguleikum⁷ en í öðrum tilvikum voru málnemarnir hvattir til að lýsa í lengra máli álitinu sínu á tilteknum þáttum Íslenskuþorpsins.⁸

(2) Leitað var eftir álitu málnemanna á eftirfarandi þáttum:⁹

- a. Fyrirtækin og samskipti þar: Höfðu málnemarnir jákvæða eða neikvæða reynslu af samskiptum sínum í þeim fyrirtækjum sem voru hluti af Íslenskuþorpinu?¹⁰
- b. Námsfnið: Spurt var um álit nemenda á mismunandi þáttum námsfnið Íslenskuþorpsins, uppbyggingu og framsetningu efnisins.
- c. Kennslufræðileg uppbygging: Kallað var eftir skoðunum málnemanna á kennslufræðilegri uppbyggingu að baki Íslenskuþorpinu og kennsluháttum í námskeiðunum.
- d. Uppbygging færniþátta: Nemarnir voru beðnir um að lýsa gildi Íslenskuþorpsins við að byggja upp og þjálfa tiltekna færniþætti í íslensku.
- e. Helstu kostir: Óskað var eftir mati málnemanna á því sem þeir teldu helstu kosti Íslenskuþorpsins við máltileinkunina.

Mikill meirihluti nemanna í námskeiðum Íslenskuþorpsins á tilraunatímabilinu tók þátt í könnunum, sem er mikilvægt með endurbætur og frekari þróun verkefnisins í huga.

Umfjöllunin í þessari grein beinist einkum að gildi Íslenskuþorpsins í tileinkunarferli íslensku og verður umræðan hér um viðhorf skannanirnar því afmörkuð við niðurstöður sem snúa að uppbyggingu færniþátta og helstu kostum Íslenskuþorpsins, þ.e. (2) d-e hér á undan. Hvað atriðin í (2) a-c varðar má segja í stuttu máli

7 Nefna má sem dæmi: *Var reynsla þín af samskiptum í Íslenskuþorpinu: a) jákvæð, b) neikvæð?*

8 Nefna má sem dæmi: *Vinsamlegast skráðu hugmyndir eða tillögur að því hvernig mætti bæta Íslenskuþorpið.*

9 Sjá nánar sýnishorn spurninga í könnunum hjá Edvardasi Paškevičius (2013).

10 Einnig var spurt um reynslu þátttakenda í fyrirtæki að eigin vali utan Íslenskuþorpsins, sjá kafla 5.4 og 5.4.1.

að yfirgnæfandi meirihluti þátttakenda hafði jákvæða reynslu af samskiptunum í fyrirtækjum og stofnunum Íslenskuþorpsins og það sama má segja um kennslufræðilega uppbyggingu að baki Íslenskuþorpinu og kennsluhætti í námskeiðunum. Á hinn bóginn var viðhorf nemanna til námsefnis og námsefnisgerðar Íslenskuþorpsins ekki jafnjákvætt. Hluti nemenda virtist ekki sjá kosti þess að hafa sjálfir jafnmótandi áhrif á námsefnið og lagt var upp með (sbr. umræða í kafla 4.3), hluti þeirra saknaði meira ílags í námsefninu, taldi það of dýrt miðað við innihald og fannst skipulagi námsþátta ábótavant. Því verður að segjast að námsefnishluti Íslenskuþorpsins hefur tekist síst í heildarþróun verkefnisins og krefst nánari þróunarvinnu. Þegar farið var af stað í útfærslu Íslenskuþorpsins reyndist námsefnið einmitt hvað torveldast í teymisvinnunni. Mæta þurfti ólíkum þörfum nemendahópanna á mislöngum námskeiðum, einn hópurinn hafði einhverja forkunn-áttu í íslensku en hinir ekki, nokkuð breytilegt var hvaða fyrirtæki tilheyrðu Íslenskuþorpinu á hverjum tíma auk fleiri þátta. Námsefni Íslenskuþorpsins var hins vegar í stöðugri þróun eftir reynslu hvers námskeiðs og er þeirri þróunarvinnu hvergi nærri lokið.

En þá er komið að því að skoða mat nemenda á því hvort Íslenskuþorpið sé gagnlegt við að byggja upp mikilvæga færniþætti í íslensku.

5.2 Íslenskuþorpið og uppbygging færniþátta

Þjálfun og notkun íslensku sem annars máls í samskiptum er aðalatriðið í Íslenskuþorpinu. Málnemarnir hljóta margvíslegan hagnýtan undirbúning í kennslustofu þar sem samskipti eru æfð og færniþættir málsins¹¹ eru byggðir upp. Ein af spurningunum sem lagðar voru fyrir í viðhorfskönnununum á tilraunatímabilinu var:

- (3) Er Íslenskuþorpið gagnlegt við að byggja upp færni í íslensku í eftirfarandi þáttum:

11 Í umræðu hér um færniþætti tungumáls er vikið frá þrengri hugtakanotkun um ritun, lestur, hlustun og tal. Gengið er út frá því að uppbygging færniþátta og kennsla þeirra taki til fleiri þátta og að t.d. sjálfstraust til að nota markmálið sé eitt af því sem samþætting í málánámi og -kennslu eigi að grundvallast á (Hedge 2000).

- a. orðaforða
- b. hlustunarskilning
- c. framburð
- d. skilning almennt
- e. tal
- f. sjálfsöryggi

Í þessum hluta könnunarinnar voru ákveðnir svarmöguleikar gefnir fyrirfram þar sem kallað var eftir því hvort nemarnir teldu Íslenskuþorpið annars vegar *mjög* eða *frekar gagnlegt* til að byggja upp nefnda færniþætti í íslensku og hins vegar hvort þeir teldu það *ekki* eða *alls ekki gagnlegt*. Í töflu 1 má sjá niðurstöður úr ofangreindum hluta kannananna, annars vegar er sýnt hlutfall þeirra sem álitu Íslenskuþorpið gagnlegt við tileinkunarferlið og hins vegar þeirra sem töldu svo ekki vera. Í töflunni er birt meðaltal úr niðurstöðum kannana meðal allra námskeiðshópanna m.t.t. mismunandi færniþátta, svarhlutfall var 87,5%.

Tafla 1. Meðaltal úr niðurstöðum kannana meðal allra námskeiðshópanna þegar spurt var hvort mál-nemarnir teldu Íslenskuþorpið gagnlegt til að byggja upp ákveðna færniþætti í íslensku.

Færni	Mjög/frekar gagnlegt	Frekar lítið/ekki gagnlegt
Tal	87,50%	12,50%
Sjálfsöryggi	84,70%	15,30%
Orðaforði	84,40%	15,60%
Hlustun	83,00%	17,00%
Skilningur almennt	80,10%	19,90%
Framburður	76,60%	23,40%

Eins og sjá má af töflunni í heild sinni telur mikill meirihluti mál-nemanna Íslenskuþorpið hafa verið mjög eða frekar gagnlegt við að byggja upp mikilvæga færniþætti málsins. Tæp 88% þátttakenda að meðaltali telja að Íslenskuþorpið hafi verið gagnlegt við að byggja upp *talfærni* og tæplega 85% að jafnaði töldu þjálfunina í Íslenskuþorpinu og samskiptin þar jafnframt vel til þess fallin að auka *sjálfstraust* við að nota málið. Svipaða sögu má segja um

afstöðu málnemanna hvað varðar uppbyggingu *orðaforða* og þjálfun *hlustunarskilnings*, rúmlega 84% annars vegar og 83% hins vegar álitu Íslenskuþorpið koma að gagni við að byggja upp þessa þætti. Rúm 80% þátttakenda að jafnaði töldu Íslenskuþorpið hafa jákvætt gildi við að byggja upp *skilning* almennt í málinu og notkun þess í samskiptum. Loks töldu tæplega 77% að meðaltali þorpið gagnlegt til að þjálfra *framburð* málsins. Niðurstöðurnar sem hér hafa komið fram verða að teljast mjög jákvæður vitnisburður um gildi Íslenskuþorpsins við tileinkun málsins.

Næst verður litið á niðurstöður kannananna með tilliti til þess hvort þjálfunin í Íslenskuþorpinu hafi nýst öllum hópum jafnvel. Eins og áður var nefnt voru sumir nemanna byrjendur í íslensku en aðrir höfðu grunnkunnáttu í málinu þegar haldið var í Íslenskuþorpið. Í töflu 2 eru sýndar niðurstöður úr könnunum allra námskeiðshópa á tilraunatímabili Íslenskuþorpsins og þá m.t.t. þeirra sem höfðu jákvæða afstöðu til þorpsins, þ.e. töldu það mjög eða frekar gagnlegt við að byggja upp nefnda færniþætti í íslensku:

Tafla 2. Hlutfall þeirra sem telja Íslenskuþorpið mjög eða frekar gagnlegt til að byggja upp ákveðna færniþætti í íslensku m.t.t. til allra námskeiðshópa á tilraunatímabili Íslenskuþorpsins.

	Nordkurs 1	Nordkurs 2	Minneapolis	Alþjóðlegt	Hagnýt '12	Hagnýt '13
Tal	94,70%	69,20%	100,00%	100,00%	85,00%	76,50%
Sjálfsöryggi	94,70%	61,50%	100,00%	87,50%	85,00%	79,40%
Orðaforði	89,50%	61,50%	92,80%	93,80%	92,50%	76,50%
Hlustun	89,50%	69,20%	92,80%	87,50%	82,50%	76,50%
Skilningur almennt	84,20%	53,80%	100,00%	81,30%	87,50%	73,50%
Framburður	84,20%	38,40%	100,00%	87,50%	70,00%	79,40%

Ef litið er á niðurstöður kannananna úr námskeiðunum sex þar sem stuðst var við Íslenskuþorpið á tilraunatímabilinu má sjá í töflunni að einn hópurinn sker sig nokkuð úr þegar á heildina er litið, þ.e. nemarnir í Nordkurs-námskeiði 2. Hlutfall þeirra sem telja Íslenskuþorpið hafa verið mjög eða frekar gagnlegt við máltileinkunina er nokkuð lægra hvað alla færniþættina varðar en kemur fram hjá hinum námskeiðshópunum. Þessi niðurstaða gefur tilefni til vangaveltna um það hvort Íslenskuþorpið gagnist betur ákveðnum

nemendahópum umfram aðra en eins og áður hefur komið fram höfðu nemarnir á Nordkurs-námskeiði 2 einhverja forþekkingu í íslensku áður en þeir komu á námskeiðið og teljast því ekki algerir byrjendur í íslensku. Niðurstöður sem þessar eru gagnlegar með frekari þróun Íslenskuþorpsins og kennslufnis þess í huga en ekkert er því til fyrirstöðu að laga verkefnið í heild sinni að mismunandi færnistigi, þörfum og áhugasviðum málnefna í íslensku sem öðru máli.

5.3 Helstu kostir Íslenskuþorpsins

Málnemarnir voru beðnir að lýsa helstu kostum Íslenskuþorpsins með sínum eigin orðum. Hér verða dregin saman helstu atriði sem nemarnir í öllum námskeiðunum nefndu og tilgreind verða nokkur ummæli sem fram komu til að varpa skýrara ljósi á viðhorf þeirra. Í (4) a–f hafa verið dregnir saman veigumestu þættirnir sem birtust í svörum þeirra:

(4) Hverjir eru helstu kostir Íslenskuþorpsins við tileinkun íslensku?

a. Tækifæri og hvatning til að tala íslensku

Málnemarnir telja Íslenskuþorpið veita ómetanlegt tækifæri til að tala íslensku og fela í sér hvata og hvatningu til að nota nýja málið. Þeir séu beinlínis krafðir um þátttöku og að tala íslensku í samskiptum við Íslendinga. Hér má sjá dæmi um ummæli nemanna (þýdd á íslensku) í könnununum varðandi þennan þátt:

- *Íslenskuþorpið veitir tækifæri til að tala við (þolinmóða) Íslendinga á íslensku.*
- *Maður þarf að stökkva út úr kennslustofunni og **tala**, láta bara vaða!*
- *Okkur var ýtt út í að tala íslensku – áður en við vissum að við gætum það!*
- *Ég á að **tala íslensku** allan tímann, það er engin undankomu-leið.*
- *Ég þurfti að taka skrefið og lærði mikið af því.*

b. Tryggir notkun íslensku

Samningur við fyrirtæki Íslenskuþorpsins felur í sér að starfsfólkið talar eingöngu íslensku við málmennta sem koma í þorpið og það er meðvitað um að þessir viðskiptavinir gætu þurft lengri tíma en aðrir. Málmenntarnir þurfa því ekki að berjast fyrir því að fá að tala íslensku eða bera ábyrgð á því að íslenska sé töluð. Þeir nefndu þennan kost Íslenskuþorpsins gjarnan í könnununum:

- *Þú þarft ekki að berjast fyrir því að tala íslensku – það er sameiginleg ákvörðun í þorpinu.*
- *Ég var búinn að reyna að tala íslensku í heila viku í búðum áður en ég fór í Íslenskuþorpið, það gekk ekki vel því allir svöruðu mér á ensku.*
- *Sú staðreynd að afgangslúfólki í Íslenskuþorpinu skipti ekki yfir í ensku í samskiptum okkar var stærsti kosturinn við þorpið.*
- *Skilningsríkt starfsfólk veit að ég er að læra íslensku og gefur mér því tíma.*

c. Byggir upp sjálfstraust

Íslenskuþorpið leiðir til þess að málmenntarnir ná að byggja upp sjálfstraust til að tjá sig og nota málið í samskiptum. Í ummælum mikils meirihluta þátttakenda í könnununum kom þessi mikilvægi kostur skýrt fram:

- *Samskiptin í Íslenskuþorpinu efla sjálfstraustið verulega.*
- *Þorpið minnkar ótta við að tala íslensku.*
- *Íslenskuþorpið gaf mér auknið sjálfstraust til að nota íslensku annars staðar.*
- *Við byrjum klárlega fyrr að tala íslensku.*

d. Staðfesting á íslenskukunnáttunni

Eitt af því sem margir málmennta nefndu í könnununum var að samskiptin í Íslenskuþorpinu hefðu sýnt þeim fram á að þeir kynnu og skildu meira en þeir hefðu gert sér grein fyrir. Hér má sjá nokkur dæmi um ummæli þeirra:

- *Ég sé að ég skil aðra og aðrir skilja mig – það var góð uppgötvun!*
- *Ég áttaði mig á því að ég hafði lært alla helstu samskiptafrasana til að nota í viðskiptunum í Íslenskuþorpinu.*
- *Það kom mér á óvart hvað ég gat í raun talað og skilið mikið í þorpinu.*

e. Hagnýtur orðaforði og málnotkunarfrasar

Fram kom hjá mörgum nemanna að með Íslenskuþorpinu, undirbúningi heima og í kennslustofu og samskiptum þar til-einkuðu þeir sér hagnýtan orðaforða sem gagnaðist þeim í margvíslegu samhengi. Einn tilgangurinn með Íslenskuþorpinu er einmitt sá að málnemarnir þjálfu daglegt mál og geti beitt því við raunverulegar aðstæður úti í samfélaginu. Hér má sjá nokkur dæmi um lýsingar nemanna í könnununum:

- *Við lærum hagnýtan orðaforða daglegs lífs og mikilvægan tján-ingarmáta.*
- *Í Íslenskuþorpinu lærði ég fljótt að bjarga mér á íslensku. Þar fékk ég mjög hagnýta æfingu sem hjálpaði mér við að byrja að tala svona snemma í ferlinu.*
- *Ég var búinn að læra samskiptafrasana og vissi fyrirfram hvaða svörum ég átti von á í Íslenskuþorpinu.*

f. Aðgangur að íslensku samfélagi

Fjöldi málnefna nefndi einn þátt til viðbótar í könnununum sem segja má að sé e.k. viðbótarkostur Íslenskuþorpsins. Þannig kom fram í máli þeirra að með hlutdeild Íslenskuþorpsins hafi þeir fengið aðgang að íslensku samfélagi sem þeir hefðu annars farið á mis við. Ummæli nemenda skýra nánar hvað hér er átt við:

- *Maður er sendur út til að tala við Íslendinga; frábært tækifæri til að nálgast þá.*
- *Við fáum reynslu sem nýtist úti í samfélaginu.*
- *Þorpið veitir tækifæri til að kynnast íslenskri menningu. Maður er „rekinn“ á bókasafnið, á kaffihús, í sund – þetta hefði ég aldrei gert án Íslenskuþorpsins.*
- *Ég er skiptinemi og umgengst því bara aðra útlendinga. Ef ég hefði ekki haft Íslenskuþorpið hefði ég ekki talað við heimamenn eða kynnst menningunni á sama hátt.*

Ljóst er af þeim ummælum nemenda sem rædd hafa verið í þessum kafla að tækifærin sem hafa verið sköpuð með Íslenskuþorpinu eru margháttuð og gildi þess ótvírætt fyrir málnefna í íslensku.

5.4 Gagnast þjálfunin í Íslenskuþorpinu í samfélaginu?

Íslenskuþorpinu má lýsa sem stuðningsvænu æfingaumhverfi fyrir málnefna í íslensku þar sem aðstæður og starfsfólk veita mikilvæga umgjörð og aðstoð við máltileinkunina. Endanlegt takmark með þjálfun nemanna er að gera þá færa um samskipti á íslensku og þátttöku í samfélaginu þar sem reynir á málkunnáttu og sjálfstraust nemans.

Gerð var tilraun í tveimur 12 vikna námskeiðum (nefnd hópur 1 og 2 í töflu 3) sem kalla má prófstein á raunfærni í nýja málinu. Tilraunin fólst í því að láta málnefna fara einu skrefi lengra en gert hafði verið í hinum námskeiðunum og spreyta sig í samfélaginu utan Íslenskuþorpsins (sjá mynd 2). Eftir þjálfun í kennslustofu og heimsóknir í mismunandi fyrirtæki innan Íslenskuþorpsins í fimm vikur voru þeir látnir velja sér „mitt fyrirtæki“ utan Íslenskuþorpsins til að fara og sinna þar erindum sínum á íslensku – og nýta sér þannig æfinguna í Íslenskuþorpinu úti í samfélaginu. Val þeirra á „mínu fyrirtæki“ var fjölbreytilegt, flestir völdu fyrirtæki eða stofnun í nærumhverfi sínu þar sem þeim fannst mikilvægt að geta tjáð sig á íslensku. Sumir kusu að fara í matvörubúð, aðrir völdu leikskóla barna sinna, enn aðrir bensínstöð, bar, skyndibitastað eða íþróttafélag til að láta reyna á íslenskukunnáttu sína og þess voru jafnvel dæmi að nemendur veldu banka sem sitt fyrirtæki til að kynna sér sparnaðar- og ávöxtunarleiðir og nýta um leið málkunnáttuna. Val nemanna á fyrirtækjum utan Íslenskuþorpsins bar í raun vott um óbilandi sjálfstraust þeirra til að nota nýja málið í samskiptum við Íslendinga. Öll samskipti í „mínu fyrirtæki“ lutu sömu kennslufræðilegu lögmálunum og í fyrirtækjum innan Íslenskuþorpsins þar sem undirbúningur fór fram í kennslustofu með hjálp kennara og nemendur fóru í tvígang á vettvang þar sem þeir fylgdu sömu sex skrefunum og rædd voru í kafla 4.3.

Í viðhorfskönnunum í lok námskeiðanna var spurt sérstaklega um heimsóknir þátttakenda í „mitt fyrirtæki“. Annars vegar var leitað eftir því hvort reynsla þeirra í fyrirtæki að eigin vali utan þorpsins hafi verið jákvæð eða neikvæð og hins vegar var spurt um það að hvaða leyti þjálfun í Íslenskuþorpinu hafi búið þá undir að-

stæður daglegs lífs utan þorpsins. Í töflu 3 að neðan má sjá niðurstöður viðhorfskannananna þegar spurt var um reynslu þeirra í fyrirtækjum innan Íslenskuþorpsins (kaffihús, bakarí, bókabúð, bókasafn, sundlaug) og til samanburðar mat þeirra á reynslunni í fyrirtæki utan þorpsins („mitt fyrirtæki“). Eins og fram kemur í töflunni fór annar hópurinn í fjögur fyrirtæki innan Íslenskuþorpsins en hinn í þrjú áður en þeir fóru í fyrirtæki að eigin vali (eyður í töflu þýða að viðkomandi námskeiðshópur fór ekki í nefnt fyrirtæki Íslenskuþorpsins). Spurningin í könnuninni var þá þessi:

(5) Var reynsla þín af samskiptum í þessum fyrirtækjum jákvæð eða neikvæð?

Tafla 3: Hlutfall þeirra sem höfðu mjög eða frekar jákvæða reynslu í fyrirtækjum Íslenskuþorpsins og til samanburðar hlutfall þeirra sem höfðu mjög eða frekar jákvæða reynslu í fyrirtæki að eigin vali utan Íslenskuþorpsins („mitt fyrirtæki“).

Vettvangsheimsóknir	Hópur 1. Jákvæð reynsla	Hópur 2. Jákvæð reynsla
Íslenskuþorpið: Kaffihús	100,00%	94,10%
Íslenskuþorpið: Bakarí	87,50%	
Íslenskuþorpið: Bókabúð		91,20%
Íslenskuþorpið: Bókasafn	87,50%	76,47%
Íslenskuþorpið: Sundlaug	72,50%	
Raunveruleikinn: „Mitt fyrirtæki“	95,00%	91,20%

Þegar taflan er skoðuð má sjá að málnemarnir stóðust „raunveruleikaprófið“ með prýði, en yfirgnæfandi meirihluti þátttakenda hafði jákvæða reynslu af heimsókninni í „mitt fyrirtæki“ eins og má sjá í neðstu línu töflunnar. Þegar mat þeirra á reynslu af heimsóknunum í fyrirtæki innan Íslenskuþorpsins er skoðað til samanburðar er ljóst að reynsla þeirra af samskiptum í fyrirtækjum utan þorpsins er afar góð og síst verri en í fyrirtækjum innan Íslenskuþorpsins. Af þessum niðurstöðum má draga þá ályktun að undirbúningur og þjálfun í Íslenskuþorpinu hafi styrkt nemana í tileinkunarferlinu og gert þá færa um að beita málinu við nýjar aðstæður daglegs lífs úti í samfélaginu.

5.4.1 Hvernig nýttist undirbúningur í Íslenskuþorpinu í raunveruleikanum?

Til að grafast nánar fyrir um það hvernig undirbúningur í Íslenskuþorpinu nýttist málnefnum í fyrirtækjum og stofnunum utan þorpsins voru þeir beðnir um að meta þennan þátt í viðhorfsskönnunum. Í (6) a–c hafa verið dregnir saman helstu þættirnir sem birtust í svörum þeirra við spurningunni:

(6) Hvernig nýttist þjálfunin í Íslenskuþorpinu þér í samskiptum í „þínu fyrirtæki“?

a. Sjálfstraustið var komið

Málnefarnir leggja mikla áherslu á það að þjálfunin í Íslenskuþorpinu hafi veitt þeim nauðsynlegt sjálfstraust til að nota málið úti í samfélaginu. Þannig hefur þjálfunin og reynslan í Íslenskuþorpinu styrkt þá í trúnni á eigin getu til að eiga samskipti við Íslendinga á íslensku í aðstæðum daglegs lífs utan þorpsins. Hér má sjá nokkur dæmi um ummæli þeirra:

- *Þjálfunin í Íslenskuþorpinu gaf mér hiklaust aukið sjálfstraust til að nota íslensku í „mínu fyrirtæki“.*
- *Ég var ekki lengur hræddur við að tala við Íslendinga annars staðar.*
- *Ég hefði aldrei þorað að fara út í bæ og tala íslensku ef ekki hefði verið fyrir Íslenskuþorpið.*
- *Þægindabringur minn stækkaði í Íslenskuþorpinu og sjálfstraustið nýttist mér utan þorpsins.*
- *Ég fékk sjálfstraust til að fara á nýja staði og tala íslensku.*

b. Kunnátta sem nýttist úti í samfélaginu

Af ummælum nemanna má ráða að þjálfunin í Íslenskuþorpinu hafi verið hagnýt og reynst þeim notadryg í daglegu lífi utan þess. Mörgum kom jafnframt á óvart hvað þeir höfðu í raun lært mikla íslensku í þorpinu á skömmum tíma:

- *Það kom mér mjög á óvart hvað ég kunni í raun mikla íslensku, hvað ég skildi mikið þegar ég talaði við starfsfólkið í „mínu fyrirtæki“ og hvað ég skildist vel.*

- *Ég sá í „mínu fyrirtæki“ að ég kunni meiri íslensku en ég átti von á.*
- *Í Íslenskuþorpinu fékk ég mjög góða upphitun til að fara út í samfélagið og tjá mig á íslensku.*

c. Nauðsynlegur orðaforði og samskiptafrasar

Þegar út í raunveruleikann er komið finnst málmennum þeir hafa lært nauðsynlegan grunnorðaforða og samskiptafrasa til að nota í samskiptum við Íslendinga utan þorpsins:

- *Ég byggði upp orðaforða í Íslenskuþorpinu og lærði tjáningarmátann til að nota í raunveruleikanum.*
- *Ég lærði helstu samskiptafrasana í þorpinu sem nýttust mér annars staðar.*
- *Ég lærði hvernig maður á kurteisleg samskipti og hvaða frasa á að nota.*

Af því sem nú hefur komið fram í kafla 5.4 má sjá að nemarnir finna til öryggis við notkun nýja málsins og virðast færir í flestan sjó við alls konar aðstæður í málсамfélaginu. Það er því ljóst að Íslenskuþorpið veitir íslenskunemum mikilvæga þjálfun sem gagnast þeim í samskiptum við Íslendinga úti í samfélaginu og styður við máltil-einkunina.

6. Umræða og lokaorð

Hér hefur verið rætt um tilraunatímabil Íslenskuþorpsins, fræðilegar forsendur þess og hvernig það hefur reynst nemum með íslensku sem annað mál við Háskóla Íslands. Fjallað hefur verið um mikilvægi þess að málmenar byrji sem fyrst að nota markmálið utan kennslustofunnar en vitað er að málnotkun er forsenda máltileinkunar. Hlutverk Íslenskuþorpsins er einmitt það að tryggja íslenskunemum aðstæður til að taka þátt í samskiptum á íslensku utan kennslustofunnar í upphafi íslenskunámsins.

Íslenskuþorpið: Leið til þátttöku í daglegum samskiptum á íslensku er nýstárlegt tilraunaverkefni þar sem nemendum í íslensku sem öðru

máli við Háskóla Íslands er boðið upp á námsumhverfi sem tengir nám í kennslustofunni við lífið utan hennar. Nemendur byrja fyrr að tala íslensku utan kennslustofunnar en áður var sem hjálpar þeim í íslenskunáminu. Þetta hefur margvísleg jákvæð áhrif á nemana sem eflast við að geta frá byrjun íslenskunámsins sinnt daglegum erindum sínum á íslensku, þannig eykst sjálfstraustið og nemarnir reyna að tala íslensku víðar en í þorpinu.

Þjálfun með hlutdeild Íslenskuþorpsins miðar að því að mál-nemar tileinki sér íslensku, noti hana í samskiptum og öðlist færni til þátttöku á íslensku í íslensku samfélagi. Viðhorfskannanir sem voru lagðar fyrir nemendahópa tilraunatímabilsins þar sem Íslenskuþorpið myndaði kjarna námskeiðanna sýna ótvírætt að Íslenskuþorpið hefur sannað gildi sitt og veitt málnemunum mikilvægt tækifæri í máltileinkunarferlinu. Eitt af því sem kom fram í niðurstöðum kannananna var það að þorpið væri gagnlegt til að byggja upp og þjálfa mikilvæga færniþætti málsins og að með því fengju málnemarnir tækifæri og hvata til að nota markmálið meðal heima-manna þar sem notkun íslensku er tryggð. Jafnframt töldu nemarnir Íslenskuþorpið hafa mikið gildi við að byggja upp sjálfstraust þeirra til að nota málið og að þorpið opnaði þeim greiða leið að menningu samfélagsins.

Reynslan sem nú er fengin sýnir skýrt að með Íslenskuþorpinu skapaðist mikilvægur kjarni og einbeitt sýn í námi og kennslu íslensku sem annars máls. Allir sem tóku þátt í verkefninu: nemendur, kennarar, starfsfólk í fyrirtækjum Íslenskuþorpsins, hönnuðir og rannsakendur í verkefninu sameinuðust um að ná því takmarki að auka færni málnemanna í samskiptum á íslensku. Íslenskuþorpið markar því tvímælalaust tímamót í rannsóknum, kennslu og tileinkun íslensku sem annars máls og annarra tungumála.

ÚTDRÁTTUR

Íslenskuþorpið:

Leið til þátttöku í daglegum samskiptum á íslensku

Miklu máli skiptir fyrir þá sem eru að læra annað mál að taka þátt í raunverulegum samskiptum utan kennslustofunnar. Nýjustu rannsóknir sýna að þar felast miklir möguleikar á máltileinkun og kallað hefur verið eftir því að vinna í kennslustofu taki í ríkari mæli mið af þeim daglega veruleika sem málneymar lifa og hrærast í.

Þeir sem læra íslensku sem annað mál við Háskóla Íslands hafa rekið sig á að erfitt reynist að fá að tala íslensku við Íslendinga í daglegu lífi, það er þá á ábyrgð málnemanna að markmálið sé notað í daglegum samskiptum. Tilraunaverkefnið Íslenskuþorpið tekur á þessu vandamáli en með því eru skapaðar aðstæður fyrir nema í íslensku sem öðru máli til að tala við Íslendinga á íslensku um leið og þeir sinna hversdagslegum erindum sínum.

Í Íslenskuþorpinu eru tiltekin fyrirtæki eða stofnanir, s.s. bakarí, kaffihús og bókasafn, og þangað fara málnemarnir úr kennslustofunni til að þjálfa málnotkun og eiga samskipti á íslensku. Starfsfólkið í fyrirtækjum þorpsins hefur skuldbundið sig til að tala eingöngu íslensku við málnemana. Reynsla er nú komin á þátttöku íslenskunema í Íslenskuþorpinu en boðið hefur verið upp á ýmis námskeið við Háskóla Íslands með hlutdeild þorpsins. Niðurstöður viðhorfskannana meðal málnemanna leiða í ljós að Íslenskuþorpið hefur mikið gildi fyrir þá í tileinkunarferlinu.

Lykilorð: Íslenska sem annað mál, annarsmálsfræði, samtalsgreining, Íslenskuþorpið, CA-SLA

ABSTRACT

The Icelandic Village: Participation in Everyday-Life Interaction in Icelandic

Participation in second language interaction outside the classroom is important in learning a second language. Recent research shows that language learning takes place in second language interaction. Classroom teaching needs to take into account the reality of students' lives outside the classroom.

The second language society has many opportunities for L2 interaction. Students at the University of Iceland have had trouble taking advantage of these opportunities and they have experienced the reluctance of some Icelanders to participate in interaction with beginners in Icelandic in everyday interaction. Icelanders tend to respond in English when they attempt to speak Icelandic. The L2 speaker is thus responsible for interaction taking place in the target language and may need special methods to gain the cooperation of the Icelanders. The pilot project "The Icelandic Village" deals with these issues as it provides a specially designed environment for the L2 learners to use and practice Icelandic at the same time as they go about their daily lives. The Icelandic Village has real businesses, such as a bakery, a café and a library. The staff in these businesses have agreed to speak only Icelandic to the L2 learners. The classroom teaching is based on the students' interaction in the Village.

L2 learners in the pilot project have participated in several surveys on their experience in learning a new language this way. These surveys show that the learners are very positive towards the Icelandic Village.

Keywords: L2 Icelandic, Second Language Acquisition, Conversation Analysis, The Icelandic Village, CA-SLA

HEIMILDIR

- Birna Arnbjörnsdóttir. 2006. „The HB Grandi Experiment: A Workplace Language Program.“ *Second Languages at Work* (bls. 37–65). Ritstj. Karen-Margrete Frederiksen, Karen Sonne Jakobsen, Michael Svendsen Pedersen og Karen Risager. IRIS Publications 1. Roskilde University.
- Brouwer, C. 2003. „Word Searches in NNS-NS Interaction: Opportunities for Language Learning?“ *Modern Language Journal* 87, bls. 534–545.
- Clark, B., og Lindemalm, K. (ritstj.). 2011. *Språkskap – Swedish as a Social Language. Ergonomidesign*. [Án útgáfustaðar], Folkeuniversitetet og Interactive Institute.
- Firth, A., og Wagner, J. 1997. „On Discourse, Communication and (Some) Fundamental Concepts in SLA Research.“ *Modern Language Journal* 81(3), bls. 285–300.
- Firth, A., og Wagner, J. 2007. „Second/Foreign Language Learning as Social Accomplishment: Elaborations on a reconceptualized SLA.“ *Modern Language Journal* 91 (a focus issue), bls. 800–819.
- Guðlaug S. Brynjólfssdóttir. 2011. *Íslenskuþorpið*. Óprentuð M. Paed.-ritgerð. Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Guðrún Theodórsdóttir. 2010. *Conversations in Second Language Icelandic: Language Learning in Real-Life Environments*. Óprentuð Ph.D.-ritgerð. Syddansk Universitet, Óðinsvém.
- Guðrún Theodórsdóttir. 2011a. „Language Learning Activities in Everyday Situations: Insisting on TCU Completion in Second Language Talk.“ *L2 Learning as a Social Practice: Conversation-Analytic Perspectives* (bls. 185–208). Ritstj. G. Palotti og J. Wagner. Honolulu: National Foreign Language Resource Center.
- Guðrún Theodórsdóttir. 2011b. „Second Language Interaction for Business and Learning.“ *L2 Interactional Competence and Development* (bls. 93–116). Ritstj. J. K. Hall, J. Hellermann og S. Pekarek Doehler. Bristol: Multilingual Matters.
- Hedge, T. 2000. *Teaching and Learning in the Language Classroom*. Oxford: Oxford University Press.
- Jefferson, G. 1984. „Notes on Some Orderlinesses of Overlap Onset.“ *Tilburg Papers in Language and Literature* 28, bls. 1–28.
- Kasper, G., og Wagner, J. 2011. „Conversation-Analytic Approach to Second Language Acquisition.“ *Alternative Approaches to Second Language Acquisition* (bls. 117–142). Ritstj. D. Atkinson. London: Routledge.
- Kurhila, S. 2004. „Clients or Language Learners-Being a Second Language Speaker in Institutional Interaction.“ *Second Language Conversation* (bls. 58–74). Ritstj. R. Gardner og J. Wagner. London: Continuum.
- Paškevičius, E. 2013. *Íslenskuþorpið og tileinkun íslensku sem annars máls*. Óprentuð BA-ritgerð. Háskóli Íslands, Reykjavík.

- Pekarek-Doehler, S. 2010. „Conceptual Changes and Methodological Challenges: on Language and Learning from a Conversation Analytic Perspective on SLA.“ *Conceptualising Learning in Applied Linguistics* (bls. 105–127). Ritstj. P. Seedhouse, S. Walsh og C. Jenks. Basingstoke: Palgrave Macmillan.
- Sacks, H., Schegloff, E., og Jefferson, G. 1974. „A Simplest Systematics for the Organization of Turn-taking for Conversation.“ *Language* 50(4), bls. 696–735.
- Schegloff, E. 1979. „The Relevance of Repair to Syntax-for-Conversation.“ *Syntax and Semantics: Discourse and Syntax*, vol. 12. (bls. 261–286). Ritstj. T. Givón. New York: Academic Press.
- Sidnell, J. 2010. *Conversation Analysis. An Introduction*. Oxford: Wiley-Blackwell.
- Stivers, T., og Robinson, J. D. 2006. „A Preference for Progressivity in Interaction.“ *Language in Society* 35, bls. 367–392.
- Wagner, J. 2004. „The Classroom and Beyond.“ *The Modern Language Journal* 88(4), bls. 612–616.
- Wagner, J. 2010. „Learning and Doing Learning in Interaction: What do Participants do in Everyday Out-of-School Second Language Talk?“ *Language Learning and Socialization through Conversations* (bls. 51–59). Ritstj. Y. Kyte og K. Ikeda. Osaka: Center for Human Activity Theory, Kansai University.

Fallatileinkun í íslensku sem öðru máli

1. Inngangur

Verkefni kennara sem ætlar að kenna útlendingum íslensku er margþætt. Eitt þeirra er að kenna málnefum málkerfi íslenskunnar hvort sem það er gert á beinan eða óbeinan hátt. Hver svo sem kennsluaðferðin er þarf kennarinn alltaf að velja þau málfræðiatríði sem hann ætlar að taka fyrir og ákvarða í hvaða röð hann gerir það. Máltileinkunarfræðingar hafa lengi veitt því athygli að tileinkun annars máls fylgir einhverri þróunarröð (sjá t.d. Ellis 1994: 73–119) og tungumálakennarar og námsbókahöfundar hafa áttað sig á því að minni og hugur málneuma (e. *language learner*) vinnur ekki eins og yfirlitsbækur yfir málkerfi. Í hefðbundinni kerfislýsingu úr handbókum er beygingakerfi íslenskunnar sett upp í heild sinni og allir beygingarflokkar kynntir, jafnt reglulegir sem óreglulegir flokkar og stórir sem smáir. Að sjálfsögðu er alltaf gagnlegt að læra um kerfi tungumáls en það er allt annað verkefni að tileinka sér tungumál; skilja það og beita því. Verkefni kennara og námsbókahöfunda felst í því að velja þau málfræðiatríði sem eru einföld og auðlærð í byrjun og bæta síðan við málfræðina smátt og smátt.¹

Kennslubók í málfræði eftir þær Ástu Svavarsdóttur og Margréti Jónsdóttur sem fyrst kom út í september 1988 markar tímamót í

1 Greinin er byggð á MA-ritgerð höfunda, sjá Maríu Önnu Garðarsdóttur og Sigríði Dagnýju Þorvaldsdóttur 2012.

málfræðikennslubókum í íslensku fyrir útlendinga. Fram að þeim tíma höfðu flestar kennslubækur í íslensku verið nokkurs konar handbækur fyrir málnefna þar sem allt kerfið lá undir, það reglulega var sett við hlið frávíkanna og gert jafnt undir höfði. Margrét og Ásta taka skýrt fram í inngangi að bókina sé ekki handbók heldur kennslubók handa byrjendum (Ásta Svavarsdóttir og Margrét Jónsdóttir 1998: v). Þær ákvarða tileinkunarröð málfræðiatríða út frá því sem er almennt og reglulegt í málinu og byggja á formdeildum fremur en orðflokum og beygingarflokkum eins og hefðbundnar málfræðibækur gera. Þær kynna t.d. formdeildina kyn í algengum og reglulegum beygingarflokkum nafnorða í stað þess að taka fyrir alla beygingarflokka og allt beygingardæmi þeirra. Í framhaldi af því kynna þær kyn í öðrum orðflokum, s.s. lýsingarorðum og töluorðum.

En er alveg víst að við vitum hvað málnefnum reynist einfalt og hvað flókið? Til að fá úr því skorið er nauðsynlegt að rannsaka tileinkun íslensku sem annars máls eða m.ö.o. það millimál (e. *inter-language*) sem málnefmar í íslensku nota frá upphafi máltileinkunar og greina þróunarröð málfræðitileinkunarinnar.

Í þessari grein verður sagt frá rannsókn okkar á tileinkun falla í íslensku sem öðru máli. Rannsókn af þessu tagi hefur bæði fræðilegt og hagnýtt gildi. Annars vegar má nýta niðurstöður hennar í almennt umræðu um föll í íslensku og hins vegar geta niðurstöðurnar auðveldað kennurum og námsbókahöfundum verkið.

Hér verður fyrst sagt frá úrvinnslukenningu (e. *Processability Theory*) Manfreds Pienemann og niðurstöðum rannsóknar á tileinkun falla í þýsku sem öðru máli. Þá verður sett fram tilgáta eða stigveldisspá um tileinkun falla í íslensku sem öðru máli á grundvelli kenningarinnar og að lokum rýnt í niðurstöður athugunar á tileinkun falla í íslensku. Niðurstöðurnar benda til þess að málnefmar tileinki sér svokallað formgerðarfall síðar en reglufall.

2. Úrvinnslukenning Pienemanns

Úrvinnslukenningin sem þýski málsálfræðingurinn Manfred Piene-
mann setti fyrst fram 1998 er upphaflega byggð á rannsóknum hans

á þýsku millimáli² en út frá þeim rannsóknnum setti hann fram kenningu um algilda tileinkunaröð málfræðinnar, jafnt beygingarleg sem setningarleg atriði (Pienemann 1998 og 2005; María Anna Garðarsdóttir og Sigríður Dagný Þorvaldsdóttir 2012). Í úrvinnslukenningunni er litið á máltileinkun sem hugrænt ferli og þar er leitast við að skýra hvernig málneymar ná valdi á þeim hugartækjum sem eru forsenda þess að þeir geti byggt upp málkerfi nýja málsins.

Í kenningunni setur Pienemann fram tileinkunarstigveldi í fimm stigum (Pienemann 1998: 73–89) og á hverju stigi er skýrð og afmörkuð hugræn geta málneymanna sem þörf er á til að vinna úr tilteknum málfræðiformgerðum. Þar sem sett er upp algilt tileinkunarstigveldi þarf kenningin að geta náð yfir öll tungumál og öll málfræðifyrirkæri (Pienemann 1998: 35 og víðar). Til að geta notað úrvinnslustigveldið á ólík tungumál og raðað mismunandi fyrirbærum ólíkra tungumála á úrvinnslustigin er nauðsynlegt að setja fyrst niður fyrir sér hvers eðlis setningarlegar og beygingarlegar aðgerðir tungumálsins eru (Pienemann 2007b: 148). Með þessu vill Pienemann leggja áherslu á að tiltekna formgerðir eins tungumáls virðast stundum eiga sér samsvörun í öðrum málum en þegar grannt er skoðað kemur í ljós að úrvinnslan að baki formgerðunum er ekki sú sama.

Samkvæmt kenningunni fara allir málneymar í gegnum öll stigin, óháð móðurmáli, og aldrei er hægt að sleppa einu stigi né fara í gegnum þau í annarri röð. Pienemann tekur fram að formleg kennsla hafi ekki áhrif á tileinkunarröðina (Pienemann 2007b: 152) en kennsla geti hugsanlega flýtt fyrir tileinkuninni. Ferlið er hins vegar alltaf hið sama.

Hér á eftir verður stigveldi Pienemanns lýst nánar. Fyrst verður vikið að þróunarröð beygingarlegra atriða og þar á eftir fjallað um þróunarröð setningarlegra atriða.

2 Pienemann fjallar ítarlega um tilviksrannsókn sína á málneymum Guy sem var nemandi við Háskólann í Sydney. Fylgst var með Guy í eitt ár þegar hann var að læra þýsku sem erlent mál (Pienemann 1998: 117–164).

2.1 Stigveldið og þróun beygingarlegra atriða

Á grundvelli hugmyndarinnar um þáttasamræmingu³ (e. *feature unification*; Pienemann 1998: 39–88; 2005: 3–11; 2007a: 687; 2007b: 137; Håkansson, Pienemann og Sayehli 2002) setur Pienemann upp stigveldi máltileinkunar í fimm stigum (Pienemann 1998: 78–88). Litið er á þáttasamræminguna sem sjálfstæða og sjálfvirka minnisaðgerð í huga málnemans (Pienemann 2005: 15) sem sér um að dreifa málfræðilegum upplýsingum milli orða og liða í setningunni.

Í töflu 1 er tileinkunarstigveldi Pienemanns sett upp og þar má sjá hvernig hann hugsar sér þróun málfræðinnar í huga þess sem lærir nýtt mál. Í dálki eitt er dreifingu málfræðiupplýsinganna á hverju stigi lýst. Í dálki tvö eru tilgátur okkar um nokkur beygingarleg atriði í íslensku sem skýra hvaða málfræði er tiltæk á hverju stigi.⁴

Tafla 1. Stigveldi Pienemanns. Úrvinnsluaðgerðir og dæmi um beygingarlega úrvinnslu í íslensku millimáli (Pienemann 1998: 87).

Úrvinnsluaðgerðir	Beygingar
5 Skipti á málfræðiupplýsingum á milli setninga	Viðtengingarháttur í aukasetningum <i>Hann heldur að hún sé færeysk</i>
4 Skipti á málfræðiupplýsingum á milli liða	Samræmi frumlags og sagnfyllingar <i>Maðurinn er góður</i> Persónusamræmi frumlags og sagnar <i>Þú borðar mikið</i>
3 Skipti á málfræðiupplýsingum innan liðar	Samræmi í nafnlið <i>Þetta er góður maður</i>
2 Engin skipti á málfræðiupplýsingum, upplýsingar koma úr orðasafni	Kyn nafnorða, <i>strákur</i> Tala nafnorða, <i>strákar</i> Tíð sagnorða, <i>borða – borðaði</i>
1 Engin málfræðiúrvinnsla	<i>Hvað segirðu gott?</i>

3 Hugmyndin um þáttasamræmingu er fengin úr hlutverkamálfræðinni (e. *Lexical-Functional Grammar*).

4 Tilgátur okkar um íslenskt millimál byggja m.a. á rannsóknum á sömu fyrirbærum í norsku, dönsku og sænsku (María Anna Garðarsdóttir og Sigríður Dagný Þorvaldsdóttir 2012: 81–90 og rit sem þar er vitnað til).

Fyrsta stigið í stigveldinu er orðastig og á því stigi er eina verkefni málnefna að læra orð og hlunka (e. *chunk*⁵; Pienemann 1998: 83). Þar sem úrvinnsla á málfræðilegum upplýsingum er ekki hafin fylgja engin málsértæk einkenni á þessu stigi. Því er ekkert sem á sérstaklega við um íslenskt millimál umfram önnur mál á stigi eitt.

Á næsta stigi, stigi tvö, ræður málnefni yfir aðgerðum sem sækja málfræðilegar upplýsingar innan orðsins eða í orðasafnið (Pienemann 1998: 83–84). Dæmi um upplýsingar af þessu tagi er kyn nafnorða og tala þeirra; *strákur* er í karlkyni og getur verið ýmist í eintölu eða fleirtölu; *strákur* – *strákar*. Annað dæmi er tíð sagnorða; *borða* – *borðaði*. Málnefni í íslensku geta sett þátíðarviðskeyti á sagnir á stigi tvö þótt þeir noti enn ekki persónubeygingu. Þeir geta líka notað nafnorð í fleirtölu. Í þessu sambandi er mikilvægt að taka fram að þegar málnefni nota þessa beygingarþætti á stigi tvö er ekki víst að þeir velji alltaf „réttar“ endingar. Formdeildin sem slík er rétt en málnefni nota kannski aðeins eina endingu sem tákn fyrir fleirtölu (t.d. fleirtöluendinguna *-ar* fyrir öll nafnorð) og eitt þátíðarviðskeyti (t.d. viðskeytið *-aði* fyrir allar sagnir). Þeir hafa tilhneigingu til að alhæfa reglulegar algengar beygingarendingar. Það er því ekki algjör óreiða í kerfinu þótt endanleg regla sé ekki komin á.

Á stigi þrjú fer þáttasamræmingin af stað. Þá er málnefni fær um að flytja málfræðilegar upplýsingar á milli orða innan eins liðar (Pienemann 1998: 84–85). Málnefni geta því á þessu stigi sagt setningar á borð við *Þetta er góður maður* og lagað lýsingarorðið að nafnorðinu sem það stendur með.

Á fjórða stigi úrvinnslustigveldisins hafa málnefni tilfinningu fyrir öllum liðum setningarinnar og því geta upplýsingaskiptin orðið á milli liða í setningunni (Pienemann 1998: 85). Dæmi um milliliðasamræmi er samræmi frumlags og lýsingarorðssagnfyllingar eins og í setningunni *Maðurinn er góður* og persónusamræmi frumlags og sagnar eins og í setningunni *Þú borðar mikið*.

5 Hlunkar eru setningar sem lærðar eru í heild og málnefni eru ekki færir um að greina einstök orð innan þeirra eða skipta út orðum og setja önnur í staðinn. Þetta eru setningar á borð við *Góðan daginn*, *Hvað segir þú gott?* og *Gjörðu svo vel*. Þessar setningar hafa oft víðara merkingarsvið en samsvarandi setningar í markmálinu.

Úrvinnsluaðgerðirnar sem liggja að baki fimmta stiginu felast í upplýsingaskiptum milli aðalsetningar og aukasetningar og viðfangsefni málnemans er tileinkun á reglum aukasetninga sem víkja frá reglum aðalsetninga (Pienemann 1998: 85–86). Viðtengingarháttur í aukasetningum eins og í setningunni *Hann heldur að hún sé færaysk* er gott dæmi um beygingarlegt atriði sem krefst upplýsingaskipta á milli aðal- og aukasetningar. Það er merking sagnarinnar í aðalsetningunni sem ræður hætti (og tíð) sagnarinnar í aukasetningunni.

2.2 Stigveldið og þróun setningarlegra atriða

Þar sem þáttasamræmingin skýrir einkum upplýsingaskipti sem taka til beygingarlegra þátta þarf Pienemann að nýta sér setningarleg hugtök til að skýra nánar þróun setningagerða frá hlutlausri formgerð yfir í flóknari formgerðir sem málneymar nota á seinni stigum máltileinkunarinnar. Í því skyni nýtir Pienemann sér samspil merkingarhlutverka (a-gerð; e. *argument structure*), málfræðihlutverka (f-gerð; e. *functional structure*) og stöðu liðanna í setningum (c-gerð; e. *constituent structure*). Á mynd 1 er samspil setningastiganna þriggja skýrt (Pienemann 2007b: 143–145).

Mynd 1. Þrjú stig setningar (Pienemann 2007b: 144).

a-gerð (merkingarhlutverk)	→	gerandi	þema	staður
f-gerð (málfræðihlutverk)	→	FRUMLAG	ANDLAG	FYLLILIÐUR
c-gerð (setningarstaða)	→	NL _{fruml}	NL _{andl}	FL
		Jón [kastar]	boltanum	í vatnið

Neðst á mynd 1 sjáum við c-gerðina þar sem skilgreindir eru liðir setningarinnar og staða þeirra. Þar fyrir ofan er f-gerðin þar sem málfræðileg hlutverk eru skilgreind og efst sjáum við a-gerðina þar sem merkingarhlutverkin eru skilgreind.

Samspil setningastiganna þriggja, a-gerðar, f-gerðar og c-gerðar, felst í vörpunum. Annars vegar er gert ráð fyrir vörpun úr a-gerð yfir í f-gerð og hins vegar úr c-gerð yfir í f-gerð (Pienemann, Di Biase og Kawaguchi 2005). Til að skýra þessar varpanir betur er gagnlegt að nýta sér umræðu um föll og fallaúthlutun í íslensku. Þar hefur skapast sú hefð⁶ að skipta falli rökliða í formgerðarfall (e. *structural case*) annars vegar og orðasafnsfall (e. *lexical case*) hins vegar (Jóhannes Gísli Jónsson 1997–98 og 2005; Þórhallur Eyþórsson 2000; Maling 2001 og 2002; Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eyþórsson 2003; Höskuldur Thráinsson 2007; Jóhannes Gísli Jónsson og Thórhallur Eythórsson 2005 og 2011).⁷ Segja mætti að formgerðarfall lýsi samspili c-gerðar og f-gerðar en orðasafnsfall lýsi tengslunum milli a-gerðar og f-gerðar. Til hægðarauka eru þessar samsvaranir settar upp í töflu 2.

Tafla 2. Samsvaranir hugtaka.


Samspil a-gerðar og f-gerðar (merkingar- og málfræðihlutverk) = orðasafnsföll

Samspil c-gerðar og f-gerðar (setningarstaða og málfræðihlutverk) = formgerðarföll

Pienemann hefur sett fram tvær tilgátur um þróun setningagerða, annars vegar tilgátu um þróun tengslanna milli málfræðihlutverka og setningarstöðu og hins vegar tilgátu um þróun tengslanna milli merkingarhlutverka og málfræðihlutverka (Pienemann 2005: 225–245). Í báðum tilgátunum er gert ráð fyrir því að í upphafi máltileinkunar notist málneymar við beina og línulega vörpun á milli setningastiganna þriggja, a-gerðar, f-gerðar og c-gerðar, eins og við sjáum á mynd 2.

6 Þessa hefð, sem er í anda hlutverkamálfræðinnar, má rekja allt aftur til níunda áratugarins í greinum Zaenen, Maling og Höskuldur Þráinssonar (1985), Yip, Maling og Jackendoff (1987) og Zaenen og Maling (1990).

7 Ekki er allir sammála þessari tvískiptingu falla. Jóhanna Barðdal (2011) færir t.d. rök fyrir því að öll föll í íslensku séu orðasafnsföll og samkvæmt því ætti þróun fallaúthlutunar öll heima undir þróun tengslanna milli a- og f-gerðar.



Mynd 2. Bein vörpun (Baten 2011: 471).

Beina vörpunin sem við sjáum á myndinni getur skýrt hvers vegna ýmsar fallmyndir koma fyrir á byrjendastigi, en ekki bara nefnifall; ekki-geranda er varpað á ekki-upphafsstöðu sem er varpað á ekki-frumlag sem er varpað á ekki-nefnifall. Málnemar geta í upphafi rambað á rétt fall þótt aðgreining á andlagsfalli sé ekki komin.

2.2.1 Þróun tengslanna milli málfræðihlutverka og stöðu orða í setningunni

Fyrri tilgáta Pienemanns varðar samspil c- og f-gerðar, þ.e. tengsl málfræðihlutverka og stöðu orða í setningunni. Í töflu 3 er tileinkunarstigveldi Pienemanns sett upp og þar má sjá hvernig Pienemann hugsar sér þróun setningagerða í huga þess sem lærir nýtt mál. Í dálki eitt er setningarlegum úrvinnsluaðgerðum lýst. Í dálki tvö eru tilgátur okkar um hvaða setningarlegu atriði í íslensku eigi heima á hverju stigi sem skýra betur hvaða málfræði er tiltæk á hverju stigi.⁸

8 Tilgátur okkar um íslenskt millimál byggja m.a. á rannsóknum á sömu fyrirbærum í skyldum tungumálum (María Anna Garðarsdóttir og Sigríður Dagný Þorvaldsdóttir 2012: 81–90 og rit sem þar er vitnað til).

Tafla 3. Stigveldi Pienemanns. Úrvinnsluaðgerðir og dæmi um setningarlega úrvinnslu í íslensku millimáli (Pienemann 1998: 87).

Úrvinnsluaðgerðir	Setningagerðir
5 Önnur orðaröð í spurnaraukasetningum en í spurnaraðalsetningum (e. <i>cancel inversion</i>)	Jón spurði hvað klukkan væri
4 Umröðun frumlags og sagnar Setningarleg fallmörkun	Í dag borðar strákurinn mikið Ég elska þig
3 Liður færður fremst í setningu	Í dag strákurinn borðar fisk
2 Hlutlaus orðaröð, í íslensku er hún frumlag – sögn – andlag (FSA)	Strákurinn borðar fisk
1 Orðastig	Hvað segirðu gott?

Á stigi eitt eru málneymar einungis færir um að læra orð og hlunka. Setningar skynja þeir sem eina heild og þeir aðgreina ekki einstök orð í setningum á borð við *Hvað segirðu gott?*

Á stigi tvö reiða málneymar sig eingöngu á setningarstöðuna, þ.e. þeir nýta sér beina vörpun eins og við sjáum á mynd 2 hér að framan. Þeir túlka alla rökliði sem eru í upphafsstöðu sem frumlag og liðinn fyrir aftan sögn sem ekki-frumlag og geta því myndað setningar á borð við *Strákurinn borðar fisk*.⁹

Á stigi þrjú birtast setningaaðgerðir sem felast í því að málneymar geta nú fært lið aftast úr setningu fremst þannig að nú má búast við því að setningar málnemanna geti byrjað á einhverju öðru en frumlagi. En þó að þeir hafi tilfinningu fyrir liðum og geti þar með flutt lið fremst í setningu, styðjast þeir enn við beina vörpun. Því vîkur formgerð setninganna á þessu stigi frá eðlilegri orðaröð í íslensku þegar liður er færður fremst eins og við sjáum í setningunni *Í dag strákurinn borðar fisk*. Málneminn er ekki fær um að umræða frumlagi og sögn þar sem slík úrvinnsla tilheyrir stigi fjögur.

Setningaaðgerðir á fjórða stiginu gera málnefum kleift að aðgreina einstaka liði setningarinnar og þar af leiðandi geta þeir vikið frá beinni vörpun. Það birtist til dæmis í umröðun frumlags og sagnar eins og við sjáum í setningunni *Í dag borðar strákurinn mikið*.

9 Dæmigerð frávik málnema á þessu stigi eru setningar á borð við *Þarna býr fjölskyldu*. Í þessari setningu er liðurinn fyrir aftan sögn túlkaður sem ekki-frumlag og fær ekki-nefnifall.

Á þessu stigi hefst setningarleg fallmörkun (þ.e. úthlutun formgerðarfalls) og málneinn verður fær um að úthluta setningarlegu falli eins og við sjáum dæmi um í setningunni *Ég elska þig* í töflu 3.

Formgerðarfall í íslensku er nefnifall frumlaga og þolfall sagnarandlaga. Rökliðirnir í setningunni *Ég elska þig*, frumlagið (*ég*) og andlagið (*þig*), koma ómerktir úr orðasafninu og þeim er úthlutað falli eftir almennri setningarlegri reglu, fallið ræðst af yfirborðsgerð setninga og Jóhannes Gísli Jónsson (1997–98: 20) segir það óháð merkingarhlutverkum. Það er samspilið milli málfræðihlutverkanna og setningarstöðu rökliðanna sem ákvarðar fallið. Rökliðirnir hafa fengið hlutverkslegt gildi á stigi fjögur. Málneinn þurfa því ekki lengur að nýta sér beina vörpun eða stöðu orðanna í setningunni til að tjá hver gerir hvað við hvern heldur geta þeir stuðst við málfræðihlutverkin hver svo sem orðaröðin er. Þeir eru nú færir um að bera kennsl á frumlög og andlög þó að þau standi ekki lengur á sínum hlutlausu stað í setningunum.

Úrvinnsluðgerðirnar sem liggja að baki fimmsta stiginu felast í upplýsingaskiptum milli aðalsetningar og aukasetningar og viðfangsefni málneins er tileinkun á reglum aukasetninga sem víkja frá reglum aðalsetninga (Pienemann 1998: 85–86). Í íslensku er gjarnan litið svo á að ekki sé kerfisbundinn munur á orðaröð í aðal- og aukasetningum¹⁰ (Svavar Sigmundsson 1987; Ásgrímur Angantýsson 2001 og 2011) eins og er í skandinavískum málum þar sem neitun er t.d. fyrir aftan sögnina í aðalsetningum eins og í setningunni *Jeg spiser ikke fisk* en hins vegar fyrir framan sögnina í aukasetningum eins og í setningunni *Han siger at jeg ikke spiser fisk*. Í íslensku má þó finna dæmi um kerfisbundinn mun á orðaröð í beinum og óbeinum spurnarsetningum (sjá t.d. Höskuld Þráinsson 2005: 53) eins og sjá má dæmi um í setningunni *Jón spurði hvað klukkan væri* í töflu 3. Þar er orðaröðin hlutlaus, þ.e. frumlag er á undan sögn. Í beinum spurnarsetningum færast sögnin hins vegar fram fyrir frumlagið eins og í setningunni *Hvað er klukkan?*

10 Ásgrímur Angantýsson (2001 og 2011) bendir á að tilbrigði finnst í orðaröð í aukasetningum í íslensku þó munurinn sé ekki kerfisbundinn. Tilbrigðin eru auk þess háð ákveðnum skilyrðum.

2.2.2 Þróun tengslanna milli merkingarhlutverka og málfræðihlutverka

Víkjum nú að seinni tilgátu Pienemanns sem snýr að þróun tengsla milli a-gerðar og f-gerðar. Í töflu 2 var þessum tengslum lýst með hugtakinu orðasafnsfall. Rökliðir sem fá orðasafnsföll eru sérmerktir í orðasafni og fallinu er úthlutað þar (Jóhannes Gísli Jónsson 1997–98: 20). Orðasafnsföll er því undantekning frá hinni almennu setningarlegu reglu, eða formgerðarfalli, og þau þarfnast því sérmerkingar frá upphafi.

Þróunarstig tengslanna milli a- og f-gerðar hafa ekki verið útfærð nákvæmlega í úrvinnslukenningunni en Pienemann gerir ráð fyrir því að málneymar nýti sér beina og sjálfgefna vörpun þar á milli í byrjun eins og við sáum á mynd 2. Þessi beina vörpun felst í því að geranda, hæsta merkingarhlutverkinu í stigveldisröð merkingarhlutverka,¹¹ er varpað á frumlagið. Síðar verða málneymar færir um að víkja frá þessari beinu og sjálfgefnu vörpun og geta þá framleitt flóknari og ólínulegri formgerðir. Það gerist t.d. þegar málneymar fara að tileinka sér sagnir sem víkja frá meginreglum markmálsins, þ.e. sagnir þar sem tengslin milli merkingarhlutverka og málfræðihlutverka eru ekki sjálfgefin og bein.

Í setningunum í (1) er merkingarhlutverkinu skynjandi¹² varpað á frumlag. Skynjandi er þriðja hæsta merkingarhlutverkið í stigveldi merkingarhlutverka og hér er því flóknari vörpun á ferð heldur en þegar geranda (hæsta merkingarhlutverkinu) er varpað á frumlag. Í skynjandafrumlögunum í setningunum í (1a–c) eru tengslin þó misflókin eftir því hvaða fall er á frumlaginu.

- (1) a. Ég hugsa það
b. Mér finnst gaman í skólanum
c. Mig langar heim

11 Merkingarlega hliðin á rökliðagerðinni lýsir því hver gerir hvað við hvern í setningunni og hún byggist á algildu stigveldi merkingarhlutverka: gerandi > þiggjandi (e. *beneficiary*) > skynjandi (e. *experiencer*) og mark (e. *goal*) > verkfæri (e. *instrument*) > þolandi (e. *patient*) og þema (e. *theme*) > staður (e. *locative*) (Pienemann, Di Biase og Kawaguchi 2005: 214–215).

12 Skynjandi er lifandi vera sem upplifir tilfinningu, skynjun eða hugsun án þess að hafa stjórn á því (Jóhannes Gísli Jónsson 2005: 374).

Í setningu (1a) er frumlagið í nefnifalli, í setningu (1b) er það í þágufalli og í setningu (1c) er það í þolfalli. Venjulega er gert ráð fyrir því að fallið í setningu (1a) sé formgerðarfall og þar með eru tengslin milli merkingar- og málfræðihlutverka upphafin þar sem fallaúthlutunin gerist á setningarlegu plani, óháð merkingarhlutverkum.

Orðasafnsfallið í setningunni í (1b) hefur verið kallað reglufall (e. *thematic case*; Jóhannes Gísli Jónsson 1997–98: 21). Mörg skynjandafrumlög eru í þágufalli í íslensku¹³ og fallið þar með tengt merkingu og fyrirsegjanlegt. Rannsóknir á þágufallshneigð (Ásta Svavarsdóttir 1982; Eiríkur Rögnvaldsson 1983; Ásta Svavarsdóttir, Gísli Pálsson og Þórólfur Þórlindsson 1984; Þórhallur Eypórsson 2000; Jóhannes Gísli Jónsson og Thórhallur Eythórsson 2005) renna stoðum undir þá skoðun að þágufall á frumlögum sé nátengt merkingarhlutverkinu skynjandi.¹⁴

Þolfallið í setningunni í (1c) lýsir sömu tengslum en er þó flóknara að því leyti að þolfall er sjaldgæft á skynjendafrumlögum og er því kallað furðufall (e. *idiosyncratic case*; Jóhannes Gísli Jónsson 1997–98: 21). Furðuföll eru algerlega ófyrirsegjanleg út frá merkingu.

Fleiri rökliðir hafa skýrt og afmarkað merkingarhlutverk, t.d. óbein andlög tveggja andlaga sagna (Ég *sendi bonum bréf*) og andlög svokallaðra „hjálpa“-sagna (Ég *hjálpa bonum*; Maling 2002) en bæði andlögin hafa merkingarhlutverkið mark¹⁵ (þ.e. viðtakandi eða þiggjandi). Þágufall í þessum andlögum er því reglufall og fyrirsegjanleg út frá merkingu.

3. Föll í úrvinnslustigveldinu

Í þessum kafla verður fjallað nánar um fall í máltileinkun í tengslum við úrvinnslukenninguna. Fyrst verður sagt frá rannsókn fræðimanns-

13 Þó skynjendafrumlög séu mörg í þágufalli er rétt að geta þess að þau eru mun fleiri í nefnifalli (Jóhannes Gísli Jónsson 1997–98).

14 Alhæfingar hjá málnefum okkar sem birtast í setningum á borð við *mér er svo beisk og mér hugsa stýðja líka hugmyndina um að þágufallið sé reglufall í skynjendafrumlögum*.

15 Mark er alltaf notað um hreyfingu, hvort sem um er að ræða eiginlega hreyfingu til einhvers staðar, t.d. til *Parísar*, eða viðtakanda í yfirfærðri merkingu, t.d. (gefa) *mér* (penna) (Jóhannes Gísli Jónsson 2005: 374).

ins Kristofs Baten (2011) á tileinkun falla í þýsku sem öðru máli. Því næst setjum við fram spá um tileinkunarröð falla í íslensku sem öðru máli.

3.1 Rannsókn á tileinkun falla í þýsku sem öðru máli

Belgíski fræðimaðurinn Kristof Baten (2011) rannsakaði nýlega föll sagnarandlaga og nafnliða í forsetningarliðum í þýsku út frá úrvinnslukenningunni og setti upp fallastigveldi fyrir þýsku. Baten gerir ráð fyrir því að fallaúthlutun sem gerist í samspili c- og f-gerðar þróist frá hlutlausri orðaröð þar sem setningarstaðan stjórnar fallinu yfir í frávik frá hlutlausri orðaröð á síðari stigum máltileinkunar þegar málneymar fara að skynja málfræðihlutverk rökliðanna óháð setningarstöðunni. Í töflu 4 sjáum við fallastigveldi Batens.

Tafla 4. Spá Batens um fallastigveldi í þýsku sem öðru máli (Baten 2011: 483).

Úrvinnsluaðgerðir	Þróun falla	Þróun setningagerðar
4 Skipti á málfræðiupplýsingum á milli liða	Aðgreining á þf./þgf. í andlögum sagnorða Aðgreining þf./þgf. í forsetningaliðum þar sem forsetning stýrir tveimur föllum	Ólínuleg vörpun → Andlag í þolfalli á undan sagnorði Frumlag í nefnifalli á eftir sagnorði
3 Skipti á málfræðiupplýsingum innan liðar	Aðgreining þf./þgf. í forsetningaliðum	
2 Engin skipti á málfræðiupplýsingum, upplýsingar koma úr orðasafni	Sjálfgefið nefnifall	Bein línuleg vörpun → Aukafall á eftir sagnorðum

Eins og sjá má í töflunni gerir Baten ráð fyrir því að úthlutun nefnifalls gerist á stigi tvö.¹⁶ Nefnifallið er þar með orðasafnsmynd og krefst ekki mikillar úrvinnsluorku þar sem það kemur sem slíkt úr orðasafni án upplýsingaskipta innan eða milli liða.

Á stigi þrjú sér úrvinnslubúnaðurinn til þess að upplýsingaskipti verða milli orða innan liðar. Málneyminn getur þá geymt upplýs-

16 Föllin koma fyrir á stigum 2, 3 og 4, þess vegna vantar stig 1 og 5 í úrvinnslustigveldið.

ingar innan forsetningarliðar og flutt þær milli höfuðsins (forsetningarinnar) og nafnliðarins. Hér er átt við forsetningar í þýsku sem stýra annaðhvort þolfalli (t.d. *bis*, *durch*, *für*) eða þágufalli (t.d. *aus*, *bei*, *mit*) en ekki þær sem geta stýrt tveimur föllum (t.d. *in*, *an*, *auf*, *über*, *unter*), annað hvort þolfalli eða þágufalli (Baten 2011: 459).¹⁷

Á stigi fjögur er komið að fallmörkun andlaga. Málnemi getur nú flutt upplýsingar á milli liða í setningunni og föll á þessu stigi fá hlutverkslegt gildi. Þar með er aðgreining á þolfalli og þágufalli möguleg og málnemar geta líka fært nafnliði til innan setningarinnar, þeir geta haft beint andlag í þolfalli á undan sögn og frumlag í nefnifalli á eftir sögn. Auk þess gerir Baten ráð fyrir því að málnemar verði færir um að nota forsetningar sem geta stýrt tveimur föllum á kerfisbundinn hátt á þessu stigi. Það er rökrétt þar sem notkun þeirra krefst úrvinnslu á setningaplani þar sem það er merking sagnarinnar sem ræður fallinu á nafnlið forsetningarinnar.

3.2 Stigveldisspá um föll í íslensku

Fallaspá Batens tekur aðeins til þróunarinnar á milli c-gerðar og f-gerðar, þ.e. málfræðihlutverk í tengslum við setningastöðu. Hann rannsakar ekki sérstaklega tengslin á milli a-gerðar og f-gerðar, þ.e. á milli merkingarhlutverka og málfræðihlutverka. Hér verður gerð tilraun til að setja fram stigveldisspá um þróun falla í íslensku, en hún byggir m.a. á niðurstöðum Batens. Hér má líka nefna rannsókn Maisu Martin (2002) á finnsku sem öðru máli í anda úrvinnslukenningarinnar. Martin dregur þá ályktun út frá niðurstöðum sínum að fallmörkun liggi á mismunandi stigum í úrvinnslustigveldinu. Merkingarleg föll segir hún koma á undan setningarlegum föllum, þ.e. strax á stigi 2 þar sem upplýsingarnar um föllin koma með orðunum úr orðasafni.

Við setjum fram spá um þróun tengsla milli setningarstiganna þriggja í tvennu lagi. Annars vegar skoðum við þróun tengslanna á milli merkingarhlutverka og málfræðihlutverka, þ.e. þróun orða-

17 Eins og í þýsku eru algengar staðforsetningar í hópi þeirra forsetninga sem stýra ýmist þolfalli eða þágufalli í íslensku, t.d. forsetningarnar í og á. Ekki er ólíklega að málnemar noti þessar forsetningar aðeins í einu falli (þágufalli) í byrjun máltileinkunar, þ.e. noti forsetningarnar í og á sem einsfallsforsetningar. Við skoðuðum ekki forsetningarliði sérstaklega í gögnum okkar; athugun á þeim bíður betri tíma.

safnsfalls og hins vegar á milli málfræðihlutverka og setningarstöðu, þ.e. setningarlegs falls. Lítum fyrst á spá okkar um þróun falla í frumlögum í töflu 5.

Tafla 5. Stigveldisspá um þróun falla í frumlögum.

Málfræðiupplýsingar	Orðasafnsfall (merkingarhlutverk ~ málfræðihlutverk)	Setningarlegt fall (setningastaða ~ málfræðihlutverk)
4 Upplýsingar um fall úr sagnlið í nafnlið	Furðufall tengist málfræðihlutverkum <i>Mig langar heim</i>	Setningarleg fallaúthlutun hefst Frumlag á eftir sögn í formgerðarfalli/reglufalli/furðufalli <i>Á morgnana les strákurinn mikið</i> <i>Stundum finnst mér ís góður</i> <i>Í kvöld langar mig í bíó</i>
3	Reglufall tengist málfræðihlutverkum <i>Mér finnst gaman</i>	Frumlag í nefnifalli/reglufalli í 1. sæti <i>Strákurinn les mikið</i> <i>Mér finnst gaman</i>
2 Upplýsingar um nefnifall eru í orðasafni	Bein vörpun: gerandi = frumlag → nefnifall <i>Strákurinn les mikið</i>	Bein vörpun: Frumlag í nefnifalli í 1. sæti <i>Strákurinn les mikið</i>

Eins og sjá má í töflu 5 gerum við ráð fyrir því að málneymar fái upplýsingar um nefnifallið úr orðasafninu strax á stigi tvö og orðið komi í nefnifalli úr orðasafni. Málneymar styðjast hér við beina vörpun þar sem gerandi er frumlag í fyrsta sæti. Nefnifallið er því ekki formgerðarfall á þessu stigi og verður það ekki fyrr en hægt er að sýna fram á að málneymar noti frumlag (og andlag) óháð setningastöðu, t.d. frumlög í nefnifalli á eftir sögn en ekki eingöngu í 1. sæti. Nefnifallið er því einhvers konar grunnmynd eða orðasafnsmynd.

Á stigi þrjú eru tengsl merkingarhlutverka og málfræðihlutverka að þróast og málneymar víkja frá beinum línulegum tengslum. Þeir tengja ný merkingarhlutverk við málfræðihlutverkið frumlag og tengslin hætta að vera eingöngu línuleg og sjálfgefin eins og á stigi tvö. Eins og fjallað var um í kafla 2.2.2 tengist þágufall í frumlögum merkingarhlutverkinu skynjandi eins og við sjáum í setningunni *Mér finnst gaman* í töflu 5, þágufallið er reglufall í frum-

lögum.¹⁸ Við spáum því að málneymar verði færir um að aðgreina nefnifallið og reglufallið í frumlögum á stigi þrjú.

Hvað varðar tengsl setningarstöðu og málfræðihlutverks styðjast málneymar á stigi þrjú enn við línuleg tengsl þannig að setningar víkja ekki frá hlutlausri orðaröð. Frumlag er í fyrsta sæti, hvort sem það er í nefnifalli eða reglufalli, og allir liðir sem eru í fyrsta sæti í setningunni eru túlkaðir sem frumlag.

Á fjórða stiginu fara tengsl merkingarhlutverka og málfræðihlutverka að styrkjast og dýpka, þ.e. málneymar ráða við enn sértækari og ólínulegri tengsl þar á milli og aðgreining verður á milli reglufalls og furðufalls í frumlögum eins og við sjáum í setningunni *Mig langar heim* í töflu 5. Varpanir á milli merkingarhlutverka og málfræðihlutverka geta verið býsna flóknar í umsagnarliðum sem hafa furðuföll á frumlögum sínum. Furðuföll á frumlögum heyra til undantekninga í íslensku og tilheyra gjarnan orðaforða sem er ekki dæmigerður orðaforði byrjenda í málinu eins og í setningum á borð við *Daginn lengir* og *Sólarinnar gætir*.

Um leið þróast tengslin milli setningastöðu og málfræðihlutverka á þann hátt að málneymar á stigi fjögur þurfa ekki lengur að styðjast við stöðu orðanna í setningunni heldur geta þeir umraðað frumlagi og sögn og borið kennsl á frumlagið þó að það standi á eftir sögninni, hvort sem frumlagið er í nefnifalli, reglufalli eða furðufalli. Dæmi um þetta sjáum við í setningunum *Á morgnana les strákurinn mikið*, *Stundum finnst mér ís góður* og *Í kvöld langar mig í bío* í töflu 5.

Í stuttu máli hljóðar spá okkar um þróun frumlagsfalls á þessa leið: Nefnifall á frumlögum í fyrsta sæti hefur sterka stöðu alveg frá byrjun. Síðar tileinka málneymar sér reglufall í frumlögum og að lokum furðufall. Hvað varðar setningarlegt fall verður nefnifall fyrst formgerðarfall á fjórða stigi þegar málneymar eru færir um að bera kennsl á frumlag annars staðar en í upphafsstöðu. Lítum næst á stigveldisspá okkar fyrir þróun falla í andlögum í töflu 6.

18 Það má gera ráð fyrir því að málneymar fari fyrst að nota þágufall með skynjandasögnum eins og *finnst* og í sagnasamböndum eins og *mér er heitt*. Síðar, með auknum orðaforða, nota þeir frumlög í þágufalli með sjaldgæfari skynjandasögnum eins og *sárna*, *kólna* o.s.frv.

Tafla 6. Stigveldisspá um þróun falla í andlögum.

Málfræðiupplýsingar	Orðasafnsfall (merkingarhlutverk ~ málfræðihlutverk)	Setningarlegt fall (setningastaða ~ málfræðihlutverk)
4 Upplýsingar um fall úr sagnlið í nafnlið	Furðufall tengist málfræðihlutverkum <i>Hann lýsir myndinni vel</i>	Setningarleg fallaúthlutun hefst Andlag á undan sögn í formgerðarfalli <i>Þessa sögu las ég aldrei</i>
3	Reglufall tengist málfræðihlutverkum <i>Hann hjálpaði mér Hann sendi mér bréfið</i>	Ekki-nefnifall á eftir sagnorðum <i>Ég les bókina/bókinni</i>
2	Bein vörpun: Ekki- gerandi = Ekki- frumlag <i>Ég les bókina/bókinni</i>	Bein vörpun: Ekki-frumlag á eftir sagnorðum (Ekki-nefnifall) <i>Ég les bókina/bókinni</i>

Í töflu 6 má sjá að samkvæmt spá okkar styðjast málneymar eingöngu við beina vörpun á stigi tvö, bæði á milli merkingarhlutverka og málfræðihlutverka og á milli setningarstöðu og málfræðihlutverka. Það má því búast við að sjá aukafall á andlögum á þessu stigi en notkun aukafallanna væri þó ekki kerfisbundin. Þolfallið er ekki orðið formgerðarfall á þessu stigi þar sem það hefur ekki tengst málfræðihlutverkinu andlagi heldur aðeins hlutverkinu ekki-frumlag þegar málneymar styðjast við beina vörpun. Þess vegna má búast við að sjá á þessu stigi setningar á borð við *Ég les bókina* eða *Ég les bókinni*, þ.e. öll aukaföll¹⁹ tákna ekki-frumlag.

Á stigi þrjú eru tengsl merkingarhlutverka og málfræðihlutverka að þróast og fara málneymar að víkja frá beinum línulegum tengslum og geta tengt skýrt afmörkuð merkingarhlutverk við andlag eins og sjá má í töflu 6. Eins og rætt var í kafla 2.2.2 hafa óbein andlög tveggja andlaga sagna og andlag „hjálpa“-sagna langoftast merkingarhlutverkið mark (Jóhannes Gísli Jónsson 1997–98: 21; Maling 2002: 60).²⁰ Þar af leiðandi spáum við því að málneymar

19 Það er líklega ekki rétt að gera ráð fyrir eignarfalli sem andlagsfalli til jafns við þolfall og þágufall þar sem eignarfallið er mun sjaldgæfara í stöðu sagnarandlaga.

20 Myndin er þó ekki alveg svona einföld. Önnur mynstur í tveggja andlaga sögnum eru möguleg, ekki bara mynstrið þf.-þgf. Auk þess hafa nokkrar sagnir með „hjálpa“-merkingunni andlög í þolfalli (Maling 2002).

tengi á þessu stigi reglufall í andlögum, þágufall, við skýrt afmörkuð merkingarhlutverk eins og mark á sama hátt og við gerðum ráð fyrir að þeir tengi regluföll í frumlögum við merkingarhlutverkið skynjandi. Á stigi þrjú geta málneymar því sagt setningar á borð við *Hann hjálpaði mér* og *Hann sendi mér bréfið*, eins og sjá má í töflu 6, þar sem merkingarhlutverkin á þágufallsandlögunum eru mark.

Á stigi þrjú gerum við ráð fyrir því að tengslin milli setningastöðu og málfræðihlutverka hafi ekki þróast frá fyrra stigi og víkja málneymar ekki frá hlutlausri orðaröð.

Á stigi fjögur spáum við því að tengslin á milli merkingarhlutverka og málfræðihlutverka hafi þróast enn frekar þannig að málneymar verða færir um að tileinka sér og nota umsagnarliði þar sem vörpunin er mjög flókin og ólínuleg. Slíkir umsagnarliðir úthluta til dæmis andlögum sínum furðufalli eins og sagnirnar *sakna*, *gæta* og *lýsa*. Á þessu stigi geta málneymar sagt setningu eins og *Hann lýsir myndinni vel* eins og sjá má í töflu 6. Þágufallið á andlaginu *myndinni* er furðufall, ólíkt reglufallinu á andlaginu *mér* í setningunum *Hann hjálpaði mér* og *Hann sendi mér bréfið* á stigi þrjú í töflu 6.

Á stigi fjögur gerum við ráð fyrir því að tengslin á milli setningastöðu og málfræðihlutverka þróist á þann hátt að málneymar þurfi ekki lengur að reiða sig á bein línuleg tengsl heldur geta vikið frá hlutlausri orðaröð og fært liði til innan setningar. Þannig getur andlag nú færst fram fyrir sögn en haldið sínu andlagshlutverki og þar með falli eins og í setningunni *Þessa sögu las ég aldrei* sem sjá má í töflu 6.

Samkvæmt spá okkar ættu málneymar á stigi fjögur að ráða við sagnaandlög á kerfisbundinn hátt og geta nýtt sér alla möguleika fallakerfisins, þó er ekki útilokað að mjög flóknar og sértækar varpanir birtist ekki fyrr en á stigi fimm.²¹

Í stuttu máli hljóðar spá okkar um þróun andlagsfalls á þessa leið: Málneymar styðjast við beina vörpun í byrjun. Síðar tileinka þeir sér reglufall í andlögum og þar á eftir tileinka þeir sér furðufall og formgerðarfall.

21 Það má t.d. ímynda sér að viðurlög séu þess eðlis að málneymar þurfi úrvinnslugetu sem gerir þeim kleift að flytja málfræðiupplýsingar á milli setninga (sjá t.d. umfjöllun Eiríks Rögnvaldssonar (1984) um eðli viðurlaga).

4. Athugun á notkun falla í íslensku

Í þessum kafla verða niðurstöður athugunar okkar á fallatileinkun í íslensku sem öðru máli kynntar og ræddar. Niðurstöðurnar verða bornar saman við fallaspána sem sett var fram í kaflanum hér á undan.

4.1 Gögn og álitamál

Hér verður fjallað um þann efnivið sem athugunin er byggð á og bakgrunn málnemanna. Þó ekki sé gert ráð fyrir því í úrvinnslukenningunni að bakgrunnur málneima breyti tileinkunarferlinu sjálfu er ekki útilokað að meðvitað nám og sterkur hvati geti flýtt ferlinu. Það er líka nauðsynlegt að fara nokkrum orðum um gögnin og þau vandamál sem komu upp við túlkun gagnanna.

Málneimar í athuguninni voru 28 byrjendur sem stunduðu nám á fyrsta ári í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands kennsluárið 2000–2001. Í hópnum voru 17 konur og 11 karlar og málneimarnir höfðu 11 mismunandi tungumál að móðurmáli.

Í stuttu máli má segja um málneimahópinn í heild að hann geti talist nokkuð einsleitur þrátt fyrir ólík móðurmál. Þátttakendur eru allflestir ungir háskólanemar komnir til Íslands í þeim tilgangi að læra íslensku í Háskóla Íslands. Það er innri hvöt og áhugi sem drífur þá áfram en ekki erfiðar aðstæður sem neyða þá til að læra málið.

Gögnin í rannsókninni eru tvö textasöfn sem málneimarnir skrifuðu í lokaprófum í tveimur námskeiðum í rituðu máli, öðru í desember árið 2000 og hinu í maí 2001.

Í athuguninni voru öll frumlög og andlög sagna athuguð. Frumlög og andlög í desember voru borin saman við frumlög og andlög í maí til að sjá þróunina í tileinkuninni. Rétt er að ítreka hér að þegar við skoðum föll út frá úrvinnslukenningunni skoðum við þau sem setningarlegt fyrirbæri, þ.e.a.s. við leitumst við að koma auga á hvort fallaúthlutun hafi hafist í málkerfi málneima. Við athugum það óháð því hversu rétt form málneiminn notar. Við skoðum sem sagt ekki hversu nákvæmir málneimar eru í notkun á mis-

munandi beygingarendingum falla²² heldur metum við hvort sjá megi vísbendingar um fallanotkun (Pienemann 1998: 113). Mismunandi beygingarendingar eru að sjálfsgöðu birtingarmyndir fallaúthlutunar og við notum þær sem áþreifanlegan vitnisburð um fallaúthlutun sem er abstrakt fyrirbæri, þ.e. það þarf að rýna í endingarnar þótt þær séu ekki hið raunverulega viðfangsefni heldur það sem þær tjá.

Þar sem fallaúthlutun er meginviðfangsefni athugunarinnar en ekki beygingarendingar sem slíkar greinum við frávik eða villur á annan hátt en menn eiga að venjast. Ímyndum okkur málnema sem segir setninguna í (2).

(2) Hann er í *íbúðinu*

Í setningunni í (2) er auðvitað ekki rétt ending á orðinu *íbúð* en að okkar mati er ástæðan ekki sú að málneminn hafi ekki vald á fallaúthlutun heldur notar hann orðið *íbúð* í hvorugkyni í stað kvenkyns, þ.e. hann hefur orðið *íbúð* í röngum beygingarflokki. Endingin er því „rétt“ í máli hans þegar aðeins er horft til fallaúthlutunar. Túlkun okkar á dæmum af þessu tagi er byggð á úrvinnslukenn-ingunni þar sem slík ending er talin birtingarmynd fallaúthlutunar þótt hún sé ekki í samræmi við reglur markmálsins (Pienemann 1998: 113).

Sú staðreynd að íslenska er samrunamál þar sem ein beygingarending getur haft mörg hlutverk getur valdið vandkvæðum í túlkun gagna. Í gögnum okkar er því mikill fjöldi óræðra dæma en það eru þau tilvik þar sem beygingarendingin sýnir ekki ótvírætt hvaða fall málneminn hefur í huganum. Orðmyndin *penna* gæti t.d. verið öll aukaföllin þrjú í eintölu og þolfall og eignarfall fleirtölu. Þessi óræðu dæmi voru ekki höfð með í lokaniðurstöðum athugunarinnar.²³

22 Rannsókn Kolbrúnar Friðriksdóttur fjallar einmitt um það (2004).

23 Sjá nánari umfjöllun um gögn, flokkun þeirra og álitamál hjá Maríu Önnu Garðarsdóttur og Sigríði Dagnýju Þorvaldsdóttur (2012: 115–128).

4.2 Niðurstöður – frumlög

Í töflu 7 eru niðurstöður um þróun framlagsfalls. Til að sjá niðurstöður fyrir hvert fall fyrir sig greindum við furðufall í frumlögum í tvennt, þ.e. þolfall og eignarfall. Reglufall í frumlögum er aðeins eitt, þágufall.

Tafla 7. Niðurstöður – frumlög.

	Nefnifall/ formgerðarfall	Reglufall (Þágufall)	Furðufall (Þolfall)	Furðufall (Eignarfall)
Frumlög desember	98,5% (233/237)	75% (9/12)	? (7/7)	/
Frumlög maí	99% (232/234)	92% (45/49)	80% (4/5)	0% (0/1)

Tölurnar sýna í prósentum þau föll sem greinilega voru rétt, þ.e. óræðu dæmin eru tekin út. Í svigunum eru hlutfallstölur. Við sjáum í töflu 7 að nefnifall er rétt í 98,5% tilfella í desember – það eru 233 dæmi rétt af 237. Nefnifallið er rétt í 99% tilfella í maí. Reglufall í frumlögum er rétt í 75% tilfella í desember og 92% í maí. Lítum nú á furðuföllin. Spurningarmerkið í töflunni merkir að ekki var hægt að sjá hvaða fall var á þolfallsfrumluginu í desember, öll dæmin voru óræð. Óræðu dæmin eru tekin með hér til að sýna að málneymar nota sagnir með þolfallsfrumlagi þó ekki sé hægt að greina fallið nákvæmlega. Í maí notuðu málneymar furðufall eða þolfall í frumlögum rétt í 80% tilvika en við sjáum að dæmin er fá, það eru fimm dæmi alls og fjögur þeirra eru rétt. Skástrikið við eignarfallið í desember merkir að ekkert dæmi var um furðufall sem eignarfall í desember. Í maí var aðeins eitt dæmi um eignarfall í frumlagi og það var ekki rétt.

Niðurstöður athugunarinnar fyrir framlagsfall eru skýrar hvað varðar þróun nefnifalls og reglufalls og í samræmi við spá okkar sem við settum fram í kafla 3.2. Nefnifall í frumlögum lærir strax og nánast frávíkalaust. Reglufall í frumlögum, þágufall, lærir tiltölulega fljótt og styrkist með tímanum og verður nánast frávíkalaust í maí. Um þróun furðufallsins er erfiðara að draga ályktanir vegna óræðu þolfallsframlaganna í desember en í maí er notkunin lítil en

nokkuð rétt. Eignarfall sem furðufall í frumlagi kemur ekki fyrir í desember og aðeins einu sinni í maí og er þá ekki rétt. Niðurstöðurnar hvað varðar frumlag benda til að þróunin sé á þessa leið:

nefnifall → reglufall → furðufall

4.3 Niðurstöður – andlög

Í töflu 8 er yfirlit yfir niðurstöður úr athugun okkar á þróun andlagsfalls. Eins og fram kom í kafla 2.2.2 er þágufall í andlögum sem tengist merkingarhlutverkinu mark reglufall. Önnur þágufalls-andlög og öll eignarfallsandlög eru furðuföll, þ.e. ófyrirsegjanleg út frá merkingu.

Tafla 8. Niðurstöður – andlög.

	Þolfall	Reglufall (Þágufall)	Furðufall (Þágufall)	Furðufall (Eignarfall)
Andlög desember	47% (25/53)	80% (20/24)	12,5% (2/16)	/
Andlög maí	74% (17/23)	100% (3/3)	31% (4/13)	100% (6/6)

Tölurnar sýna í prósentum þau föll sem greinilega voru rétt. Í svigunum eru hlutfallstölur. Við sjáum í töflu 8 að þolfall er rétt í 47% tilfella í desember – það eru 25 dæmi rétt af 53. Þolfallið er rétt í 74% tilfella í maí, 17 dæmi eru rétt af 23. Reglufall (þgf.) í andlögum er rétt í 80% tilfella í desember og 100% í maí en dæmin þar eru reyndar mjög fá eða aðeins þrjú. Þágufall sem furðufall í andlögum er rétt í 12,5% tilvika í desember og í 31% tilvika í maí. Eignarfall sem furðufall kemur ekki fyrir í desember en þau 6 dæmi sem koma fyrir í maí eru öll rétt.

Niðurstöður athugunarinnar um þróun andlagsfalls eru skýrar hvað varðar reglufall og furðufall. Þágufallið sem reglufall lærist snemma og næstum án frávika. Þágufall sem furðufall lærist mun síðar og það virðist vefjast fyrir málnefum allan tímann. Þágufall sem furðufall styrkist þó örlítið með tímanum en þar ríkir þó enn mikil óreiða í maí. Eignarfall sem furðufall kemur fyrst fyrir í maí

og kemur þá fyrir frávíkalaust. Þolfall í andlögum virðist samkvæmt þessum niðurstöðum lærast síðar en reglufall í andlögum en það styrkist nokkuð á tímabilinu en þó eru frávik enn nokkuð mörg í maí.

Þegar litið er á niðurstöðurnar í töflu 8 benda þær til að fall andlaga þróist á þessa leið:

reglufall (þgf.) → furðufall (ef.) → þolfall²⁴ → furðufall (þgf.)

5. Umræður og lokaorð

Þegar niðurstöður eru bornar saman við fallaspána sem sett var fram í kafla 3.2 má segja að spáin standist fyrir frumlög og þróunin í frumlögum er í þessari röð: nefnifall → reglufall → (furðufall²⁵). Fallaspáin fyrir andlög stenst líka. Við spáðum því að tileinkunar-röðin væri bein vörpun → reglufall → formgerðarfall/furðufall. Þar sem athugunin náði ekki að sýna fram á hvenær þolfall yrði formgerðarfall sýna niðurstöðurnar aðeins að bæði furðufall sem eignarfall og þágufall kemur síðar en reglufall en það er í samræmi við spána. Hlutfallstölurnar fyrir þolfallið, sérstaklega í desember, benda þó til þess að notkun málnema á þolfalli í andlagssæti sé afleiðing beinnar vörpunar fremur en að það sé orðið setningarlegt. Tölurnar fyrir þolfallið í maí sýna talsvert færri frávik frá réttri notkun sem bendir til þess að formgerðarfall sé að verða til.

Formgerðarfallið í íslensku sem öðru máli þarf að skoða sérstaklega og freista þess að greina ferlið frá beinni vörpun yfir í setningarlega úrvinnslu í frumlögum og andlögum. Sú rannsókn bíður betri tíma.

Athugun af þessu tagi hefur í raun tvíþætt fræðilegt gildi, þ.e. að vera prófsteinn á kenningu um máltileinkun og varpa ljósi á eðli og eiginleika íslenska fallakerfisins. Athugun okkar á fallmörkun í íslensku sem öðru máli og niðurstöður hennar styðja tileinkunar-

24 Hér notum við hugtakið þolfall í stað formgerðarfalls þar sem við getum ekki fullýrt út frá niðurstöðum okkar að þolfall sé orðið setningarlegt fall.

25 Eins og sjá má í töflu 7 var erfitt að draga ályktanir um furðuföll í frumlögum þar sem dæmin voru fá og mörg þeirra óræð.

stigveldi úrvinnslukenningarinnar. Fallaflóra íslenskunnar, einkum orðasafnsföll, og tileinkun hennar getur greinilega út frá þessari litlu athugun verið mikilvægt framlag fyrir kenninguna og skýrt betur þá þætti hennar sem enn hafa ekki verið útfærðir nákvæmlega með stuðningi af rannsóknum. Baten skýrði í sinni rannsókn aðeins þróun tengslanna á milli setningastöðu og málfræðihlutverka. Okkar athugun er hins vegar fyrsta skrefið til að skýra þróun tengslanna á milli merkingarhlutverka og málfræðihlutverka. Gögn í íslensku sem öðru máli og rannsókn á þeim geta líka verið mikilvægt framlag til styðja almennar kenningar um föll í íslensku. Niðurstöður athugunarinnar benda t.d. til þess að regluföll séu auðlærðari en furðuföll og formgerðarföll.

Hagnýtt gildi rannsókna af þessu tagi felst í því að auðvelda kennurum að velja þau málfræðiatríði sem þeir ætla að taka fyrir og ákveða röð þeirra. Ekki síður eru rannsóknir sem þessar gagnlegar fyrir kennara til að auka skilning þeirra á því að málfræðilegt atríði, t.d. þágufallsandlag, getur verið á ólíkum erfiðleikastigum í tileinkunarferlinu af því að um tvö ólík fyrirbæri, eða föll, er að ræða. Niðurstöður sem þessar auka því skilning kennara bæði á málkerfi íslenskunnar og viðfangsefni málnemanna.

ÚTDRÁTTUR

Fallatileinkun í íslensku sem öðru máli

Í greininni er úrvinnslukenning Pienemanns (1998 og 2005) kynnt og gerð grein fyrir fallarannsókn á þýsku sem öðru máli sem Kristof Baten (2011) gerði í ljósi úrvinnslukenningarinnar. Þá er sett fram spá um tileinkun falla í íslensku sem öðru máli. Að lokum er sagt frá niðurstöðum athugunar á þróun fallatileinkunar í íslensku sem öðru máli og þær ræddar í samhengi við úrvinnslukenningu Piene-
manns.

Niðurstöður athugunar okkar styðja úrvinnslukenningu Piene-
manns og benda til þess að tileinkun falla í frumlögum sé á þessa
leið: nefnifall → reglufall (þágufall) → furðufall (þolfall og eignar-
fall). Í andlögum er röðin hins vegar á þessa leið: reglufall (þágufall)
→ furðufall (eignarfall) → þolfall → furðufall (þágufall)

Lykilorð: máltileinkun, úrvinnslukenningin, tileinkunarstigveldi,
orðasafnsfall, setningarlegt fall

ABSTRACT

Case Acquisition in Icelandic as a Second Language

This article introduces Pienemann's Processability Theory (1998 and 2005) as well as research on case acquisition in German as a second language on the basis of Processability Theory (Baten 2011). A hypothetical sequence for case acquisition in Icelandic as a second language is also formulated. Finally, results of a cross-sectional study on case acquisition in Icelandic are introduced and discussed on the basis of Processability Theory.

The results suggest a development in line with Processability Theory and the development for subjects seems to be as follows: nominative → thematic case (dative) → idiosyncratic case (accusative and genitive). For object the development sequence seems to be as follows: thematic case (dative) → idiosyncratic case (genitive) → accusative → idiosyncratic case (dative).

Keywords: second language acquisition, processability theory, developmental hierarchy, lexical case, structural case

HEIMILDIR

- Ásgrímur Angantýsson. 2001. „Skandinavísk orðaröð í íslenskum aukasetningum.“ *Íslenskt mál* 23, bls. 95–122.
- Ásgrímur Angantýsson. 2011. *The Syntax of Embedded Clauses in Icelandic and Related Language*. Doktorsritgerð. Hugvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Ásta Svavarsdóttir. 1982. „Þágufallssýki.“ *Íslenskt mál* 4, bls. 19–62.
- Ásta Svavarsdóttir, Gísli Pálsson og Þórólfur Þórlindsson. 1984. „Fall er fararheill. Um fallnotkun með ópersónulegum sögnum.“ *Íslenskt mál* 6, bls. 33–55.
- Ásta Svavarsdóttir og Margrét Jónsdóttir. 1998. *Íslenska fyrir útlendinga. Kennslubók í málfræði*. 2. útgáfa. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Baten, Kristof. 2011. „Processability Theory and German Case Acquisition.“ *Language Learning* 61(2), bls. 455–505.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1983. „Þágufallssýkin og fallakerfi íslensku.“ *Skíma* 6(2), bls. 3–6.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1984. „Af lýsingarorðsviðurlögum.“ *Íslenskt mál* 6, bls. 57–80.
- Ellis, Rod. 1994. *The Study of Second Language Acquisition*. Oxford: Oxford University Press.
- Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar. Handbók um setningafræði*. Íslensk tunga III. Meðhöfundar: Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Magnúsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Höskuldur Þráinsson. 2007. *The Syntax of Icelandic*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Håkansson, Gisela, Pienemann, Manfred, og Sayehli, Susan. 2002. „Transfer and Typological Proximity in the Context of L2 Processing.“ *Second Language Research* 18, bls. 250–273.
- Jóhanna Barðdal. 2011. „Lexical vs. Structural Case: A False Dichotomy.“ *Morphology* 21(3–4), bls. 619–659.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 1997–98. „Sagnir með aukafallsfrumlagi.“ *Íslenskt mál* 19–20, bls. 11–43.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2005. „Merkingarhlutverk, rökliðir og fallmörkun.“ *Setningar. Handbók um setningafræði* (bls. 350–409). Íslensk tunga III. Meðhöfundar: Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Magnúsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eyþórsson. 2003. „Breytingar á frumlagsfalli í íslensku.“ *Íslenskt mál* 25, bls. 7–40.
- Jóhannes Gísli Jónsson og Thórhallur Eythórsson. 2005. „Variation in Subject Case Marking in Insular Scandinavian.“ *Nordic Journal of Linguistics* 28(2), bls. 223–245.
- Jóhannes Gísli Jónsson og Thórhallur Eythórsson. 2011. „Structured Exceptions and Case Selection in Insular Scandinavian.“ *Expecting the Unexpected. Exceptions*

- in the Grammar (bls. 213–241). Ritstj. Horst Simon og Heike Wiese. Berlin: Mouton de Gruyter.
- Kolbrún Friðriksdóttir. 2004. *Íslenska sem annað mál: Hvernig lærist fallbeyging nafnorða í íslensku?* Óprentuð MA-ritgerð. Reykjavík: Háskóla Íslands.
- Maling, Joan. 2001. „Dative: The Heterogeneity of the Mapping among Morphological Case, Grammatical Functions, and Thematic Roles.“ *Lingua* 11, bls. 419–464.
- Maling, Joan. 2002. „Það rignir þágufalli á Íslandi. Verbs with Dative Objects in Icelandic.“ *Íslenskt mál* 24, bls. 31–105.
- María Anna Garðarsdóttir og Sigríður Dagný Þorvaldsdóttir. 2012. *Í öllu falli. Úrvinnslukenningin og fallatileinkun í íslensku*. Óprentuð MA-ritgerð. Reykjavík: Háskóla Íslands.
- Martin, Maisa. 2002. „The Aquisition of Adjective Agreement in Finnish as a Second Language – and other Thoughts on the Processability Theory.“ *Forskning i nordiske sprog som andet- og fremmedsprog*. Rapport fra konference í Reykjavík 23.–25. maj 2001 (bls. 140–152). Ritstj. Auður Hauksdóttir, Birna Arnbjörnsdóttir, María Garðarsdóttir og Sigríður Þorvaldsdóttir. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Pienemann, Manfred. 1998. *Language Processing and Second Language Development: Processability Theory*. Amsterdam: John Benjamins.
- Pienemann, Manfred. 2005. „An Introduction to Processability Theory.“ *Cross-Linguistic Aspects of Processability Theory* (bls. 1–60). Ritstj. Manfred Pienemann. Amsterdam: John Benjamins.
- Pienemann, Manfred. 2007a. „Language Processing Capacity.“ *The Handbook of Second Language Acquisition* (bls. 679–714). Ritstj. Catherine J. Doughty og Michael H. Long. Malden: Blackwell Publishing.
- Pienemann, Manfred. 2007b. „Processability Theory.“ *Theories in Second Language Acquisition. An Introduction* (bls. 137–154). Ritstj. Bill VanPatten og Jessica Williams. Mahwah, New Jersey: Lawrence Earlbaum Associates.
- Pienemann, Manfred, Di Biase, Bruno, og Kawaguchi, Satomi. 2005. „Extending Processability Theory.“ *Cross-Linguistic Aspects of Processability Theory* (bls. 199–251). Ritstj. Manfred Pienemann. Amsterdam: John Benjamins.
- Svavar Sigmundsson. 1987. „Íslenska í samanburði við önnur mál.“ *Íslenskt mál* 9, bls. 95–109.
- Yip, Moira, Maling, Joan, og Jackendoff, Ray. 1987. „Case in Tiers.“ *Language* 63, bls. 217–250.
- Zaenen, Annie, og Maling, Joan. 1990. „Unaccusative, Passive and Quirky Case.“ *Modern Icelandic Syntax* (bls. 137–152). Ritstj. Joan Maling og Annie Zaenen. San Diego: Academic Press.
- Zaenen, Annie, Maling, Joan, og Höskuldur Thráinsson. 1985. „Case and Grammatical Functions: The Icelandic Passive.“ *Natural Language and Linguistic Theory* 3, bls. 441–483.
- Þórhallur Eypórsson. 2000. „Fall á fallanda fæti? Um breytingar á frumlagsfalli í íslensku.“ *Íslenskt mál* 22, bls. 185–204.

Innflytjendur og íslenskupróf

1. Inngangur. Aukin áhersla í Evrópu á tungumálapróf fyrir umsækjendur um ríkisborgararétt

Í þessari grein er fjallað um þau íslenskupróf sem stjórnvöld hafa síðan 2009 lagt fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt. Greint er frá tilkomu prófanna, efni þeirra og þyngdarstigi og úrslitum þeirra prófa sem haldin voru árin 2009–2010. Fyrst verður þó sagt stuttlega frá tungumálaprófum fyrir innflytjendur annars staðar í Evrópu til að sýna prófahaldið á Íslandi í ljósi hlið-stæðrar þróunar þar. Þá er dregið á fjölgun innflytjenda á Íslandi, uppruna þeirra og helstu móðurmál, atvinnumál innflytjenda og síðan viðbrögð stjórnvalda við hinum breyttu aðstæðum í samfé-laginu eins og þau birtast í skjalfestri stefnu í málefnum innflytj-enda. Ekki er farið ýtarlega í alla þessa bakgrunnspætti í greininni enda hafa sumum þeirra nýlega verið gerð skil annars staðar, t.a.m. hjá Unni Dís Skaptadóttur (t.d. 2010 og víðar) og Birnu Arnbjörns-dóttur (2011).¹

Hér er hugtakið *innflytjendur á Íslandi* haft um fólk með annað ríkisfang en íslenskt sem flust hefur til Íslands og sest þar að til lengri eða skemmri tíma. Rétt er að árétta að greinin fjallar fyrst og fremst um tilkomu íslenskuprófa fyrir umsækjendur um ríkis-

1 Greinin er að nokkru leyti byggð á erindi sem ég hélt á norræna málnefndafþinginu í Ilulissat á Grænlandi 23. ágúst 2011 og grein sem ég skrifaði á dönsku í framhaldinu í rafræna tímaritið *Sprog i Norden*.

borgararétt með stjórnvaldsákvörðun en lítið um aðrar formlegar kröfur um íslenskukunnáttu innflytjenda, svo sem kröfuna um íslenskunám umsækjenda um búsetuleyfi (sjá 3. kafla).

Innflytjendum hefur fjölgað í Evrópu undanfarna tvo áratugi. Auk fólksflutnings til álfunnar frá Asíu, Afríku og Suður-Ameríku hefur fólk flust frá Austur- og Suður-Evrópu til vestur- og norðurhluta álfunnar. Jafnframt hefur tungumálaprófum af ýmsum toga, sem lögð eru fyrir innflytjendur, fjölgað víða í Evrópu (sbr. t.d. Extra, Spotti og Van Avermaet 2009: 14), þ. á m. eru tungumálapróf í tengslum við umsóknir fólks um ríkisborgararétt. Slík próf eru haldin víða um álfuna, allt frá Eystrasaltslöndunum í norðaustri til Portúgals í suðvestri (sbr. t.d. Shohamy 2006: 39–40, 66). Samtökin Association of language testers in Europe (ALTE 2013) hafa síðan á 10. áratug síðustu aldar safnað saman upplýsingum um tungumálapróf og innflytjendur í Evrópu, bæði á eigin vegum og í samvinnu við Evrópuráðið og aðra aðila. Athuganir þeirra sýna að árið 2002 voru haldin tungumálapróf vegna umsókna um ríkisborgararétt í 4 Evrópulöndum af þeim 14 sem sú könnun tók til (29%) en árið 2007 tíðkuðust þau í 11 löndum af þeim 18 löndum (61%) sem þá voru könnuð (Van Avermaet og Rocca 2013: 18). Niðurstöður vinnuhóps ALTE-samtakanna benda til þess að þróunin sé sú að bæði fari þeim ríkjum fjölgandi sem leggja próf fyrir innflytjendur og að vaxandi kröfur séu gerðar í prófunum (Weir og Milanovic 2013: x).

Hinn 1. janúar 2009 voru tekin upp íslenskupróf fyrir þá sem sækja um íslenskt ríkisfang með stjórnvaldsákvörðun og verður sagt nánar frá þeim hér á eftir. Í Evrópulöndum er ýmist um að ræða einungis málfærnipróf í þjóðtungu nýja landsins eða að umsækjendur um ríkisfang eru jafnframt látnir sýna fram á þekkingu sína á sögu landsins og samfélagi. Á Íslandi er aðeins prófað í málfærni. Ýmsir, þar á meðal fræðimenn, hafa gagnrýnt stjórnvöld í einstökum löndum fyrir kröfurnar til umsækjenda um ríkisborgararétt, m.a. tungumálakröfur. Þá er því haldið fram að málaprófin séu byggð á úreltri eða íhaldssamri hugmyndafræði um samband ríkis og þjóðtungu sem eigi ekki við í fjölmenningsríkri Evrópu. T.d. kallar Shohamy (2006) tungumálapróf vegna umsókna um ríkisborgararétt „helsta tæki stjórnvalda til að viðhalda forgangsroðun

innan þjóðríkja“ (Shohamy 2006: 68)². Cameron (2004) skoðar umræðuna um málapróf fyrir innflytjendur í Bretlandi í stærra samhengi, málpolitískt, og bendir á að krafan um tungumálapróf kom upp á yfirborðið um líkt leyti og þegar stjórnvöld hvöttu skólana annars vegar til að auka veg staðlaðrar ensku enn frekar og hins vegar til að leggja minni áherslu á kennslu í erlendum tungumálum. Niðurstaða hennar, hvort sem hún er fyllilega réttmæt eða ekki, er að þetta feli í sér „nokkuð ákveðin skilaboð um að staðalenska sé þjóðtunga Bretlands og eina tungumálið sem borgarar þar þurfa að kunna“ (Cameron 2004: 38). Þá hafa ýmsir þeir sem fást við rannsóknir á samningu og framkvæmd tungumálaprófa ekki aðeins sett spurningarmerki við hugmyndafræðilega þáttinn, hina siðferðislegu hlið og hvernig prófin eru rökstudd, heldur hafa sumir jafnvel dregið í efa að prófin gagnist í raun sem það mælitæki sem þeim er ætlað að vera, sjá t.d. King og Rambow (2012: 412–416). Framkvæmd prófanna og inntak þeirra er hins vegar breytilegt eftir því hvaða ríki á í hlut þannig að ekki verður fullýrt að þetta eigi almennt við. Ekkert hefur komið fram sem bendir til annars en að prófin fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt hafi sem slík reynst nothæf mælitæki til að skera úr um hvort tilskilin lágmarksmálfærni sé til staðar.

Minna virðist um að gerðar séu (strangar) tungumálakröfur til innflytjenda, m.a. í tengslum við umsóknir um ríkisborgararétt, í löndum Suður-Evrópu en í norður-, vestur- og austurhlutanum. Einnig er ljóst að t.d. Eistland og Lettland (en ekki með sama hætti Litháen, sjá t.d. Siiner og Vihalemm 2011: 118–119) hafa sérstöðu að því leyti að eftir 1991 varð samband ríkisborgararéttar annars vegar og þjóðtungnanna eistnesku og lettnesku hins vegar orðið vandasamt pólitískt viðfangsefni þar sem tekist var á um þá stöðu sem íbúar af rússneskum uppruna hefðu eftir fall Sovétríkjanna. Málið snerist sem sagt ekki um tungumálakröfur til nýrra borgara heldur um nýjar tungumálakröfur til fólks sem áður hafði komið sér fyrir í þessum löndum. Til að fá eistneskt ríkisfang hefur síðan 1993 meðal annars þurft að sýna fram á „grundvallarfærni í eistneskri ritun, lestri og tali ásamt grundvallarþekkingu á sögu Eistlands og

2 Í greininni notast ég við eigin þýðingar á tilvitnunum úr ensku sé viðkomandi heimild ekki þegar tiltæk í íslenskri gerð.

stjórnarskránni“ (Hogan-Brun, Ozolins, Ramonienė og Rannut 2008: 83) og svipað fyrirkomulag er í Lettlandi (s.st.).

2. Innflytjendur á Íslandi og tungumál þeirra

Enda þótt flestir á Íslandi hafi einsleitan bakgrunn hafa eigi að síður orðið tiltölulega hraðar breytingar á skömmum tíma. Hlutfall íbúa með erlent ríkisfang var aðeins 1,9% árið 1989 en er 6,7% árið 2013.

Tafla 1 sýnir að það er ekki fyrr en undir lok 20. aldar sem hlutfall innflytjenda fer að vaxa í samanburði við hlutfall innfæddra Íslendinga. Sama þróun hélt áfram og varð örari fyrsta áratug 21. aldarinnar. Íslenskt atvinnulíf hafði þá um nokkurt árabil mikla þörf fyrir innflutt vinnuafl. Karl Sigurðsson og Valur Arnarson (2011) áætla að

7% vinnuafls á Íslandi hafi verið með erlent ríkisfang [2006] og tæpur þriðjungur þeirra hafi komið frá Póllandi. Næstu tvö ár á eftir jókst [...] hlutfall erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði í nálægt 10% árið 2008 og var hlutfall Pólverja af erlendu vinnuaflinu komið í um 44% árin 2008 og 2009. Hlutfall erlends vinnuafls lækkaði svo aftur í 9% árið 2009. (Karl Sigurðsson og Valur Arnarson 2011: 14)

Atvinnuþátttaka innflytjenda á Íslandi nam 91% árið 2009 (sem er nánast sama hlutfall og meðal annarra íbúa landsins, 93%) og er þetta langhæsta hlutfall sem þekkist á Norðurlöndum (Birna Arnbjörnsdóttir 2011: 159). Varðandi fólksflutning til Íslands undir lok 20. aldar og fram á 21. öld, og áhrif efnahagshrunsins 2008 á hann, má sérstaklega benda á rannsóknir Unnar Dísar Skaptadóttur og fleiri, sjá t.d. Unni Dís Skaptadóttur (2010).

Hver skyldu vera helstu móðurmál innflytjenda á Íslandi árið 2013? Enginn vafi er á því að pólska er efst á blaði og síðan má ætla að a.m.k. annars vegar enska og hins vegar litháíska séu móðurmál fleiri en þúsund innflytjenda, hvort mál. Þetta er rakið nánar hér á eftir.

Tafla 1. Mannfjöldabreytingar á Íslandi 1959–2013. Ríkisfang (Hagstofa Íslands 2013).

	Íbúar	Íslenskt ríkisfang	%	Erlent ríkisfang	%
1959	176.500	174.000	98,5	2.500	1,5
1989	252.000	247.000	98,1	5.000	1,9
1999	275.500	269.000	97,6	6.500	2,4
2009	319.500	295.000	92,4	24.500	7,6
2013	322.000	300.500	93,3	21.500	6,7

Á vef Hagstofu Íslands (2013) eru ekki aðgengileg gögn um móðurmál innflytjenda en aftur á móti er hægt að sjá ríkisfang þeirra og fæðingarland. Slíkar upplýsingar geta gefið sterkar vísbendingar þótt þær sýni vitaskuld ekki með vissu hvaða tungumál er um að ræða. Hvað varðar tölurnar um íslenska ríkisborgara þarf að hafa í huga að í þeim hópi hefur þeim fjölgað mjög sem ekki eiga íslensku að fyrsta máli. Því er hlutfall íbúa með íslensku að móðurmáli áreiðanlega nokkuð lægra en sem nemur tölunum um íslenskt ríkisfang í Töflu 1.

Ef við leyfum okkur, þrátt fyrir ofangreinda fyrirvara, að álykta um erlent móðurmál út frá tölum um ríkisfang er, sem fyrr segir, enginn vafi á því að pólska er langalgengasta fyrsta mál innflytjenda; líklega um 9.400 íbúa á Íslandi. Álíka tala er gefin upp hjá Hagstofunni um Pólland sem fæðingarland innflytjenda. Mjög líklega eiga vel á annað þúsund manns á Íslandi litháísku að móðurmáli. Litháískir ríkisborgarar á Íslandi eru árið 2013 hátt í 1.600 talsins. Um 1.400 íbúar eiga Litháen að fæðingarlandi.³ Ef lagðar eru saman tölur um bandarískt, breskt, ástralskt, nýsjálenskt, kanadískt, suðurafrískt og írskt ríkisfang mætti álykta að meðal innflytjenda á Íslandi væru það um 1.500 manns sem ættu ensku að móðurmáli. Sé litið á tölur um fæðingarland íbúa á Íslandi sést þó t.d. að miklu fleiri eru fæddir í Bandaríkjunum (1.967 manns 2013) heldur en þeir sem hafa bandarískt ríkisfang og búa á Íslandi (586 manns). Ekki er ólíklegt að mörg börn íslenskumælandi for-

3 Rétt er að nefna að árin 2000–2001 höfðu 83,5% litháískra ríkisborgara etníska litháíska bakgrunn, skv. Hogan-Brun, Ozolins, Ramonienė og Rannut (2008: 67) svo að ekki má leggja ríkisfang og fyrsta mál að jöfnu nema reikna með allt að 16,5% skekkju.

eldra hafi fæðst í Bandaríkjunum. Í fleiri tilfellum er verulegur munur á tölum um ríkisfang annars vegar og fæðingarland hins vegar. Íbúar á Íslandi 2013 með filippseyskt ríkisfang eru 575 talsins en aftur á móti eru Filippseyjar gefnar upp sem fæðingarland 1.487 manns á Íslandi. Enda þótt hér séu ekki tiltækar upplýsingar um móðurmál Filippseyinganna má, út frá útbreiðslu tungumála á eyjunum almennt (Crystal 1992: 296), giska á að um fjórðungur innflytjendanna hafi lært tagalog/filippínó sem fyrsta mál, um fjórðungur sebúanó en aðrir önnur tungumál. Taíland er fæðingarland 1.132 manns sem búa á Íslandi (2013). Hins vegar hafa aðeins 523 þeirra nú taílenskt ríkisfang. Áætla má að a.m.k. tveir þriðju hlutar innflytjenda frá Taílandi tali taílensku sem fyrsta mál (sbr. Crystal 1992: 388).

Til viðbótar við þá sem fæðast erlendis og/eða hafa erlent ríkisfang koma vitaskuld börn þeirra sem fæðast á Íslandi og læra erlenda málið sem fyrsta mál af foreldrum sínum. Þess má geta að flestir þeirra sem fluttust til Íslands í byrjun 21. aldar voru á aldrinum 25–30 ára en börn fædd erlendis voru hlutfallslega fá, þ.e. aðeins um 2% allra barna (Unnur Dís Skaptadóttir 2010: 317).

3. Stefna Íslands varðandi innflytjendur og íslensku

Breytingar á uppruna íbúanna, sbr. 2. kafla hér á undan, hafa orðið til þess að íslenskt samfélag stendur frammi fyrir úrlausnarefnum sem raunar eru ekki öll alveg ný en blasa nú við í áður óþekktu umfangi. Félagsmálaráðuneytið gaf út stefnu ríkisstjórnar Íslands um aðlögun innflytjenda í janúar 2007. Þar voru innflytjendur hvattir til að læra íslensku og rökin, sem voru færð fyrir fjárhagslegum stuðningi stjórnvalda við íslenskukennslu fyrir innflytjendur, voru annars vegar af málpólitískum toga (varðveisla tungunnar, helsta samskiptamál landsmanna) og hins vegar voru rök sem vísa til lýðræðislegra gilda og til gagnsemi. Þá er gjarna gripið til líkingarinnar um þjóðtunguna sem „lykil að samfélaginu“ (Félagsmálaráðuneytið 2007a: 6). Ráðuneytið gaf út örstutta samantekt (370 orð) á stefnu ríkisstjórnarinnar um aðlögun, á þremur erlendum tungumálum (ensku, pólsku og spænsku) auk íslensku, og í

hinna stutta samantekt er mikil áhersla lögð á íslenskt mál eins og sjá má:

Lögð er áhersla á að standa dyggilega vörð um íslenska tungu. Það er áriðandi að það komi vel fram. Íslensk tunga er sameign þjóðarinnar og geymir sögu hennar, menningu og sjálfsvitund. Hún er einnig tæki til félagslegra samskipta. Kunnátta í íslensku er lykillinn að íslensku samfélagi og getur ráðið úrslitum um aðlögun innflytjenda. (Félagsmálaráðuneytið 2007b)

Meðal meginmarkmiða í stefnunni er íslenskunám fyrir fullorðna og þar eru þessir punktar efst á blaði: fullorðnir innflytjendur bæði á vinnumarkaði og utan hans eigi kost á góðri íslenskukennslu, samfélagsfræðsla sé hluti af íslenskunámi fyrir innflytjendur, tryggja skal framboð á námsefni sem hæfir markmiðum námskrár og fram fari gæðamat og eftirlit með íslenskukennslu. Birna Arnbjörnsdóttir (2011) fjallar um rannsókn á menntunarmálum fullorðinna innflytjenda á Norðurlöndum og möguleika þeirra til aðlögunar, ásamt norrænum samanburði á fjölda og stöðu innflytjenda og stefnu í innflytjendamálum. Meðal niðurstaðna rannsóknarinnar er að mikið hafi áunnist í menntunarmálum innflytjenda á Íslandi en enn sé nokkuð óunnið áður en markmiðum yfirlýstrar stefnu íslenskra stjórnvalda sé náð (2011: 156, 180–186).

Árið 2007 setti ríkisstjórnin á fót innflytjendaráð en því var falið að fjalla um helstu atriði í aðlögun útlendinga að íslensku samfélagi og m.a. að vera stjórnvöldum til ráðuneytis við stefnumótun í málaflokknum. Innflytjendaráð gaf út leiðbeiningar handa innflytjendum árið 2007. Útgáfan var tvímála, annars vegar á íslensku og hins vegar á ensku eða litháísku eða pólsku eða rússnesku eða serbnesku eða spænsku eða taílensku eða þýsku eða víetnömsku (tungumálin eru hér tilgreind af því að upptalningin segir sína sögu um markhópinn). Leiðbeiningarnar höfðu að geyma ýmsar upplýsingar sem taldar voru gagnlegar fyrir innflytjendur. Meðal annars er fjallað um íslenskunám og greint frá skólum og námskeiðum í íslensku fyrir útlendinga. Innflytjendur eru hvattir til að læra íslensku og bent er á kostina við það, m.a. við að geta gætt að rétti sínum og skyldum í samfélaginu:

Til að geta tekið virkan þátt í nýju samfélagi er mikilvægt að læra tungumálið. Með íslenskukunnáttu er auðveldara að afla upplýsinga, þekkja réttindi sín og skyldur, kynnast fólki og verða hluti af samfélaginu. (Innflytjendaráð 2007: 34)

Árin 2007–2008 ráðstafaði ríkisstjórnin um 320 milljónum króna í styrki til u.þ.b. 80 fræðsluaðila til að standa straum af kostnaði við námskeið í íslensku sem erlendu máli, fyrir um 5.700 fullorðna innflytjendur (Menntamálaráðuneyti 2008a: 5, 24–27, sjá einnig Birnu Arnbjörnsdóttur 2011: 172–174).

Í lögum um útlendinga (Alþingi 2002) er gerður greinarmunur á dvalarleyfum og búsetuleyfum. Dvalarleyfin eru tímabundin en búsetuleyfin fela í sér rétt til ótímabundinnar dvalar á Íslandi. Reglur um dvalarleyfi eru býsna margbrotnar og bera meðal annars með sér að lög landsins gera greinarmun á útlendingum eftir því hvaðan þeir koma, sbr. sérstakar reglur um EES-borgara og sérákvæði um norræna ríkisborgara. Þeir sem flytjast til Íslands og óska eftir dvalarleyfi þurfa ekki að standast nein próf í íslensku né eru gerðar aðrar formlegar kröfur um íslenskukunnáttu þeirra. Öðru máli gegnir um þá sem óska eftir búsetuleyfi á Íslandi. Í útlendingalögum er kveðið svo á að meðal skilyrða fyrir búsetuleyfi sé að hafa sótt námskeið í íslensku fyrir útlendinga. Í reglugerð innanríkisráðuneytisins (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið 2003) segir að umsækjandi skuli hafa sótt námskeið í íslensku sem nemur að lágmarki samtals 150 stundum eða hafi að öðrum kosti náð „viðhlítandi þekkingu“ í íslensku og leggi fram „vottorð því til staðfestingar að hann hafi staðist próf í íslensku fyrir útlendinga“. Þessar kröfur eru enn óbreyttar (2013). En eins og fram hefur komið og nánar verður fjallað um í næsta kafla var þeirri nýjung komið á frá 1. janúar 2009 að leggja íslenskupróf fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf árið 2008 út námskrá í íslensku fyrir fullorðna útlendinga. Námskráin miðast við 240 stunda nám fyrir byrjendur og er markmið hennar m.a. að auðvelda samræmingu og mat á íslenskukennslunni (Menntamálaráðuneyti 2008b). Námskráin tekur til fjögurra færniþátta: tals, hlustunar, lestrar og ritunar. Efnið svarar til færnistiganna CEFR A-1–A-2 í

Viðmiðunarramma Evrópuráðsins fyrir erlend tungumál (Common European Framework of Reference for Languages) (Menntamálaráðuneyti 2008b: 4).

Hinar almennu námskrár fyrir skóla taka nú orðið mið af sérstökum aðstæðum þeirra barna og unglunga sem flytjast til Íslands með erlendum foreldrum og tileinka sér íslensku sem annað mál í íslenskum skólum. Þessir nemendur eiga rétt á sérstakri kennslu í íslensku sem erlendu máli, bæði í grunnskóla, skv. 16. gr. laga nr. 91/2008, og í framhaldsskóla, skv. 35. gr. laga nr. 92/2008 (Alþingi 2008a, 2008b).

Íslensk málnefnd lagði fram tillögur sínar um íslenska málstefnu síðla árs 2008. Alþingi samþykkti þær óbreyttar sem opinbera íslenska málstefnu í mars 2009. Málstefnan hefur m.a. að geyma sérstakan kafla um íslensku sem annað mál. Þar er lögð áhersla á að íslenskt mál sé „lykillinn að íslensku samfélagi“ (Mennta- og menningarmálaráðuneyti 2009: 97) og tilgreint er sem meginmarkmið að „íslenska verði áfram aðalsamskiptamálið í fjölbjóðlegu samfélagi á Íslandi“ (2009: 98).

Árið 2011 samþykkti Alþingi lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls (Alþingi 2011). Fyrsta grein laganna kveður á um að íslenska sé „þjóðtunga Íslendinga og opinbert mál á Íslandi“. Samkvæmt annarri grein laganna skulu allir sem eru búsettir á Íslandi „eiga þess kost að læra og nota íslensku til almennrar þátttöku í íslensku þjóðlífi“. Skv. 9. grein skulu stjórnvöld einnig „leitast við að tryggja að sá sem skilur ekki íslensku geti fengið úrlausn erinda sinna og tileinkað sér efni skjala og skilríkja sem skipta hann máli“.

Í málpolitískri orðræðu á Íslandi er íslenska gjarna kölluð „lykillinn að íslensku samfélagi“. Ýmsar tilvitnanir í opinber skjöl og stefnuyfirlýsingar hér á undan sýna hve mikil áhersla er lögð á þýðingu þess að innflytjendur læri íslensku. Eins og fram hefur komið er þetta rökstutt í hinni opinberu orðræðu á þrennan hátt. Að hluta til er vísað til eins meginþáttarins í málstefnu þjóðarinnar: íslenska er þjóðtungan, ekki má ógna stöðu hennar sem sameiginlegs samskiptamáls þjóðarinnar allrar. Að hluta til er vísað til lýðræðislegra sjónarmiða um borgaraleg réttindi fólks: það sé auðveldara fyrir innflytjendur að gæta að réttindum sínum og skyldum ef

þeir skilja þjóðtunguna.⁴ Að hluta til er loks vísað til eins konar hagnýtisraka: innflytjendur eiga meiri möguleika á betri störfum ef þeir hafa vald á íslensku.

Þjóðkirkjan setti árið 1996 á fót sérstaka stöðu prests fyrir innflytjendur á Íslandi. Prestur innflytjenda, Toshiki Toma, er sjálfur innflytjandi og þekkir íslenskar aðstæður vel eftir a.m.k. tveggja áratuga búsetu á Íslandi. Hann lýsti mati sínu á þeirri hindrun sem íslenskan er innflytjendum á Íslandi í blaðagrein 18. júní 2011 þar sem hann skrifar m.a.:

Að mínu mati er íslenska samfélagið ekki orðið fjölmenningslegt enn í því sambengi að ríkjandi tungumál hindrar innflytjendur í að tjá sig. Raddir þeirra speglast því ekki í samfélaginu. Ég er hins vegar fullviss um að það myndi breytast mjög ef Íslendingar hvettu innflytjendur til þess að skrifa skoðanir sínar í dagblöð og vefmiðla, sem og ef þeir myndu bjóða innflytjendum aðstoð í yfirlestri. (Toma 2011)

Hin opinbera og skjalfesta innflytjendapólitík felur í sér þau skilaboð að aðlögun að íslensku samfélagi krefjist þess að fólk læri íslensku og noti hana. Og í samræmi við stefnuna hafa stjórnvöld á ýmsan hátt leitast við að auðvelda þetta, í stefnumótun, lögum, reglum, fjárframlögum til íslenskukennslu o.fl. En í reynd má vera að innflytjendurnir skynji önnur og gagnstæð skilaboð en þau sem felast í hinni opinberu skjalfestu stefnu, jafnvel beinlínis hindranir. Innflytjendur þurfa ekki aðeins, eftir atvikum, að gangast undir próf sem stjórnvöld leggja fyrir þá heldur þurfa þeir að mæta málkröfum viðkomandi lands í margvíslegum öðrum myndum, t.d. á vinnumarkaði og í annarri þátttöku sinni í nýja samfélaginu. Tækifæri þeirra til að fá góð störf geta ráðist af færni í þjóðtungu landsins – og mjög oft í ensku líka. Unnur Dís Skaptadóttir (2010), sem hefur sérstaklega kannað stöðu filippseyskra og pólskra innflytjenda, segir að eftir hrúnið hafi orðið mun algengara að krafa sé gerð um íslenskukunnáttu í flest störf (2010: 319) og viðmælendur í rannsóknum hennar segjast einnig finna fyrir neikvæðari viðhorfum

4 Hér má hafa í huga að kosningarétt í sveitarstjórnarkosningum hafa þeir sem hafa haft dvalarleyfi og þar með lögheimili á Íslandi í fimm ár (eða þrjú ef þeir eru norrænir ríkisborgarar); ríkisborgarar einir hafa kosningarétt í þingkosningum.

en áður á vinnustöðum og víðar (s.st.). Þegar innflytjendur tala íslensku með erlendum hreim, t.d. í verslunum eða á vinnustað, getur það gerst að íslenskir viðmælendur leggi sig ekki fram um að skilja þá eða að þeim sé svarað á ensku. Slík viðbrögð eru stundum skilin þannig að íslenska viðkomandi sé ekki talin nógu góð fyrir íslenska viðmælandann. Íslenskunám krefst tíma og orku af innflytjendum en þeir sem vinna langan vinnudag hafa ekki alltaf nægan tíma eða næga orku aflögu til að læra íslensku í kvöldskóla eða sjálfsnámi á þeim hraða sem aðrir kunna að ætlast til af þeim. Árangurinn getur látið á sér standa jafnvel þótt nægur áhugi sé fyrir hendi. Því er ekki að undra þótt sumum innflytjendum finnist sem gerðar séu ósanngjarnar eða óraunhæfar kröfur til þeirra um framfarir í íslensku.

Það liggur í hlutarins eðli að innflytjandi með sérþekkingu á ákveðnu sviði getur átt í verulegum vanda við að tileinka sér íslensk íðorð í grein sinni fái hann ekki vinnu í faginu. Þar með verður hann enn síður gjaldgengur í greininni á íslenskum vinnumarkaði jafnvel eftir margra ára dvöl í landinu. Samkvæmt Piller og Takahashi (2010) verða innflytjendur með verðmæta starfsmenntun, t.d. læknar og hjúkrunarfræðingar, oft fyrir „hreyfanleika niður á við á vinnumarkaði“ (2010: 544) í nýja landinu af því að þeir ráða ekki nægilega vel við sérfræðihugtök þjóðtungunnar þar. En ef starfsgreinin eða vinnustaðurinn krefst hins vegar ekki séríslensks íðorðaforða heldur einungis hins alþjóðlega (enska), eða einungis almenns orðaforða, þá skiptir þetta ekki máli.

4. Íslenskupróf fyrir umsækjendur um ríkisborgararétt árin 2009–2010

Þann 1. janúar 2009 gekk í gildi sú breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt að tekin voru upp íslenskupróf fyrir þá sem sækja um íslenskt ríkisfang með stjórnsákvörðun, þ.e. hjá innanríkisráðuneytinu. Eins og fram kemur hér á eftir gegnir öðru máli um veitingu ríkisfangs með sérstökum lögum frá Alþingi. Talsverðar breytingar voru gerðar á lögnum um ríkisborgararétt árið 2007 (Alþingi 2007b), m.a. var hert á kröfum um skilríki umsækjenda,

t.d. fæðingarvottorð, og um fjárhag þeirra, t.d. vottorð um að viðkomandi væri ekki þekktur fyrir fjársvik eða endurtekin gjaldþrot. Ákvæðið um íslenskuprófin var, eins og fram hefur komið, ekki látið taka gildi fyrr en liðin voru hátt í tvö ár frá því að lagabreytingin var samþykkt. Fram kom í athugasemdum með lagafrumvarpinu (Alþingi 2006–2007) að tilgangurinn með frestuninni væri að sjá til þess að unnt yrði að bjóða fleiri og betri námskeið í íslensku fyrir útlendinga áður en ákvæðið um íslenskupróf tæki gildi. Þessu tengdist líka að verið var að undirbúa fyrstu opinberu námskrána í íslensku fyrir fullorðna útlendinga (Menntamálaráðuneyti 2008b) og hefur hennar verið getið hér á undan. Ríkisstjórnin veitti jafnframt fjárstyrki til námskeiðahalds í íslensku fyrir innflytjendur og til að þróa ný námsgögn í íslensku sem erlendu máli árin 2007–2009. Tilgangurinn með því að fresta íslenskuprófunum frá 2007 fram í ársbyrjun 2009 var sem sagt að veita væntanlegum umsækjendum um ríkisborgararétt með stjórnvaldsákvörðun betra færi á að tileinka sér þá færni í íslensku sem ætlunin var að krefjast í prófunum.

Ef lítið er á breytingarfrumvarpið við ríkisborgararéttarlögin (Alþingi 2006–2007), hinar opinberu og skjalfestu röksemdir fyrir tillögunum og umræðurnar í þinginu (Alþingi 2007a), þá er þar engin ummæli að finna þess efnis að hinar nýju kröfur um íslenskukunnáttu umsækjenda væru sérstaklega ætlaðar til þess að hamla því að fólk gæti öðlast íslenskt ríkisfang með stjórnvaldsákvörðun. Í umræðum í þinginu um íslenskuprófin var lögð öll áhersla á kosti þess fyrir nýja Íslendinga að hafa vald á þjóðtungu landsins. Ekkert verður fullyrt um hvort og þá í hvaða mæli önnur sjónarmið, t.a.m. að draga þyrfti úr fjölgun íslenskra ríkisborgara úr röðum innflytjenda, hafi haft áhrif á ákvörðunina um að taka upp íslenskuprófin enda liggur ekkert slíkt fyrir í skjalfestum gögnum um meðferð málsins. Vissulega er ekki hægt að útiloka að svo hafi verið enda var í athugasemdum með frumvarpinu (Alþingi 2006–2007) vakin athygli á því að nýir íslenskir ríkisborgarar af erlendum uppruna, sem bættust við árlega, hefðu orðið fleiri og fleiri með hverju ári frá aldamótum (339 árið 2000, 836 árið 2005) og var því spáð að miðað við óbreytta þróun yrðu 2.925 slík ný vegabréf gefin út árið 2013.

Samkvæmt reglugerð innanríkisráðuneytisins um framkvæmd íslenskuprófanna (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið 2008) þurfa

ekki allir umsækjendur um ríkisfang með stjórnvaldsákvörðun að taka prófið, þ.e. heimilt er að veita undanþágu frá því skilyrði ef talið er ósanngjarnt að gera þá kröfu til viðkomandi, t.a.m. ef umsækjandi hefur náð 65 ára aldri og hefur átt lögheimili á Íslandi síðustu 7 ár áður en umsókn er lögð fram, einnig ef umsækjandi er í íslenskum grunnskóla eða undir grunnskólaaldri, og ef umsækjandi getur ekki gengist undir próf af alvarlegum líkamlegum eða andlegum ástæðum. Loks má veita undanþágu ef umsækjandi getur staðfest með viðhlítandi vottorði frá íslenskum skóla að hann hafi a.m.k. samsvarandi færni og gerð er krafa um í prófinu. Aðrir sem sækja um ríkisborgararétt með stjórnvaldsákvörðun þurfa að standast íslenskuprófið.

Nokkuð er um það árlega að Alþingi sjálft taki ákvörðun um að veita ákveðnum einstaklingum íslenskt ríkisfang með lögum. Í slíkum tilvikum er ekki gerð sérstök krafa um íslenskupróf. Upplýsingar úr lagasafni Alþingis um veitingu ríkisfangs með lögum árin 2011–2012 benda til þess að umfang þeirrar aðferðar nemi að jafnaði hátt í fimmtungi af heildarfjölda nýrra ríkisfangsbréfa.⁵ En meginreglan er hins vegar sú að innanríkisráðherra veitir íslenskan ríkisborgararétt að fenginni umsögn lögreglu og Útlendingastofnunar. Í því ferli koma til skjalanna hinar formlegu kröfur um íslenskufærni.

Reglugerð innanríkisráðuneytisins um íslenskupróf vegna umsókna um ríkisborgararétt (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið 2008) kveður svo á að umsækjendur þurfi að sýna að þeir geti bjargað sér við daglegar aðstæður í skóla, vinnu og einkalífi; geti bjargað sér við óvæntar aðstæður; hafi öðlast nægilegt vald á orðaforða til að geta tekið þátt í umræðum um kunnugleg málefni; geti skilið einfaldar samræður milli manna; geti lesið stutta texta á einföldu máli um kunnugleg efni; geti skrifað stuttan texta á einföldu máli um kunnugleg efni; geti greint aðalatriði í útvarpi og sjónvarpi þegar um kunnugleg efni er að ræða.

Innanríkisráðuneytið gerði samning við Námsmatsstofnun um

Nýja heimsins og kynni kristinna Evrópubúa af indíánunum sem

- 1 La Boétie 1549: 57. „Þessi góða móðir [náttúra] gaf okkur öllum jörðina alla sem dvalarstað, kom okkur öllum fyrir í sama bústað, skapaði okkur öll í sömu mynd til þess að hvert og eitt okkar gæti séð sig og svo að segja þekkt í öðrum;“ (þýð. greinarhöfundar); sjá líka M.A. Schreech, *Montaigne and Melancholy. The Wisdom of the Essays*, Harmondsworth: Penguin, 1983: 111–112.
- 2 Sjá t.d. rit Edwards W. Said, *Orientalism*, New York: Vintage Books, 1979; Edward W. Said, *Culture Imperialism*, London: Vintage Books, 1994; Homi K. Bhabha, *The Location of Culture*, London, New York: Routledge, 1994, einkum k. 3, „The Other Question“.

hann byggðu var stór atburður í þessu samhengi.³ Við þann atburð er oft miðað þegar reynt er að tímasetja upphaf nýaldar. Lýsingar á skrælingjum Nýja heimsins höfðu mikil áhrif á Evrópubúa, ekki síst sögur af mannáti og ýmsum grimmdarverkum sem þeir áttu að hafa framið. Þemað er stórt, eins og Tzvetan Todorov bendir á í riti sínu um landvinningana í Nýja heiminum, ekki síst vegna þess að „hinn“ býr líka í okkur sjálfum (Todorov 1992: 11). Einn þeirra endur-reisnarmanna sem skrifuðu um íbúa Nýja heimsins var Frakkinn Michel de Montaigne (1533–1592) sem er þekktastur fyrir rit sit *Essais* eða Tilraunir en þar dregur höfundur upp mynd af sjálfum sér og samtíma sínum með því að beina sjónum að ólíkustu viðfangs-efnum. Hér verður sagt frá því hvernig sjálfsskoðun og viðhorf til „hins“ fléttast saman í umfjöllun hans um mannætur Nýja heimsins.⁴ Fyrst verður þó staldrað við esseyjuna og höfund hennar.

2. Montaigne og esseyjan

Ágengar spurningar um sjálfið og tengsl þess við aðra hafa fylgt mannum um aldir og tekið á sig ólíkar myndir. Listamenn, hugsuðir, rithöfundar og heimspekingar hafa sett fram hugmyndir um þetta margbrotna viðfangsefni í verkum sínum. Trúbadúrar sungu um ást og söknuð í fjarveru hinnar elskuðu; „Hvað er sjálfið?“ spurði Pascal í lok 17. aldar, „Ég er annar“ skrifar Arthur Rimbaud í bréfi frá árinu 1871 og hálfri öld síðar fjallar Albert Camus um einstakling sem samfélagið skilur ekki í skáldsögu sinni *Útlendingnum*. Sjálfið er svo skrifað inn í sjálfsævisöguna á einn eða annan hátt í góðri samvinnu við lesandann eins og Philippe Lejeune hefur bent á í ritum sínum.⁵ Nú á dögum er sjálfstjáningin líklega vinsælli en nokkru sinni fyrr. Einn af upphafsmönnum sjálfssögunnar var

3 Í verki sínu *La conquête de l'Amérique. La question de l'autre* fjallar Tzvetan Todorov um landafundina út frá spurningunni: Hvernig ber manni að koma fram við aðra? Frásagnir af landafundunum eru eins konar dæmisaga um það; París: Éditions du Seuil, 1982.

4 Þessi grein byggist að hluta til á fyrirlestri sem haldinn var á Hugvísindabingi 5.–6. mars árið 2010 í málstofunni „Sýn Evrópubúa á Nýja heiminn“. Ritrýnum er þakkað fyrir góðar athugasemdir.

5 Philippe Lejeune hefur skrifað mörg rit um sjálfsævisöguna sem bókmenntategund, t.d. *Le Pacte autobiographique*, París: Seuil, 1996 (©1975); *Je est un autre: l'autobiographie de la littérature aux médias*, París: Seuil, 1980; *Autogenèses, Les brouillons de soi* 2, París: Seuil, 2013.

Michel Eyquem eða Michel de Montaigne eins og hann kallaði sig, og er hann gjarnan nefndur þegar þessa forvitnilegu bókmenntagrein ber á góma.

Michel Eyquem fæddist árið 1533 á landareigninni Montaigne nálægt Bordeaux. Hann var af efnuðu fólki kominn, hlaut góða menntun, las lögfræði og starfaði sem ráðgjafi við réttinn í Périgueux og síðan Bordeaux. Hann kynntist starfsbróður sínum og skáldinu Étienne de La Boétie og með þeim tókst mikil vinátta. Þegar faðir Michels dó, árið 1568, erfði sonurinn jörðina og tók upp nafnið Montaigne. Nokkrum árum síðar lét hann af ráðgjafarstörfum, 38 ára gamall, dró sig í hlé og helgaði skrifum og fræðistörfum tíma sinn. Hann kom sér fyrir í turni á setri sínu með bókasafn sitt og blöð og dvaldi þar löngum stundum, las og skrifaði, hugsaði og horfði út um gluggana; þannig gat hann fylgst með lífinu á setrinu og stjórnað búinu (Montaigne III.3, 1962⁶: 806; Hoffmann 1998: 13). Endurreisnin í Frakklandi mótaðist meðal annars af miklu trúarlegu umróti og þar tókust kaþólikkar og mótmælendur á í borgarastríði sem klauf landið í andstæðar fylkingar. Í marga áratugi (1562–1598) var barist af heift. Montaigne var kaþólskur en áhrif mótmælendatrúar voru mikil þar sem hann bjó.⁷ Hann hlýddi þó kalli konungs, Hinriks 3., og tók þátt í samningaviðræðum eins helsta forsprakka mótmælenda, Hinriks af Navarre (seinna Hinrik 4.), sem Montaigne dáðist að, og erkifjanda hans, hins volduga Hinriks af Guise. Árið 1580 fór Montaigne til Parísar þar sem hann færði Hinriki 3. fyrstu tvö bindi rits síns *Essais* sem þá voru nýút-komin. Hann ferðaðist þaðan til Rómar um Sviss, Þýskaland og Ítalíu og leitaði sér lækninga við gallsteinum. Hann hélt dagbók, *Journal de voyage*, á ferðalaginu sem ekki var ætluð til útgáfu en kom þó fyrir almennings sjónir árið 1774. Árið 1581 var hann settur bæjarstjóri Bordeaux þótt hann hafi ekki sóst sérstaklega eftir því embætti og gegndi starfinu til 1585. Sama ár herjaði pestin grimmt á íbúa Bordeaux og nágrennis og fjölmargir lögðu á flóttu. Þegar faraldrinum linnti gat Montaigne snúið sér aftur að ritstörfum.

6 Áður en vísað er í blaðsíðatal þeirrar útgáfu verksins *Essais* sem notuð var við ritun greinarinnar er tilgreint númer bindis og kafla (hér III.3).

7 La Guyenne var stjórnað af Hinrik af Navarre sem var mótmælendatrúar þar til hann snerist til kaþólsku til þess að geta tekið við konungstigninni eftir lát Hinriks 3. Trúarbragðastríðin í Frakklandi stóðu í um fjörutíu ár.

Hann eignaðist sex dætur með eiginkonu sinni, Françoise de la Chaigne, sem hann kvæntist 1565, en aðeins ein þeirra, Léonor, náði fullorðinsaldri. Montaigne lést árið 1592 (Montaigne 1962: xiii–xxiv; Frame 1965; Bakewell 2011).

Í bókmenntasögunni er Montaigne gjarnan fundinn staður milli Rabelais og Shakespeares. Á tímum upplýsingarinnar voru skrif hans vel metin af samlöndum hans en á tímabilinu 1660–1720 sættu þau harðri gagnrýni og síðan var þeim lítill áhugi sýndur um alllangt skeið (Montaigne 1962: xxiii; Boas 1970). Montaigne fæddist á tímum endurreisnarinnar, nokkrum árum eftir andlát Erasmusar frá Rotterdam, og hlaut húmaníska menntun í anda þess tímabils. Hann segir frá því hvernig faðir hans sá til þess að hann lærði latínu strax á unga aldri, án bóka, málfræði og tára, svo að hann þyrfti ekki að eyða löngum stundum í það nám síðar á kostnað annars. Faðir hans réð Þjóðverja sem kunni ekki frönsku til að annast uppeldi sonarins. Þjóðverjinn og tveir aðstoðarmenn hans töluðu einungis latínu við barnið og öllum á heimilinu var bannað að mæla við drenginn á öðru tungumáli. Þannig lærðu foreldrar Montaignes og þjónustufólk hrafl í latínu en hún varð á vissan hátt móðurmál Montaignes sem fékk ekki að læra frönsku fyrr en hann var orðinn sex ára gamall (Montaigne I.26, 1962: 43). Latínan var honum svo töm að hann greip til hennar eins og við slettum ensku; hann sækir mikinn innblástur í höfunda fornaldar og vitnar iðulega í þá máli sínu til stuðnings. Mörgum árum síðar þýddi Montaigne úr latínu verkið *Theologia naturalis* eftir spænska guðfræðinginn Raimond Sebond, að beiðni föður síns sem hafði heyrt að það væri meðal við mótumælandatrú. Ári síðar gaf hann út ljóð vinar síns Étienne de La Boétie sem þá var látinn en einstök vinátta þeirra Montaignes skildi eftir góðar minningar en ekki síður tóm og söknuð.⁸ *Essais* er eina ritverkið sem Montaigne samdi og sendi frá sér.⁹

Þegar Montaigne lét af borgarstjórarstarfinu í Bordeaux fór hann að vinna að því riti sem síðar fékk heitið *Essais*. Tveir fyrstu hlutar verksins komu út árið 1580 en viðtökurnar voru dræmar. Nokkrum árum síðar, 1588, var það gefið út aftur, með ýmsum lagfæringum, og hafði þá þriðja hlutanum verið bætt við. Dagbókin, *Journal de*

8 Montaigne fjallar um samband þeirra í esseyjunni „Um vináttuna“ (I.28).

9 Nokkur bréf Montaignes hafa einnig varðveist (Montaigne 1962: 1347–1400).

voyage, nýttist höfundinum vel við það verk. Viðtökurnar voru betri en í fyrra skiptið og Montaigne hélt áfram að vinna í ritinu allt til dauðadags og enn var verkið gefið út, árið 1595, eftir dauða höfundarins, með viðeigandi viðbótum. Útgáfurnar þrjár gera lesandanum kleift að fylgjast með þróun verksins og er gjarnan talað um þrjú lög þess í því sambandi. Einnig sýna þær hvaða breytingum höfundurinn sjálfur tekur á ritunartíma þess, hvernig viðhorf hans breytast og skoðanir, rétt eins og útlit og heilsa: „Ég hef elst um sjö til átta ár síðan ég byrjaði. Og við það hefur ýmislegt nýtt áunnist. Af örlæti árána hef ég, á þeim tíma, kynnt mér nýrnasteina“ (Montaigne II.37, 1962: 737; Auerbach 2008: 431). Því eins og fram kemur í ávarpi höfundar til lesandans þá er þetta verk fyrst og fremst mynd af Montaigne sjálfum:

Lesandi, þetta er einlæg bók. Strax frá upphafi ert þú upplýstur um það að eina markmið mitt með verkinu er fjölskylda og vinir. Ég hef á engan hátt haft í huga að þjóna þér eða hégómagirnd minni. Kraftar mínir eru þess ekki megnugir. Bókinni er eingöngu ætlað að vera til þæginda fyrir skyldmenni mín og vini þannig að þegar ég kveð þennan heim (sem brátt verður) geti þeir fundið hér nokkur einkenni á venjum mínum og lungundarfari og með því móti gert þekkingu sína á mér heillegri og líflegri. Hefði ég skrifað til þess að vekja aðdáun annarra þá hefði ég haft mig til og sýnt mig hér á mun skipulegri hátt. Ég vil að fólk sjái mig fábrotinn, eðlilegan og hversdagslegan, án þess að ég stilli mér upp eða fegri, vegna þess að það er ég sjálfur sem ég dreg hér upp mynd af. Gallar mínir og náttúrulegt útlit munu blasa við, svo lengi sem það stríðir ekki gegn vel-sæminu. Hefði ég lifað meðal þeirra þjóða sem sagt er að búi enn við hið ljúfa frelsi fyrstu laga náttúrunnar þá fullvissa ég þig um að ég hefði mjög gjarnan dregið upp mynd af mér öllum og það kviknöktum. Þannig er ég, lesandi góður, sjálfur viðfang minnar eigin bókar; það er ástæðulaust að þú eyðir frítíma þínum í svo léttvægt og innantómt efni. Far því vel, frá Montaigne, þennan fyrsta dag marsmánaðar fimmtán hundruð og áttatíu.¹⁰ (Montaigne 1962: 9)

Montaigne skrifaði þó ekki ævisögu í þeim skilningi sem nú er oftast lagður í það orð. Þótt einstaklingurinn fengi meira vægi á tímum

10 Greinarhöfundur þýðir allar tilvitnanir í rit Montaignes í greininni.

endurreisnar en á miðöldum var það nýstárlegt uppátæki á síðari hluta 16. aldar að setjast niður og lýsa því yfir að nú ætli höfundur að skrifa bók um sjálfan sig. Það stangaðist ekki hvað síst á við það líftillæti sem kristnin bauð börnum sínum að sýna. Hugmyndir um einstaklinginn og frelsi hans tóku umtalsverðum breytingum á þessum tíma. Sumar trúarhreyfingar, s.s. jansenistar, sem kenndir eru við Cornelius Jansen, höfund *Augustinus* (1640), gerðu þó lítið úr mannlegu eðli en því meira úr Guði (Delumeau 1984: 334–358). Blaise Pascal, sem var undir áhrifum jansenismans, kunni ekki að meta Montaigne af þessum ástæðum þótt áhrifa Montaignes gæti einnig í skrifum hans (Boase 1970: 359–375). Þrátt fyrir mikla auðmýkt í ávarpi sínu til lesandans þar sem Montaigne gerir lítið úr verki sínu var hann meðvitaður um frumleika þess (Schreech 1983: 6–8). Verkefni hans var vissulega óvenjulegt; hann vildi draga upp mynd af sér en ekki til þess að fjalla um líf sitt, afrek og ævihlaup heldur í þeim tilgangi að kynnast sjálfum sér betur. Til þess finnur hann upp nýja bókmenntagerð, *l'essai*, orð sem er nú notað fyrir ess-eyjuna eða ritgerð. Franska orðið *essai* er dregið af latneska orðinu *exagium* ‘vog’ og á tímum Montaignes var merking þess ‘þraut’, ‘próf’, ‘prófraun’, ‘tilraun’, en það gat einnig þýtt ‘að beita einhverju til þess að ganga úr skugga um kosti þess’ (Glaudes og Louette 2011: 54–55).¹¹ Þannig gat *essai* verið vel heppnuð og borið árangur eða – og það á t.a.m. við um esseyjur Montaignes – birist sem hik og hægagangur. Esseyjurnar eru tilraunir af ýmsum toga og í þeim reynir höfundurinn sjálfan sig, líkama og sál, skynsemi, dómgreind og tilfinningar með því að takast á við ólíkustu viðfangsefni. Leið hans að viðfangsefninu fólst í því að horfa á heiminn, nær og fjær, og mynda sér skoðun á því sem þar bar fyrir augu. Hann rýnir í spegil og sér andlit sitt eldast. Hann fjallar um dauðann, uppeldi barna, ketti, hrukkur, sjúkdóma, elli, einsemd, iðrun, sorg, hégóma, reynslu, óstöðugleika athafna okkar, vináttuna, smáatriði úr daglega lífinu, um margar leiðir að sama marki, Nýja heiminn, landafundina og ýmis önnur málefni sem eru honum hugleikin. Esseyjurnar eru þannig tilraunir Montaignes til að komast nær sjálfum sér með því

11 Sjá einnig orðabækurnar *Dictionnaire de l'Académie Française*, 1. útgáfa (1694), og *Dictionnaire du Moyen Français* sem nær yfir tungumálið frá 1330–1500. Þær eru aðgengilegar á rafrænu formi á heimasíðu Centre National de Ressources Textuelles et Lexicales, <http://www.cnrtl.fr/>.

að takast á við hin ólíkustu viðfangsefni. Í seinasta kafla verksins, sem er eins konar samantekt og niðurstaða, segir Montaigne: „Engin þrá er eðlilegri en þekkingarþráin. Við reynum (fr. *essays*) allar leiðir sem þangað liggja“ (Montaigne III.13, 1962: 1041). Hann gerir líka tilraun með formið og fylgir ekki stöðluðum reglum síns tíma um uppbyggingu texta; *Essais* er tilraunaverk, í sífældri endurritun og endurskoðun.

3. Montaigne um mannlegt eðli

Montaigne er einn af þeim höfundum sem Erich Auerbach fjallar um í verki sínu *Mimesis, framsetning veruleikans í vestrænum bókmenntum*. Í kaflanum „Hlutskipti mannsins“ greinir Auerbach frá því hvernig Montaigne sýnir sjálfan sig sem flöktandi veru á stöðugri hreyfingu, þar sem andi og líkami eru eitt og einstaklingurinn óaðskiljanlegur hluti af umhverfi sínu og samtíma. Í skrifum sínum lýsir hann, betur en aðrir samtímamenn hans, „vanda mannsins við að ná áttum í heiminum; það er, að lifa lífinu án fastra viðmiðana“ (Auerbach 2008: 462). Montaigne var víðlesinn og hans hæglatu, ólgandi skrif veita okkur einstaka innsýn í hugsun manns á síðari hluta 16. aldar. Verk hans er þó ekki síst forvitnilegt fyrir þann áhuga og skilning á mannlegu eðli sem þar er að finna. Í riti sínu *Montaigne and Melancholy* bendir Michael A. Screech á að hvorki Rabelais né Shakespeare hafi haft sama skilning og Montaigne á náttúrulegum takmörkum mannsins (Screech 1983: 2). Í 2. esseyju 3. hluta *Essais* kemur vel í ljós sýn höfundarins á manninn, og sjálfan sig:

Aðrir móta manninn; ég segi frá honum og dreg upp mynd af sérstökum einkar illa gerðum manni sem yrði afar ólíkur því sem hann er ef ég ætti að móta hann á nýjan leik. En nú er það gert. Nú munu drættir málverks míns ekki hvika jafnvel þótt þeir breytist og séu margvíslegir. Heimurinn er einungis vegasalt sem aldrei stöðvast. Allt sveiflast í sífellu: jörðin, klettarnir í Kákasusfjöllum, pýramídarnir í Egyptalandi, bæði í takt við almenna hreyfingu og sína eigin sérstöku hreyfingu. Jafnvel stöðugleikinn er aðeins silaleg hreyfing. Ég get ekki fest niður viðfang mitt, það er

hulið þoku og hrasar af náttúrulegri ölvun. Ég fanga það á þessum tíma-punkti, eins og það er á þeirri stundu þegar ég virði það fyrir mér. Ég sýni ekki hvernig það er. Ég sýni hvernig það breytist, ekki frá einu aldurs-skeiði til annars eða, eins og fólk segir, frá sjö árum til sjö ára, heldur frá degi til dags, mínútu til mínútu. Ég verð að laga sögu mína að líðandi stund. Ég get hæglega breyst núna, ekki aðeins fyrir tilviljun heldur einnig af ásetningi. Þetta er listi yfir ýmsa breytilega atburði, yfir óákveðnar og stundum mótsagnakenndar hugmyndir, annaðhvort vegna þess að ég er annar ég eða þá vegna þess að ég fjalla um viðfangsefnin út frá ólíkum aðstæðum og frá öðru sjónarhorni. Því getur verið að ég sé í mótsögn við sjálfan mig en eins og Demades sagði, þá er ég aldrei í mótsögn við sannleikann. Ef hugur minn gæti fundið tryggja fótfestu þá talaði ég ekki hikandi heldur tæki ég af skarið; hugur minn er alltaf í stöðu lærlings og þarf að sanna sig. (Montaigne 1962: 782; Auerbach 2008: 422–423)

Þegar Montaigne dregur upp sjálfsmyndina þá er það ekki í einu striki heldur óteljandi skissum; hann skoðar viðfangsefnið úr ýmsum áttum, færir sig til, fram og aftur, til hægri og vinstri, til að fá á það betri sýn og þannig tekur verkið sífelldum breytingum. Bæði málari og fyrirsætan eru á stöðugri hreyfingu (Rousset 1954: 139), bæði í huganum og líkamlega. Í kaflanum „Um yfir-lætið“ þar sem Montaigne lýsir útliti sínu – hæð undir meðallagi, loðinn á bringu og fótleggjum, þéttbyggður án þess að vera feitur ... – og áhrifum ellinnar, sem er framundan, segir hann: „Ég legg á flóttu og laumast frá sjálfum mér á hverjum degi“ (Montaigne II.17, 1962: 625). Hugurinn er ekki síður ókyrr; Montaigne hélt, þegar hann dró sig í hlé frá skarkala heimsins til að hvílast og öðlast hugarró, að iðjuleysið yrði honum til góðs. En aðgerðaleysið hafði þveröfug áhrif: Hugurinn hamaðist eins og ólmur hestur sem hefur slitið sig lausan og fæddi af sér svo margvíslega hugaróra og yfir-náttúruleg skrímsli, að Montaigne segist hafa tekið til við að skrifa til þess að geta virt þau betur fyrir sér (Montaigne I.8, 1962: 33–34).

Þessi lýsing á manninum og eðli hans er ekkert einsdæmi á þessum tíma og fellur vel að því sem nú er gjarnan kallað barokk-stefnan í listum og arkitektúr. Eitt af einkennum hennar er einmitt

tilfinning fyrir tímanum og hverfulleikanum, þeim stöðugu breytingum sem allt er undirorpið, maðurinn og heimurinn allur. Vatn, eldur og vindur, í hinum ýmsu myndum, voru vinsæl þemu hjá barokkskáldunum og í augum sumra þeirra var náttúran óumflýjanlegur dauði. Þegar franska skáldið Jean de Sponde (1557–1595) yrkir: „Náttúran er óstöðug og með hreyfingum sínum málur hún ýmsar breytingar á enni sér“ er það til að undirstrika mótsögn efnisins og andans sem er stöðugur í hringiðu óstöðugleikans (Rousset 1954: 119). Jafnvel steinninn, eða marmarinn, lætur undan: „Þegar marmarinn breytist má höggva hann og slípa“ kvað skáldið Pierre Le Moyne (1602–1672) (Rousset 1954: 135). Í umfjöllun sinni um Montaigne bendir Maurice Merleau-Ponty á að leit Montaignes sé í raun ekki leit að neinu sérstöku – líkt og veiði án bráðar – en að það sé eina leiðin til að lýsa manninum.¹² Þess vegna gaumgæfi hann flæði hugsana, í líkingu við Proust síðar, og að það gefi til kynna að „fyrir Montaigne hefði eini sigurinn á tímanum verið sá að tjá tímann“ (Merleau-Ponty 1960: 255). Dauðinn bíður okkar allra og eitt af mikilvægustu viðfangsefnum Montaignes er það hvernig maðurinn, eða að minnsta kosti hann sjálfur, eigi að lifa með þessari vissu.¹³ En með iðkun heimspekinnar lærir maður að deyja (Montaigne I.20, 1962: 79–95). Hann bendir á að það sem skipti mestu máli er ekki hversu lengi maður lifir heldur hvernig og notar seinustu línur verksins til að minna lesanda sinn á nauðsyn þess að þekkja sjálfan sig og lifa í sátt til að geta notið tilverunnar:

Það er alger fullkomnun, og næstum því guðleg, að kunna að njóta tilverunnar [fr. *son estre*] af einlægni. Við leitumst við að breyta eðli okkar vegna þess að við skiljum það ekki og leitum út fyrir okkur sjálf vegna þess að við vitum ekki hvernig við erum að innan. Þess vegna er lítill ávinningur í því fölginn að vera á stultum þar sem við verðum samt að hreyfa fætuna til að geta gengið. Og í hæsta háseti heimsins sitjum við bara á rassinum. (Montaigne III.13, 1962: 1096)

12 Hann tileinkar Montaigne einn kafla (k. IX „Lecture de Montaigne“) í verki sínu *Signes*, París: Gallimard, 1960, bls. 250–266.

13 Lífsheimspeki Montaignes á enn erindi við lesendur, sjá t.d. Antoine Compagnon, *Un été avec Montaigne*, Sainte-Marguerite-sur-mer: Ed. des Equateurs, 2013 og nýlegt rit Söruh Bakewell, *How to live or A Life of Montaigne*.

Sýn Montaignes á manninn og sjálfan sig endurspeglast ekki einungis í fjölbreyttu efnisvali *Essais* heldur einnig í stíl og uppbyggingu verksins. Í „tilraunum“ sínum lætur Montaigne hugann reika úr einu í annað, enda eðli mannsins að vera á sífelldri hreyfingu þar sem heimurinn er aldrei kyrr. Þess vegna er maðurinn líka óstöðuglyndur og flöktandi. Þegar hann spyr: „Hvað veit ég?“ er það vegna þess að hann er meðvitaður um að það sem hann vissi í gær er ekki lengur eins og það var; allt breytist í sífellu. Lesandinn á stundum erfitt með að fylgja höfundinum eftir þar sem tengingar Montaignes eru oft óvæntar og merking þeirra ekki augljós þótt hver esseyja sé í raun – þegar lesandinn er kominn alla leið – langt frá því að vera stefnulaus. Höfundurinn flakkar á milli hugsana, tungumála, menninga, minninga og viðhorfa og gerir umtalsverðar kröfur til lesanda síns sem verður að taka þátt í esseyjunni, þreifa sig áfram, eins og Montaigne sjálfur. Stíll Montaignes á eflaust nokkurn þátt í því. Hann lýsir honum sjálfur í verkinu og segist ekki hafa hæfileikann til þess að krydda frásögn og gera skemmtilega (Montaigne II.17, 1962: 620). Setningar eru oft langar, hann sleppir gjarnan tengiorðum innan málsgreina eða tengingum í röksemdafærslum en um leið er stíll hans sérlega líflegur og eðlilegur. Fyrirmynd skrifanna eru bréfaskriftir og hin sókratíska samræða, en Montaigne getur þess að lát Etienne de La Boétie hafi komið í veg fyrir að hann gæti skrifað til hans, þess vegna hafi hann skrifað *Essais*. Hér eru það Montaigne og lesandinn sem kallast á, ræða saman, og ljóst er að Montaigne ber virðingu fyrir þeim síðarnefnda: „Glöggur lesandi kemur oft auga á, í skrifum annarra, aðra kosti en þá sem höfundur vissi af sjálfur, og gæðir þau dýpri og fjölbreyttari merkingu og túlkun“ (Montaigne I.24, 1962: 126). Montaigne fær lesandann til að hugsa með sér, leita svara og skýringa, eins og til dæmis í óræðum upphafsorðum esseyjunnar um iðrunina (III.2) hér fyrir ofan þar sem höfundurinn greinir sig frá öðrum án þess að skilgreina nánar hverjir það eru. Ef til vill eru það þeir sömu og Montaigne vísar til þegar hann segist draga upp mynd af sjálfum sér fyrir aðra: Myndin verður skýrari eftir því sem hann gerir fleiri tilraunir og þannig er hann sjálfur jafnmikið afsprengi bókarinnar og hún afsprengi hans (Montaigne II.18, 1962: 648). Maðurinn mótast og tekur á sig mynd í snertingu og samskiptum við aðra. Tengslin

við annað fólk eru því nauðsynleg, en Jean Starobinski bendir á að þar eins og víðar sé Montaigne fullur mótsagnar: hann sýnir sig til þess að aðrir sjái hann eins og hann er en kærir sig kollóttan um hvað öðrum finnst (Starobinski 1985: 89–137).

4. Indíanarnir og við

Þótt Montaigne fari um víðan völl í sjálfsskoðun sinni fer hann líklega aldrei eins langt, í landfræðilegum skilningi, og þegar hann fjallar um Nýja heiminn þótt hann hafi aldrei komið þangað. Þegar Montaigne byrjar að skrifa *Essais* eru landafundirnir miklu að baki og margar ferðasögur hafa komið út. Þar má nefna *La Singularitez de la France antarctique* (Sérkenni Frakklands suðurhvelsins) eftir André Thevet sem kom út 1557 og *Histoire d'un voyage faict en la terre du Brésil* (Saga ferðar sem farin var til Brasilíu) eftir Jean de Léry frá árinu 1578, sem báðar fjalla um Brasilíu þótt á ólíkan hátt sé. Einnig eru spænsk verk um Nýja heiminn lesin í Frakklandi í frönskum þýðingum svo sem *Brevísima Relación de la Destrucción de las Indias* (Örstutt frásögn af eyðingu Indíalanda, 1552) eftir Bartolomé de Las Casas þar sem voðaverk Spánverja í Nýja heiminum voru afhjúpuð og *Historia de las Indias* eða *Hispania Victrix* (Saga Indíalanda eða Sigursæli Spánn, 1552) eftir Fransisco López de Gómara.¹⁴ Það er greinilegt að Montaigne hefur lesið sér til um landafundina og víst þykir að hann hafi stuðst við ofangreindar franskar ferðasögur þótt hann nefni ekki heimildir sínar.¹⁵ Hann nefnir einnig munnlegar frásagnir fábrotinna ferðalanga, sem honum falla vel, þar sem þeir skreyta ekki frásagnir sínar, öfugt við marga menntamenn sem túlka og teygja viðfangsefni sín eftir eigin hentugleika og smekk (Montaigne I.31, 1962: 202). Montaigne fjallar einkum um íbúa Nýja heimsins í tveimur ritgerðum í verki sínu: „Af mannætum“ („Des cannibales“ I.31), sem hann helgar þessu

14 Verk Las Casas og Gómara voru þýdd á frönsku: Bartolomé de Las Casas, *Histoire admirable des horribles insolences, cruantez et tyrannies exercées par les Espagnols ès Indes Occidentales*, traduit par Jacques de Migrode, 1579; Francisco López de Gómara, *Histoire generale des Indes occidentales*, Traduite par Martin Fumeé, 1568.

15 *Histoire de Portugal* eftir Hieronymus Osorio er einnig tilgreind sem ein af heimildum Montaignes. Hún kom út í franskri þýðingu 1581 (sjá t.d. Montaigne 1962, bls. 1493–1494).

efni, og í kaflanum „Um ferðamáta“ („Des coches“ III.6) þar sem hann tengir vangaveltur um farartæki, munað og konungstign við hugrekki og reisn indíánakonunga í Mexíkó.¹⁶

Afstaða hans til landafundanna er skýr. Hann fordæmir landvinninga Spánverja og Portúgala, illa meðferð þeirra á indíánunum, útrýmingu þjóða og menningar, græðgi, grimmd og hroka landvinningamannanna sem nýttu sér „fáfræði og reynsluleysi“ indíánanna (Montaigne III.6, 1962: 876–894). Þannig hefst kaflinn „Af mannætum“ á skilgreiningu á orðinu *barbari* sem Montaigne skýrir ekki út frá orðasifjafræðinni heldur því hvernig hver þjóð notar þetta orð um þá sem ekki tilheyra henni; barabarismi er þá einfaldlega það sem ekki fellur undir venjur hennar og siði. Sjónarhornið og viðmiðið er alltaf maður sjálfur, það sem gott þykir og rétt í manns eigin landi. Svo dregur Montaigne upp mynd af þessu fjarlæga fólki og daglegu lífi þess.¹⁷

Íbúar Nýja heimsins eru óspilltir, hjartahreinir og hraustir og heimildamenn Montaignes segjast ekki hafa séð þar nein tannlaus og skjálfandi gamalmenni. Þeir eru blessunarlega lausir við tölur og bókstafi, dómara, stjórnámamenn, vinnu, klæðnað og vín, og svo mætti lengi telja. Þeir eru eins og ein stór fjölskylda, tungumál þeirra er hljómpýtt, einna líkast grísku, og þeir eiga ekki orð yfir ósannindi, svik, fals, nirfilshátt, öfund eða fyrirgefningu. Landið er hlýtt, byggðin meðfram sjónum og sjórinn fullur af fiski. Innfæddir fara á fætur í dagrenningu og neyta þá einu máltíðar dagsins. Þeir drekka hins vegar oft á dag volgan bragðmikinn drykk sem gerður er úr einhverri rót. Svo er deginum eytt í dans. Yngri mennirnir fara á veiðar, konur sjá um að hita drykkinn. Öldungar predika yfir fólkinu fyrir árbítinn og endurtaka ávallt það sama: hugrekki andspænis óvinum og hlýju í garð kvennanna. Þeir trúu því að sálin sé eilíf og að sálir þeirra sem það verðskuldi fái dvalarstað í austri en hinar í vestri. Eins konar spámenn koma af og til niður úr fjöllum

16 Montaigne víkur stuttlega að mannáti í II.11 „Af grimmd“ („De la cruauté“) og fjallar um Nýja heiminn í II.12, „Til varnar Raimond Sebond“ („Apologie de Raimond Sebond“). Íslenska þýðingu á kaflanum „Des cannibales“ er að finna aftar í þessu hefti, bls. 317–330.

17 Indíánarnir sem Montaigne lýsir í verki sínu eru Tupinamba-indíánar á strönd Brasilíu. Þessum indíánum er lýst í ofangreindum ferðasögum. Árið 1550 höfðu svo fimmtíu Tupinamba-indíánar tekið þátt í miklum hátíðahöldum í Rúðuborg til heiðurs Hinriki 2. Öll umfjöllun Montaigne um indíána Ameríku ber keim af lýsingum á Tupinamba-indíánunum, hvort sem hann fjallar um Asteka eða Inka, eins og hann gerir í kafla III.6 „Um ferðamáta“ („Des coches“).

til þeirra og segja þeim hvað er í vændum, en ef spámaðurinn misreiknar sig er hann tekinn af lífi. Fólkið á í stríði við þá sem búa hinum megin við fjöllin; mennirnir berjast naktir, vopnaðir bogum eða trésverðum. Þeir kunna ekki að hræðast og því lýkur bardögnum alltaf með dauða eða blóðsúthellingum. Sigurvegarinn sker höfuðið af föllnum óvini og hengir það upp við dyrnar á húsi sínu. Aðrir eru teknir til fanga. Eftir tveggja til þriggja mánaða vist eru fangarnir rotaðir, steiktir og borðaðir. Allir sameinast í þessari athöfn en hún snýst ekki um að seðja hungur heldur að ná fram hefndum.

Evrópubúum hryllti við sögum af mannáti indíánanna sem Kólobus hafði fyrstur manna haft orð á í bréfum sínum um landa-fundina en var svo fjallað um aftur í skrifum ýmissa sagnaritara. Þrátt fyrir það er sú mynd sem lesandinn fær af indíánunum í frásögn Montaignes jákvæð. Hvað vakti fyrir höfundinum með þessari umfjöllun? Það er áberandi að á tímum blóðugra átaka í heimalandi sínu skuli hann að mestu sneiða hjá umfjöllun um þau viðkvæmu trúarlegu deilumál sem hann fléttaðist inn í. En hér fær hann tækifæri til að spegla atburði úr samtíma sínum í villimennsku indíánanna:

Ég er ekki þjakaður af því að við skulum taka eftir villimannslegum hryllingi þessara gjörða [mannátsins] heldur af því að um leið og við forðæmum réttilega misgjörðir þeirra þá erum við svo blind á okkar eigin. Ég held að það sé meiri villimennska fólgin í því að eta lifandi mann en dauðan, að limlesta hann með pyntingum og á píningarabekk meðan hann finnur enn til, steikja hann smátt og smátt, láta hunda og svín glefsa í hann og meiða (eins og við höfum ekki bara lesið um heldur séð nýlega, ekki meðal fornra fjadvina heldur nágranna og meðborgara, og það sem verra er, undir formerkjum guðrækni og trúar), en að steikja hann og eta þegar hann er dáinn. (Montaigne I.31, 1962: 207–208)

Montaigne skýrir þetta ekki nánar enda vissu allir lesendur hans hvað hann átti við. Mannát er gamalt stef úr bókmenntum, bæði fornþókmenntum og bókmenntum miðalda, þjóðsögum og ævintýrum. En grimmd, ofbeldi og mannát var einnig til umræðu í samtíma Montaignes og sögur bárust af mannáti, ekki aðeins í Nýja

heiminum heldur einnig í þeim gamla. Jean de Léry, höfundur ferða-sögunnar *Histoire d'un voyage fait en la terre du Brésil*, var mótmælendatrúar og hann tók einnig saman verkið *Histoire mémorable de la ville de Sancerre* (Minnisverð saga Sancerre-bæjar) þar sem hann segir frá atburðum sem hann var vitni að í bænum Sancerre árið 1573. Sancerre var eitt af höfuðvígum mótmælenda í Frakklandi og í umsátrinu um bæinn brast á mikil hungursneyð meðal íbúa hans sem sumir gripu til þess neyðarúrræðis að leggja sér mannakjöt til munns (Rawson 2001: 25–30). Einnig voru frásagnir af sölu og áti á líkamshlutum mótmælenda t.d. í París, Lyon og Auxerre eftir blóðbaðið sem átti sér stað á Bartólómeusarmessu í París 1572 og kom af stað öldu ofbeldis víða um landið. Léry ber mannátið í Brasilíu saman við atburðina í Sancerre og segist aldrei hafa verið hræddur þar ólíkt því þegar hann horfði upp á hryllinginn í Sancerre. Frásögn hans er indíánunum í vil, eins og hjá Montaigne, en sá síðarnefndi virðist einnig hafa í huga refsingarnar sem þeir sem ásakaðir voru um mannát urðu að þola af hálfu trúbræðra sinna sem brenndu þá lifandi á báli (Rawson 2001: 28–29). Í hinu fræga ljóði Agrippa d'Aubigné um trúarbragðastríðin, *Les Tragiques* (Hinir harmrænu), sem kom út í byrjun 17. aldar, er Frakklandi lýst, strax í upphafi kvæðisins, sem móður með tvö börn sín í fanginu; börnin deila og rifast og skeyta engu um sorg og þjáningu móðurinnar. D'Aubigné var mótmælendatrúar og er kvæði hans eitt af minnisvörðum borgarastríðsins í Frakklandi á síðari hluta 16. aldar.¹⁸

Stríð þeirra er göfugt, heldur Montaigne áfram í „Af mannættum“, til að draga enn betur fram yfirburði indíánanna, og snýst um það eitt að sigra. Þeir ræna ekki andstæðinga sína en halda föngunum í góðu yfirlæti, lofa þeim jafnvel að snúa heim ef þeir viðurkenni ósigur sinn en allir vilja fangarnir frekar deyja og vera étnir því að hugrekki er æðsta dyggðin.¹⁹ Fangarnir eru glaðir, ögra vörðum sínum og hvetja þá til að taka sig af lífi og setjast að snæðingi og minna verðina á að um leið muni þeir borða sína eigin feður og forfeður, sem þeir, fangarnir, hafa lagt sér til munns áður. Það er

18 Agrippa d'Aubigné bardist við hlið Hinriks af Navarre áður en sá síðarnefndi snerist til kaþólskrar trúar til að geta tekið við af Hinriki 3. *Les Tragiques* kom fyrst út árið 1616, eftir dauða höfundarins.

19 Í ritgerðinni „Des Coches“ lýsir Montaigne einnig hugrekki indíánanna í bardögum við Spánverja.

furðu langt, segir Montaigne, á milli þeirra síða og okkar: „Við getum svo sem kallað þá skrælingja með hliðsjón af reglum skynseminnar en ekki í samanburði við okkur sem stöndum þeim framar í allri villimennsku“ (Montaigne I.31, 1962: 208).

Að lokum segir höfundur frá því að þrír indíánar hafi stigið á skipsfjöl og komið til Rúðuborgar þar sem þeir hafi hitt Karl 9. (1550–1574) Frakklandskonung og spjallað lengi við hann. Þeir hafi svo skoðað borgina og verið spurðir um hvað þeim hefði nú þótt aðdáunarverðast. Þeir hafi nefnt þrjú atriði en Montaigne segist því miður bara muna eftir tveimur þeirra: Í fyrsta lagi hafi þeim þótt einkennilegt að vopnaðir og skeggjaðir menn skyldu lúta barnungum konungi í stað þess að velja sér stjórnanda úr sínum hópi og í öðru lagi fannst þeim skrítið að hér skyldu sumir menn lifa í vellystingum en aðrir, horaðir og illa til fara, betla við dyr hinna. Montaigne lýkur þannig umfjöllun sinni um mannæturnar með því draga upp mynd af sínu eigin samfélagi, ómannlegu og grimmu.

Lýsingar Montaignes á íbúum Nýja heimsins í ritinu eru þó misfagrar. Í lok esseyjunnar „Um hófsemi“ („De la modération“), rétt á undan ritgerðinni um mannæturnar, er að finna stuttan kafla þar sem mannfórnum indíána og grimmd er lýst og sagt frá því hvernig þeir „brenna fórnarlömb sín lifandi og draga þau hálfbrunnin út úr logunum til þess að rífa úr þeim hjartað og innýflin“ (Montaigne I.30, 1962: 199).²⁰ Í riti sínu um barbarisma og evrópskt ímyndunarafli á tímabilinu 1492–1945 bendir Claude Rawson á hversu tvíræð staðsetning þessa stutta kafla er en honum var bætt inn í aðra útgáfu verksins 1588 (Rawson 2001: 42–55). Rawson telur að með þessari staðsetningu sé höfundurinn vísitandi að draga úr þeirri upphöfn mynd af indíánunum sem bíði lesandans í ritgerðinni „Af mannætum“ því að þar (I.30) séu aðfarir íbúa Nýja heimsins ekki ólíkar þeim sem hann eignar samlöndum sínum í næstu esseyju. Esseyjan um mannæturnar er einmitt þekkt fyrir að vera mótsagna-kennd eins og Claude Lévi-Strauss og fleiri hafa bent á: Þar er hinu Nýja stillt upp andspænis hinu Gamla og einnig sýnt hversu varasamt er að túlka einn menningarheim út frá öðrum því að öll samfélög geta virst villimannsleg þegar síðir þess eru skoðaðir með augum skynseminnar en jafnframt ætti ekkert þeirra að falla í þann

20 Þess má geta að mannfórnir indíána komust á blað eftir fund Mexíkó og Perú.

flokk ef siðir þess eru settir í skynsamlegt samhengi (Lévi-Strauss 1991: 280–281, Marchi 1993: 35–54).

Í riti sínu *Nous et les autres* (Við og hinir) frá árinu 1989 bendir Tzvetan Todorov á að þótt Montaigne dragi upp mjög lofsamlega mynd af indíánum Nýja heimsins í „Af mannætum“, á kostnað samlanda sinna og samfélags, hafi hann í raun ekki vitað neitt um þá; myndin byggist á hans eigin hugmynd um dyggðir og fullkomnun og hún eigi fyrst og fremst rætur að rekja til klassískrar menningar, einkum Forngríkkja (Todorov 1989: 60). Það var kannski ekki við öðru að búast af Montaigne; þótt landafundir 16. aldar væru stórvíðburður þá opnuðust fleiri gáttir á þessum tíma sem höfðu einnig djúpstæð áhrif á menntamenn. Menningararfur fornaldar var heillandi og hann þekktu Montaigne og samferðamenn hans vel. Þar var að finna lýsingar á fjarlægum þjóðum og tegundum og í fyrstu virtust landafundirnir einfaldlega staðfesta tilvist þeirra frekar en að vera uppspretta nýrrar þekkingar (Lévi-Strauss 1991: 291). Það kom þó ekki í veg fyrir að skrif Montaignes um íbúa Nýja heimsins segðu sitthvað um höfundinn og skoðanir hans á samtíma sínum.

5. Lokaorð

Esseyjurnar eru tilraunir Montaignes til að kynnast sjálfum sér betur með því spegla sig í öðrum og heiminum öllum. Eins og Jean Starobinski bendir á þá byggir hugmynd Vesturlandabúa um tilvist einstaklingsins að miklu leyti á skrifum Montaignes og þeirri hugsun að einstaklingur geti ekki áttað sig á sjálfum sér nema hann sjái sig speglast í öðrum (Starobinski 1985: 307). Þannig er esseyjan um mannæturnar og skrælingjana handan hafsins ein af leiðum Montaignes til að fjalla um villimennsku sinnar eigin þjóðar og segir okkur því meira um höfundinn og samlanda hans en íbúa Nýja heimsins. Svona – meðal annars – skrifar heimspekingurinn og húanistinn Montaigne sjálfan sig á nýstárlega hátt inn í þá atburði sem settu svip sinn á samtíma hans. Sem samtímaspeggill einkennist verk hans og hugsun þó ekki af mikilli bjartsýni, þrátt fyrir lífsheimspeki Montaigne, enda ekki við því búast í Frakklandi á seinni hluta 16. aldar þegar hrikki í stoðum trúarinnar og borgarastríð skipti löndum hans í andstæðar fylkingar.

ÚTDRÁTTUR

Sjálfsmynd og villimenn Nýja heimsins í skrifum Michels de Montaigne

Lýsingar á skrælingjum Nýja heimsins höfðu mikil áhrif á Evrópubúa, ekki síst sögur af mannáti. Einn þeirra endurreisnarmanna sem skrifuðu um íbúa Nýja heimsins var Frakkinn Michel de Montaigne (1533–1592) sem er þekktastur fyrir rit sit *Essais* eða Tilraunir. Þar dregur höfundur upp mynd af sjálfum sér með því að beina sjónum sínum og dómgreind að ólíkustu viðfangsefnum. Í esseyjunni „Um mannætur“ („Des cannibales“) gagnrýnir Montaigne grimmd samlanda sinna í þeim trúardeilum, sem settu svip sinn á síðari hluta 16. aldar í Frakklandi og lýsir því yfir að Evrópumenn standi íbúum Nýja heimsins framar í allri villimennsku. Hér er greint frá esseyjuformi Montaignes og sagt frá því hvernig sjálfsmynd og sýn á „hinn“ fléttast saman í umfjöllun hans um mannætur Nýja heimsins.

Lykilorð: Michel de Montaigne, „Um mannætur“, esseyja, Nýi heimurinn, sjálfsmynd

ABSTRACT

Autoportrait and the Savages of the New World in the *Essays* of Michel de Montaigne

Descriptions of the Indians of the New World greatly influenced the European imagination, in particular stories of cannibalism. One of the intellectuals of the Renaissance who wrote about this subject was Michel de Montaigne (1533–1592), known for his work *Essais*. There he draws a picture of himself by considering and testing his judgement on different topics. In his essay “On cannibals” (“Des cannibales”) Montaigne criticises the cruelty of his French contemporaries in the religious wars of the second part of the 16th century and claims that Europeans are far more barbaric than the inhabitants of the New World. In this article, the form of Montaigne’s essays will be presented through a study of his vision of the “other” in his writings on the cannibals of the New World.

Keywords: Michel de Montaigne, “On Cannibals” (“Des cannibales”), essay, New World, autoportrait

HEIMILDIR

- Auerbach, Erich. 2008. *Mimesis. Framsetning veruleikans í vestrænum bókmenntum*. Aðalþýðandi: Gauti Kristmannsson. Reykjavík: Háskólaútgáfan, Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands. (© 1946, *Mimesis: dargestellte Wirklichkeit in der abendländischen Literature*, Bern: Francke.)
- Bakewell, Sarah. 2011. *How to live: Or A Life of Montaigne in One Question and Twenty Attempts at an Answer*. New York: Other Press.
- Boase, Alan M. 1970. *The Fortunes of Montaigne. A History of the Essays in France, 1580–1669*. New York: Octagon Books.
- La Boétie, Etienne de. 1549. *Le discours de la servitude volontaire ou le contr'un*. http://classiques.uqac.ca/classiques/la_boetie_etienne_de/discours_de_la_servitude/discours_servitude_volontaire.pdf [sótt 30. september 2013].
- Delumeau, Jean. 1984. *La civilisation de la renaissance*, París: Arthaud.
- Frame, Donald M. 1965. *Montaigne. A Biography*. London: Hamish Hamilton.
- Glaudes, Pierre, og Louette, Jean-Pierre. 2011. *L'Essai*. París: Armand Colin.
- Hoffmann, George. 1998. *Montaigne's Career*. Oxford: Clarendon Press.
- Lévi-Strauss, Claude. 1991. *Histoire de lynx*. París: Plon.
- Marchi, Dudley M. 1993. „Montaigne and the New World: The Cannibalism of Cultural Production.“ *Modern Language Studies* 24(3), bls. 35–54.
- Merleau-Ponty, Maurice. 1960. *Signes*. París: Gallimard.
- Montaigne, Michel de. 1943. *Selected Essays*. Donald M. Frame þýddi og skrifaði inngang og skýringar. Princeton (New Jersey), Toronto, London, New York: D. Van Nostrand Company.
- Montaigne, Michel de. 1962. *Œuvres complètes*. Albert Thibaudet og Maurice Rat sáu um útgáfuna. Maurice Rat ritaði inngang og skýringar. París: Gallimard.
- Rawson, Claude. 2001. *God, Gulliver and Genocide. Barbarism and the European Imagination 1492–1945*. Oxford: Oxford University Press.
- Rousset, Jean. 1954. *La littérature de l'âge baroque en France. Circé et la paon*. París: José Corti.
- Screech, Michael Andrew. 1983. *Montaigne and Melancholy, The Wisdom of the Essays*. Harmondsworth: Penguin.
- Starobinski, Jean. 1985. *Montaigne in Motion*. Þýð. Arthur Goldhammer. Chicago, London: The University of Chicago Press. (©1982 *Montaigne en Mouvement*, Gallimard.)
- Todorov, Tzvetan. 1989. *Nous et les autres. La réflexion française sur la diversité humaine*. París: Édition du Seuil.
- Todorov, Tzvetan. 1992. *Erobringen av Amerika. Forholdet til Den Andre*. Þýð. Arne Kjell Haugen. Osló: Document Forlag. (©1982 *La Conquête de l'Amérique*, Éditions du Seuil.)

Aðrar greinar

Mat á ritun: Stöðupróf og Viðmiðunarrammi Evrópuráðsins (CEFR)

1. Inngangur

Í heimsþorpi nútímans þurfa allir að hafa tök á því að tjá sig á einu eða fleiri erlendum tungumálum. Samskipti eru hröð, hver og einn verður að geta svarað nánast umsvifalaust í síma, í tölvupósti eða öðrum miðlum. Sjaldnast er tími til að leita aðstoðar annarra við tjáskiptin og því mikilvægt að fólk almennt viti hvers þeir eru megnugir, en líka hvar og hvernig hægt er að leita upplýsinga til að fylla í hugsanlegar eyður.

Jafnan er talað um fjóra færniþætti tungumáls, viðtökubættina hlustun og lestur annars vegar og frálagsþættina tal og ritun hins vegar. Ákveðin hefð hefur verið fyrir því að telja talmál óformlegt og jafnvel ófullkomnara en ritmál. Ritmálið er þá hið formlega og málfræðilega fullkomna mál (Møller 1991: 181). Mörk milli talmáls og ritunar eru þó óljósari nú en áður eftir tilkomu tölvupósta, smáskilaboða og bloggs. Á samfélagsmiðlum er ekki gert ráð fyrir því formlega málfari eða orðfæri sem hefur verið helsta einkenni ritmáls. Formlegt ritmál er þó í fullu gildi enn sem fyrr og hlýtur að verða liður í tungumálanámi um ókomna tíð.

Veigamikill þáttur í tungumálakennslu er mat á færni nemenda í markmálinu. Þegar meta skal færni í erlendu tungumáli þarf margs að gæta. Hvaða færni á að meta, í hvaða tilgangi er metið, hver er bakgrunnur nemandans, hve gamall er hann, hve lengi hefur hann

lært tungumálið, hefur hann lært það í skóla eða dvalið í umhverfi þar sem erlenda málið er notað að staðaldri?

Í íslenska skólakerfinu hefur árangur á lokaprófum lengst af verið gefinn upp á prófskírteinum með einni tölu á bilinu 0–10. Í hverjum skóla eru samin próf án samráðs við aðra skóla eða leiðsagnar frá miðlægum sérfróðum aðila. Eina erlenda tungumálið sem prófað er í samræmt er enska í 10. bekk grunnskóla þar sem nemendur og skólar fá sundurliðað mat (Námsmatsstofnun 2012), en það mat kemur ekki sérstaklega fram á prófskírteini. Til að bera saman tungumálafærni nemenda úr íslenskum framhaldsskólum er því ekki nóg að horfa á einkunnir, því þar kemur ekki fram í hvaða færniþáttum hefur verið prófað né heldur hvert innbyrðis vægi þáttanna hefur verið og enn síður þyngdarstig prófanna. Vissulega nota skólar sömu námsbækur í einhverjum mæli en kennurum er í sjálfsvald sett hvaða námsgögn þeir nota og hvernig. Það getur því verið erfitt að átta sig á færni nemenda við lok grunnskóla, t.d. í ensku og dönsku, og hvaða færni er til staðar meðal nýstúdenta í þeim tungumálum sem þeir hafa lagt stund á í framhaldsskóla. Það hlýtur að vera áhugavert fyrir skóla, nemendur, fræðslufirvöld og vinnumarkaðinn að geta gengið að haldgóðum upplýsingum um hver *raunveruleg* tungumálakunnátta t.d. nýstúdenta er og hvernig þeir standa í hverjum færniþætti fyrir sig.

Hér verður ritunarþátturinn í brennidepli og víst er að seint verða allir á einu máli um það hvaða þættir skipta mestu máli við mat á ritun. Síðustu 15–20 árin, eftir að kenningar um tjáskiptamiðaða tungumálakennslu urðu ráðandi, hefur áhersla beinst að því að meta nemendatekta út frá tjáskiptagildi þeirra. Í því felst að nemendur séu færir um að rita texta sem kemur ákveðnum skilaboðum á framfæri. Tungumál er tjáskiptatæki og þar af leiðandi hlýtur það að skipta máli að texti hafi tilgang – að það sem nemendur rita eigi erindi við tiltekinn viðtakanda (t.d. hjá Richards 2006; Willis 2001; Lund 2009).

Til er hugtakið *millimál* (e. *interlanguage*), sem byggist á þeirri hugmynd að þegar einstaklingur lærir erlent tungumál verði til mál sem hvorki er móðurmál né markmál en þegar fram í sækir nálgist málnotkun nemandans æ meira markmálið og sumir ná í álíka færni í því og móðurmáli (Gass og Selinker 1994). En hvernig er hægt að

mæla kunnáttu nemenda á ólíkum stöðum í þessu ferli? Hvað er það sem skiptir máli við slíkt mat – „rétt mál“ eða hæfni til að tjá sig? Hvaða aðferðir eða tæki hafa verið þróuð til að meta það? Eitt þeirra er Viðmiðunarrammi Evrópuráðsins (CEFR¹), en hér verður fjallað um þennan ramma og athugað hvers konar matstæki hann er. Í kjölfar umræðu um tungumálakunnáttu nýnema við Háskóla Íslands voru í fyrsta sinn haustið 2012 haldin leiðbeinandi stöðu-próf í fjórum tungumálum innan Deildar erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda (DET) við Háskóla Íslands. Við gerð prófanna og mat á þeim var tekið mið af viðmiðunarrammanum. Hér verður eingöngu rýnt í mat á ritmáli nýnema í dönsku við Háskóla Íslands. Ástæða þess að danskan varð fyrir valinu er einkum sú að danska var eina tungumálið sem prófað var í á færnistigi B-2 og því tiltölulega einfalt að beina sjónum að því. Færnistig B-2 er sett fram sem æskilegt viðmið við inngöngu í dönskunámið. Leitað er svara við því hvort nemendur hafa yfir þeirri færni að ráða þegar þeir hefja nám.

2. CEFR / Viðmiðunarrammi Evrópuráðsins

Viðmiðunarrammi Evrópuráðsins² var upphaflega gefinn út á ensku og frönsku árið 2001 og í kjölfarið þýddur í heild sinni á 39 tungumál. Einungis sjálfsmatsramminn³ hefur verið þýddur á íslensku sem hluti af íslenskri útgáfu á Evrópsku tungumálamöppunni, European Language Portfolio (2006).⁴ Viðmiðunarramminn inniheldur hagnýt námsmarkmið fyrir tungumálanám og hefur breiða skírskotun í tungumálakennslu.⁵ Námskrár hafa víða, meðal annars á Íslandi, verið samdar á grunni viðmiðunarrammans og hann hefur

1 CEFR – hér eftir kallað Viðmiðunarrammi Evrópuráðsins – eða viðmiðunarramminn – er skammstöfun fyrir Common European Framework of Reference for Languages: Learning, teaching, assessment.

2 http://www.coe.int/t/dg4/linguistic/Cadre1_en.asp [sótt 8. sept. 2013]

3 Í sjálfsmatsrammanum eru skilgreind viðmið í tali, ritun o.s.frv. miðað við færnistig A-2, A-2, B-1, B-2, C-1, C2

4 Sjálfsmatsramminn á íslensku er á bls. 5 í Evrópsku tungumálamöppunni http://www.nams.is/pdf/elp_upper_disa_3.pdf [sótt 29.mars 2013].

5 Evrópsk tungumálamappa, vottun númer 75.2006 http://www.nams.is/pdf/elp_upper_disa_3.pdf [sótt 8. sept. 2013]

verið notaður til vottunar á færni Evrópubúa í erlendum tungumálum.

Þrjátíu ára þróunarvinna á vegum Evrópuráðsins liggur að baki útgáfu viðmiðunarrammans frá 2001.⁶ Vinna að samræmdu matskerfi á nútíma tungumálum hófst 1975 þegar Jan van Ek setti fram hugtakið „Threshold Level“, sem var skilgreining á lágmarkskunnáttu í tilteknu tungumáli fyrir fullorðið fólk sem flytur milli landa eða málsvæða. Þá ber að nefna þróun D. A. Wilkins á „notional-functional“ námskrá árið 1976 þar sem reynt var að skilgreina hvað það væri sem fólk þyrfti að kunna í erlenda málinu til að geta unnið tiltekin störf í viðkomandi landi (Hafdís Ingvarsdóttir 2006; Meister 2005). Í framhaldinu var unnið að frumútgáfum viðmiðunarrammans og frá 2001 hafa komið nýjar og endurbættar verkefnaskýringar til að stuðla að notkun rammans, síðast 2011.

Viðmiðunarramminn greinir og lýsir færni sem tungumálanemi þarf að tileinka sér. Í honum eru settar fram áherslur og staðlar um tungumálanám og kunnáttu á nokkrum stigum tungumálafærni. Markmið með notkun rammans eru margvísleg. Þar má meðal annars tilgreina eftirtalin atriði:

- Að stuðla að og stýra samvinnu menntastofnana í ólíkum löndum ásamt því að skapa traustan grunn að sameiginlegri viðurkenningu á færni í tungumálum.
- Að hjálpa nemendum, kennurum, námsefnishöfundum o.fl. við að skilgreina og samhæfa aðgerðir í tungumálakennslu.
- Að auðvelda þeim sem stunda tungumálanám að fylgjast með framvindu í námi sínu meðan á því stendur.
- Að styðja við og efla fjöltyngi, fjölmenningu og sjálfræði nemenda.
- Að virkja tjáskipti grundvölluð á meðfæddri hæfni hvers mál-nema.

Svo má bæta við að hver málnotandi er einstakur persónuleiki og samfélagsvera, sem getur nýtt sér vitrænt, tilfinningalegt og með-

6 Þar má m.a. nefna Tungumálamiðstöðina í Graz í Austurríki, sem er ein af stofnunum Evrópuráðsins. <http://www.menntamalaraduneyti.is/raduneyti/althjodlegt-samstarf/nr/347> [sótt 14. maí 2013].

vitað val ásamt hæfni til að ná tjáskiptamarkmiðum sínum hverju sinni (Kohonen 2007: 268).

Á þessum þrjátíu árum hefur þróunin leitt til nýbreytni í námskrám, bæði opinberum og staðbundnum. Kennsluefni hefur verið samið fyrir mismunandi stig málþróunar og kunnáttu.⁷ Sjálfsmatsramminn, sem oftast er vitnað til og margir þekkja, er byggður á grunni margra (undir)skala um þróun erlenda tungumálsins í mál-tökuferli málnefna. Hann nær yfir sex skilgreind færnistig, A-1, A-2, B-1, B-2, C-1, C-2, og mælir fimm mismunandi færniþætti: hlustun, lestur, tal, samtöl og ritun (RelEx team 2011).

Auk þess búa þeir í þægilegu landi þar sem loftslag er milt og eftir því sem vitnin mín hafa sagt mér er sjaldgæft að rekast þar á sjúkan mann og þau hafa fullyrt að þau hafi ekki séð neinn mann skjálfsandi, voteygan, tannlausan og hokinn af elli. Þeir hafa komið sér fyrir við ströndina, umluktir háum og miklum fjöllum og milli fjalls og fjöru eru um það bil 100 mílur. Þarna er gnægð fiskjar og kjöts, sem líkist ekkert því sem við erum vön, og þeir borða það án annarrar matreiðslu en að sjóða það. Fyrsti maðurinn sem kom til þeirra á hestbaki olli svo mikilli skelfingu hjá þeim að þeir drápu hann með örvum áður en þeir áttuðu sig á því að hann hafði oft lagt leið sína til þeirra. Híbylí þeirra eru löng og geta hýst tvö til þrjú hundruð sálir, þakin barkarræmum stórra trjáa sem festar eru við jörðina öðrum megin en topparnir mætast og hallast hver að öðrum eins og í sumum af hlöðunum okkar þar sem þakið nær alveg niður á jörð og kemur í stað hliðarveggs. Þeir nota við sem er svo harður að hægt er að skera með honum og gera úr honum sverð og rist til þess að elda mat sinn á. Rúm þeirra eru úr bómullarefni og hanga við þakið, eins og í skipunum okkar, og hver á sitt rúm vegna þess að konurnar sofa ekki hjá mönnum sínum. Þeir fara á fætur við sólarupprás og borða strax og dugir sá matur allan daginn þar sem þeir útbúa ekki aðra máltíð. Þegar þeir borða drekka þeir ekki neitt,

10 Seneka, *Lettres*, XC: „Menn nýkomnir úr höndum guðanna.“

11 Virgill, *Géorgiques*, II, 20: „Þetta eru fyrstu lög náttúrunnar.“

eins og Suidas¹² sagði um nokkrar aðrar austrænar þjóðir, sem drukku án þess að borða; þeir drekka oft á dag og ríkulega. Drykkur þeirra er gerður úr einhverri rót og er eins á litinn og ljósu rauðvínin okkar. Þeir drekka hann alltaf volgan. Þessi drykkur geymist aðeins í tvo eða þrjá daga: Hann er dálítið sterkur en stígur manni ekki til höfuðs, góður fyrir magann og örvandi fyrir meltinguna hjá þeim sem ekki eru vanir honum; þetta er mjög ljúfur drykkur fyrir þá sem eru honum vanir. Þeir nota einhvers konar hvítt deig, eins og niðursóðið kóríander í staðinn fyrir brauð. Ég hef smakkað það og bragðið er milt og dálítið dauft. Öllum deginum er eytt í dans. Yngstu mennirnir fara á dýraveiðar með boga að vopni. Á meðan skemmtir hluti kvennanna sér við að hita drykkinn og er það þeirra helsta iðja. Áður en þeir fá sér morgunmatinn predikar einn öldunganna yfir öllum íbúum hlöðunnar með því að ganga frá einum enda byggingarinnar til annars og endurtaka sömu setninguna í sífelli þar til hann er kominn alla leið (vegna þess að byggingarnar eru ríflega hundrað skref); hann ráðleggur þeim aðeins tvennt: hugrekki andspænis óvinunum og ást á eiginkonum sínum. Og alltaf muna þeir eftir því að minna á þessa skyldu, í viðlaginu, að það eru þær sem halda drykknum volgum og krydduðum. Víða má sjá, og einnig heima hjá mér, hvernig rúm þeirra eru í laginu, kaðlarnir, sverðin, viðararmböndin, sem þeir hylja úlnliðina með í bardögum, og stór rör opin í annan endann og með þeim búa þeir til hljóð sem þeir nota til að halda takti þegar þeir dansa. Þeir raka hárin af öllum líkamanum og mun nákvæmar heldur en við, með rakhníf úr viðarbút eða steini. Þeir trúa því að sálin sé ódauðleg og að þær sem hafi til þess unnið að mati guðanna fái dvalarstað á himninum þar sem sólin kemur upp en þær glötuðu í vestri.

Hjá þeim eru einhvers konar prestar eða spámenn sem búa í fjöllum og koma mjög sjaldan til fólksins. Þegar þeir koma er mikil hátíð og íbúar margra þorpa (hver hlaða, eins og ég lýsti þeim áðan, er eitt þorp og þær eru í um það bil einnar franskrar mílu fjarlægð hver frá annarri) koma saman. Þessi spámaður talar við þá í allra viðurvist, hvetur þá til þess að vera dyggðugir og rækja skyldur sínar: en öll siðfræði þeirra er ekki meira en þessi tvö atriði,

12 Suidas, Suda eða Souda er býsansk lexikon frá 10. öld; Montaigne telur Suidas vera nafn höfundar.

að vera hugrakkir í bardögum og sýna konunum ástríki. Hann segir þeim frá því sem í vændum er og hvernig það sem þeir ráðast í muni fara; hann hvetur þá ýmist eða letur til þess að fara í stríð. En þessu fylgir sá skilmáli að ef hann spáir ekki rétt og ef hlutir gerast með öðrum hætti en hann sá fyrir er hann brytjaður í þúsund bita, ef þeir ná honum, og dæmdur fyrir að vera falsspámaður. Af þessu leiðir að sá sem hefur rangt fyrir sér einu sinni sést ekki framar.

Spámennskan er guðsgjöf, þess vegna eru það refsiverð svik að misnota hana. Þegar spámann Skýpa höfðu óvart rangt fyrir sér voru þeir hlekkjaðir á höndum og fótum og lagðir niður á kerrur sem voru hlaðnar lyngi og uxum var beitt fyrir, og þar voru þeir látnir brenna. Þeim sem sjá um mál er lúta að mannlegri getu er fyrirgefið hafi þeir lagt sig alla fram. En hinir sem koma og ljúga því að þeir hafi yfirskilvitlega krafta sem eru utan okkar þekkingar, þarf ekki að refsa þeim fyrir að efna ekki loforð sín og fyrir fífldirfskuna sem olli svikunum?

Þeir fara í stríð við þjóðirnar sem búa handan við fjöllin, lengra inni í landi, og þangað fara þeir kviknaktir og ekki vopnaðir öðru en boga eða trésverði sem er með odd á öðrum endanum eins og járnoddurinn á höggspjótunum okkar. Harkan í bardögum þeirra er furðumikil og þeim lýkur alltaf með dauða og blóðsúthellingum vegna þess að þeir vita ekki hvað flótti og ótti er. Hver og einn tekur með sér höfuð óvinarins sem hann drap sem sigurtákn og hengir það við inngang vistarveru sinnar. Eftir að hafa annast fanga sína um langt skeið og veitt þeim öll þau þægindi sem hugsast getur býður fangavörðurinn öllum sem hann þekkir til samkomu. Hann bindur reipi við annan handlegg eins fangans og heldur í enda þess í nokkurra skrefa fjarlægð, af ótta við að fanginn meiði hann, og lætur svo besta vin sinn halda í hinn handlegg fangans á sama hátt, og fyrir framan viðstadda slá þeir fangann með sverðum þar til hann rotast. Að því búnu er hann steiktur yfir eldi og allir eta saman og senda bita til þeirra vina sinna sem ekki eru viðstaddir. Þetta er ekki, eins og halda mætti, til þess að næra sig eins og Skýpar gerðu forðum, heldur til þess að ná fram fullkominni hefnd. Það má sjá af því að þegar þeir sáu að Portúgalar, sem höfðu slegist í lið með óvinum þeirra, notuðu aðra aðferð til þess að drepa

þá þegar þeir voru teknir til fanga – sem fólst í því að grafa þá í jörðu að mitti og skjóta á efri hluta líkamans af boga, og hengja svo – og þar sem þeir héldu að þessir menn úr hinum heiminum, er breitt höfðu út þekkingu á alls kyns löstum hjá nágrönnum þeirra og voru miklu betur að sér í allri illmennsku en þeir, notuðust ekki við þessa hefnd að ástæðulausu og að hún væri sársaukafyllri en þeirra eigin fóru þeir að leggja niður sinn gamla sið og tóku upp þennan. Ég er ekki þjakaður af því að við skulum taka eftir villimannslegum hryllingi þessara gjörða heldur af því að um leið og við fordæmum réttilega misgjörðir þeirra þá erum við svo blind á okkar eigin. Ég held að það sé meiri villimennska fólgin í því að eta lifandi mann en dauðan, að limlesta hann með pyntingum og á pínarabekk meðan hann finnur enn til, steikja hann smátt og smátt, láta hunda og svín glefsa í hann og meiða (eins og við höfum ekki bara lesið um heldur séð nýlega, ekki meðal fornra fjandvina heldur nágretta og meðborgara, og það sem verra er, undir formerkjum guðrækni og trúar), en að steikja hann og eta þegar hann er dáinn.

Krýsippos og Zenon, foringjar Stóumanna, voru þeirrar skoðunar að það væri ekkert því til fyrirstöðu að nýta mannshræ til hvers sem væri, ef þörf krefði, og nota til matar;¹³ eins og forfeður okkar, þegar Sesar sat um þá í borginni Alesíu, ákváðu að sigrast á hungriinu sem fylgdi umsátrinu með því að leggja sér til munns líkama gamalmenna, kvenna og annarra sem komu ekki að neinu gagni í bardögum.

*Vascones, fama est, alimentis talibus usi
Produxere animas.*¹⁴

Og læknar hika ekki við að nota þá á ýmsa vegu, okkur til heilsu-bótar; annað hvort að innanverðu eða utan. En engin afstaða hefur nokkru sinni verið það afbrigðileg að hún nægi til þess að afsaka svik, ótryggð, harðstjórn og grimmd, sem eru algengir gallar okkar.

Við getum svo sem kallað þá skrælingja með hliðsjón af reglum skynseminnar en ekki í samanburði við okkur sem stöndum þeim

13 Díogenes Laertíós, *Vie de Chrysippe*, VII, 188.

14 Juvenal, xv, 93–94: „Sagt er að Gaskónar hafi lengt líf sitt með slíkri fæðu.“

framar í allri villimennsku. Stríð þeirra er göfugt og stórbrotið og er jafn afsökunarvert og fagurt og þessi mannlegi sjúkdómur getur orðið: Í stríði þeirra felst einungis þrá eftir dyggð. Þeir hafa ekki áhuga á því að leggja undir sig ný lönd vegna þess að þeir njóta enn allsnægta náttúrunnar sem sér þeim fyrir öllu sem þeir þarfnast án vinnu og erfiðis, og í svo ríkum mæli að þeir hafa engan áhuga á því að stækka land sitt. Þeir eru enn á því hamingjusamlega stigi að þrá ekki meira en það sem þeir þurfa nauðsynlega: allt sem fer fram yfir það er óþarfi í þeirra augum. Þeir kalla jafnaldra sína bræður, börn þá sem eru yngri, og gamalmennin eru feður allra. Þau láta erfingjum sínum sameiginlega eftir eigur sínar óskiptar, án annarrar skilgreiningar en þeirrar einu sem náttúran gefur börnum sínum þegar þau koma í heiminn. Ef nágrannar þeirra koma yfir fjöllin til þess að gera atlögu að þeim og bera sigur af hólmi þá felst ávinningurinn í heiðrinum og því að hafa sýnt meiri dirfsku og dug; þeir hafi ekkert að gera við eignir hinna sigruðu og snúa heim þar sem þá skortir ekkert sem þeir geta ekki án verið og ekki heldur það sem er svo mikilvægt: að kunna að njóta tilvistar sinnar og láta sér hana nægja. Þessir gera það sama. Þeir biðja fanga sína ekki um neitt annað en játningu og að viðurkenna að þeir hafi tapað. En á heilli öld mun hver einasti þeirra heldur deyja en hvika frá hinu óbilandi hugrekki í orðum eða æði. Allir kjósa þeir frekar að vera drepnir og etnir heldur en að biðja sér vægðar. Þeir hugsa vel um óvini sína til þess að þeim verði enn sárara um líf sitt og tala oft við þá um yfirvofandi dauðdaga þeirra og kvalirnar sem bíði þeirra, undirbúninginn, hvernig líkami þeirra verði bútaður niður og veisluna sem haldin verði á þeirra kostnað. Allt þetta er gert í þeim tilgangi einum að fá þá til þess að segja orð sem bera vitni um hugleysi eða lífílmótleika, eða vekja hjá þeim löngun til þess að flýja, til þess að hafa heiðurinn af því að hafa gert þá hrædda og brotið niður styrk þeirra. Því ef vel er að gáð felst hinni sanni sigur í þessu einu:

victoria nulla est

*Quam quæ confessos animo quoque subjugat hostes.*¹⁵

15 Claudius, *De sexto consulatu Honorii*, 248–249: „Það er enginn sigur nema sá sem knýr óvininn til að játa ósigurinn einnig í huga sér.“

Ungverjar, sem voru mjög stríðsglaðir bardagamenn, létu sér nægja að láta andstæðingana biðjast vægðar. Þegar óvinirnir höfðu viðurkennt ósigur sinn leyfðu Ungverjarnir þeim að fara án þess að gera þeim mein og án lausnargjalds nema í mesta lagi að láta þá lofa því að fara ekki aftur með vopnum gegn sigurvegurunum.

Við höfum ýmsa yfirburði framyfir óvini okkar sem tilheyra okkur ekki, en hafa verið fengnir að láni. Það er eiginleiki burðarmannsins en ekki hugrekkis að hafa sterkari handleggi og fótleggi; gott atgervi er dauðlegur og líkamlegur eiginleiki; það er lán að óvinur okkar hrasar eða sólin blindar hann; það felst bæði list og þekking í því að vera góður í skylmingum og getur fyrirfundist hjá einskis nýtum heigli. Virðing og gildi manns er í hjarta hans og viljastyrk: þar liggur hans sanni heiður; hreysti er einurð hugrekkisins og sálarinnar, ekki fóta og handa; hún felst ekki í gildi reiðskjótans eða vopnanna heldur okkar sjálfra. Sá sem dettur en missir ekki kjarkinn, „*si succiderit, de genu pugnatus*“, ¹⁶ sá sem missir ekkert af sjálfstrausti sínu þótt hann eigi á hættu að deyja innan skamms, sem horfir enn á óvin sinn, ákveðinn og fullur fyrirlitningar, þegar hann gefur upp andann, er sigraður en ekki af okkur heldur af gæfunni; hann er drepinn, ekki sigraður.

Þeir djörfustu eru stundum þeir ólánsömustu.

Þess vegna getur meiri sigur falist í glæstum ósigri en sigri. Þessir fjórir sigrar, þeir fegurstu sem sólin hefur augum litið, í Salamínu, Plateu, Mýkale og Sikiley, hafa aldrei dirfst að mæla dýrð sína við djórðarljóma ósigurs Leoníðasar konungs og manna hans við Laugaskörð.

Hver hefur nokkru sinni steypst sér í glötun af meiri dýrðarþrá og sigurvon en Ískolas foringi? Hver hefur hugað af meiri nákvæmni og snilld að öryggi sínu en hann að eyðileggingu sinni? Honum var falið að standa vörð um fjallaskarð í Pelópsfjöllunum gegn Arkadíumönnum. Hann var gersamlega ófær um það vegna staðháttar og liðsmunar og hann dró þá ályktun að allir sem færu andspænis óvinunum ættu ekki afturkvæmt; hins vegar, þar sem hann taldi fyrir neðan virðingu sína og göfuglyndi þess sem væri frá Lakedaímón að rækja ekki skyldu sína þá fór hann meðalveginn

16 Seneka, *De la Providence*, II, vi: „Ef hann dettur, berst hann á hnjúnum.“

milli þessara tveggja andstæðna með þessum hætti: yngstu og hraustustu menn liðsins geymdi hann til þess að vernda land sitt og þjóna því og sendi þá til baka. Og með þeim sem minni skaði var í að missa ákvað hann að verja skarðið og láta óvinina kaupa sér dýrustu inngöngu sem hann mögulega gæti með dauða þeirra: þannig fór það. Vegna þess að innan skamms var hann umlukinn Arkadíumönnum á alla vegu og eftir mikið blóðbað urðu hann og allir hans menn sverðinu að bráð. Eru þau sigurlaun til sem þeir sigruðu eiga ekki frekar skilið en sigurvegararnir? Hinn eini sanni sigur er í bardaganum, ekki því að komast undan og heiður hugrekksins felst í því að berjast, ekki að sigrá.

Ef við snúum okkur aftur að sögunni okkar þá er langt frá því að þessir fangar gefist upp þrátt fyrir allt sem þeim er gert, þvert á móti, þessa tvo eða þrjá mánuði sem þeir eru fangar eru þeir glaðlegir, hvetja húsbændur sína til þess að drífa nú í því að leiða þá til þrautarinnar, þeir ögra þeim, móðga og gagnrýna þá fyrir heigulsháttinn og alla bardagana sem þeir hafa tapað gegn óvinunum. Ég þekki lag sem samið var af fanga þar sem segir: Megi þeir koma allir sem einn og safnast saman til þess að eta hann vegna þess að þeir munu samtímis eta feður sína og forfeður sem hafa nært hann og fódrað. „Þessir vöðvar, segir hann, þetta kjöt og þessar æðar, þetta eru ykkar menn, vesalings aumingjarnir ykkar. Þið áttið ykkur ekki á því að kjötið af útlimum forfedra ykkar er þarna enn, smjattið vel á þeim, þið munuð finna bragðið af ykkar eigin holdi.“ Þessi hugmynd er á engan hátt villimannsleg. Þeir sem mála fangana þegar þeir deyja og þegar verið er að rota þá, sýna hvernig fanginn hrækir framan í þá sem drepa hann og yggjir sig. Það er satt að til seinustu stundar ögra fangarnir þeim með orðum sínum og framkomu. Hér eru sannarlega villimenn á okkar mælikvarða vegna þess að annað hvort er eitthvað að þeim eða okkur: Það er furðu langt á milli þeirra lífshátta og okkar.

Karlmennirnir eiga margar konur og þeim mun fleiri sem þeir eru þekktari fyrir dirfsku. Eitt er sérlega fallett þegar þeir giftast og það er að rétt eins og öfundin kemur í veg fyrir að við getum notið ástar og umhyggju annarra kvenna þá nota konur þeirra hana til þess að verða þeim úti um einmitt þetta tvennt. Heiður eiginmannanna skiptir þær meira máli en nokkuð annað og þær leggja

síð allar fram um að fjölga eiginkonunum eins og hægt er, ekki síst vegna þess að það er til vitnis um ágæti eiginmannsins.

Eiginkonur okkar segðu að þetta sætti mikilli furðu: Það er ekki svo. Þetta er hjónabandsdyggð og á hæsta stigi. Og í Biblíunni sendu Lea, Rakel, Sara og konur Jakobs falletu þjónustustúlkurnar sínar til manna sinna; og Livia uppfyllti langanir Ágústusar, sjálfri sér í óhag;¹⁷ og kona Dejotarusar Stratonicusar konungs lánaði manni sínum til afnota ekki aðeins undurfagra stúlku sem þjónaði henni heldur ól hún upp börn hennar af alúð og studdi þau í því að taka við af föður sínum.¹⁸

Og til þess að enginn haldi að þetta sé gert af einfaldri og þrælslegri undirgefni við venjur þeirra og áhrifamátt þeirra fornu siða, án umhugsunar og dómgreindar, þar sem þeir séu svo heimskir að geta ekki haft aðra skoðun, þá verð ég að bæta við nokkrum dæmum um hæfni þeirra. Fyrir utan það sem ég sagði áðan og er úr einum af stríðssöngvum þeirra er hér partur úr ástarsöng sem byrjar svona: „Nem staðar, grassnákur, nem staðar grassnákur til þess að systir mín geti lært af litamunstri þínu hvernig gera skal fagran linda sem ég get gefið vinu minni og megí fegurð þín og útlit ætíð standa öðrum slöngum framar.“

Þetta fyrsta erindi er viðlag kvæðisins. Ég hef nægilega reynslu af kveðskap til þess að geta sagt að ekki einungis er ekkert villimannlegt í þessari hugsun heldur væri Anakreon fullsæmdur af henni. Auk þess er tungumál þeirra óþýtt og hljómfagurt og endingarnar minna á grísku.

Þrír þeirra komu til Rúðuborgar þegar Karl sálugi 9. konungur var þar staddur, án þess að vita hvað kynnin af spillingunni hér áttu eftir að verða þeim dýrkeypt og að þau myndu valda endalokum þeirra sem ég býst við að séu nú þegar hafin (vesælir að hafa látið forvitnina blekkja sig til þess að yfirgefa sína ljúfu heimahaga til þess að sjá okkar).¹⁹ Konungur talaði lengi við þá, þeim var sýnt hvernig við gerum hlutina, í hverju íburður okkar felst og hvernig falletur bær lítur út; eftir þetta spurði einhver þá hvað þeim fyndist og vildi vita hvað þeim hefði þótt aðdáunarverðast. Þeir nefndu þrjú

17 Suetonius, *Vie d'Auguste*, LXXI.

18 Plútark, *Des vertueux faits des femmes*, I.

19 Þessi heimsókn átti sér stað árið 1562.

atriði og ég hef gleymt því þriðja og þykir það afar leitt en ég man enn hin tvö. Þeir sögðu að í fyrsta lagi hefði þeim þótt mjög ein-kennilegt að svo margir fullorðnir menn, skeggjaðir, sterkir og vopnaðir, sem voru með konunginum (líklega eiga þeir við Svisslendingana í lífvarðasveit hans) sættu sig við að hlýða barni og af hverju einn þeirra væri ekki frekar valinn til þess að stjórna. Í öðru lagi (þeir hafa þann talsmáta í sínu tungumáli að kalla menn „helming“ hver annars) þá hefðu þeir tekið eftir því að meðal okkar væru menn sem væru saddir og nytu alls kyns þæginda en að helmingar þeirra betluðu við dyr þeirra, horaðir af hungri og fátækt; og þeim fannst skrítið að þessir þurfandi helmingar gætu þolað annað eins óréttlæti, að þeir gripu hina ekki kverkataki eða kveiktu í húsum þeirra.

Ég spjallaði alllengi við einn þeirra en með mér var túlkur sem fylgdi mér illa eftir og átti svo erfitt með að skilja hugmyndir mínar vegna heimsku sinnar að samtalið kom mér að litlum notum. Þegar ég spurði hann hvað hann fengi að launum fyrir að vera settur yfir hina (vegna þess að hann var foringi og hásetar okkar kölluðu hann konung), þá svaraði hann að það væri að ganga fremstur í bardaga. Ég spurði hversu margir fylgdu honum; hann sýndi mér svæði og að það væru jafnmargir og kæmust fyrir á þessu svæði, það gætu verið fjögur eða fimm þúsund menn. Ég spurði hvort vald hans væri óbreytt utan stríðsins; hann sagði að það sem eftir væri kæmi fram þegar hann heimsækti þorpin sem tilheyrðu honum; þá væru lagðir stígar í gegnum runnana í skóginum svo að hann kæmist auðveldlega leiðar sinnar.

Allt þetta er ekki svo slæmt: en bíddu við! Þeir klæðast ekki buxum.

Umfjöllun um bækur

Verstehen und Übersetzen.
Ein Lehr- und Arbeitsbuch
eftir Paul Kußmaul

2. uppfærð útgáfa. Tübingen: Narr, 2010

Árið 1982 kom út í Þýskalandi bókin *Strategie der Übersetzung* eftir þá Hans G. Hönig og Paul Kußmaul (Hönig og Kußmaul 1982) sem báðir kenndu þýðingar við háskólann í Mainz/Germersheim. Segja má að sú bók, sem einkum var hugsuð sem kennslu- og æfingabók fyrir háskólanema í þýðingum, hafi markað viss þáttaskil í því að gera meginhugmyndir svokallaðrar hlutverks- eða skoposkenningar í þýðingafræði¹ aðgengilegar öðrum en fræðimönnum og jafnframt sýna fram á hvernig beita má kenningunni á hversdagsleg viðfangsefni þýðandans. Eftir útkomu bókarinnar skrifuðu þeir félagar fjölda greina og nokkrar bækur þar sem þeir útvíkkðu hugmyndir sínar og útfærðu þær nánar. Hans G. Hönig lést árið 2004 en Paul Kußmaul, sem fór á eftirlaun árið 2005, hefur ótrauður haldið áfram ritstörfum.

Bókin *Verstehen und Übersetzen* kom fyrst út árið 2007 og getur á vissan hátt talist framhald af *Strategie der Übersetzung* þar eð höfundurinn hnykkir á ýmsum grunnhugmyndum þeirrar bókar. Aðaláherslan er hér þó á nánari lýsingu á þýðingarferlinu, bæði skilningsferlinu, þ.e. viðleitninni til að skilja frumtextann, og orðunarferlinu sem svo mætti kalla, er lýtur að því að færa inntak frumtextans í orð á markmálinu, og leitar höfundur óspart í smíðju

1 Megininntak skoposkenningarinnar (gr. *skopos* = tilgangur) er í stuttu máli það að tilgangur eða hlutverk þýðingartextans (markttextans) sé mikilvægasta leiðarljós þýðandans og skuli öll önnur sjónarmið undirskipuð því. Hlutverk markttextans þarf ekki að vera það sama og hlutverk frumtextans en getur verið það. Grundvallarrit þessarar stefnu er Reiß og Vermeer 1984 en þeim sem vilja fá yfirsýn yfir kjarnahugmyndir hennar er bent á Prunč 2012: 152–167. Sjá einnig mjög knappt yfirlit hjá Gauta Kristmannssyni 2010.

nýrri kenninga í merkingarfræði hugmyndum sínum til stuðnings. Framsetning og uppbygging bókarinnar minnir mjög á *Strategie der Übersetzung* enda markhópurinn hinn sami, háskólanemar í þýðingum. Kußmaul gerir sér far um að skrifa á tiltölulega auðskildu máli, þótt trauðla verði sagt að hann forðist að nota fræðiheiti, og í lok hvers kafla er að finna verkefni þar sem reynir bæði á skilning á helstu efnisatriðum kaflans og færna til að beita þeim hugmyndum og aðferðum, sem í þeim felast, á raunhæf viðfangsefni. Í bókarlok setur höfundur fram tillögur að lausnum við verkefnunum. Þær hafa ekki aðeins að geyma ítarlegar útskýringar og rökstuðning við þær þýðingar sem Kußmaul telur álitlegastar, heldur einnig vangaveltur um aðra þýðingarmöguleika, kosti þeirra og galla. Fyrir vikið finnur lesandi bókarinnar hér ósjaldan umfjöllun um þýðingarvalkosti sem honum höfðu sjálfum dottið í hug þegar hann spreytti sig á verkefnunum.

Dæmi í bókinni eru öll úr þýðingum af ensku á þýsku en lærdóm þann, sem af þeim má draga, getur lesandinn yfirleitt auðveldlega yfirfært á önnur tungumál. Dæmin eru einkum úr þremur textategundum: alþýðlegum fræðitextum, bókmenntatextum í prósaformi og félagsvísindalegum könnunum. Mikið fer fyrir síðastnefndu textategundinni og rökstyður Kußmaul það með því að slíkir textar séu oft mun erfiðari viðureignar en þeir virðast vera við fyrstu sýn, m.a. vegna þeirrar aðlögunar að markmenningunni² sem nauðsynleg sé ef kannanirnar eigi að þjóna hlutverki sínu og raunverulega kanna það sem þeim er ætlað – en menningarleg aðlögun og hlutverksmiðun markttextans eru einmitt meðal lykilatriðanna í hugmyndaheimi Kußmauls.

Óhætt er að segja að höfundur komi víða við í bók sinni og að hún hafi að geyma gnægt hugmynda og aðferða sem þýðendur gætu nýtt sér í starfi sínu. Hér verður farin sú leið að gera stuttlega grein fyrir tveimur af meginhugmyndum bókarinnar (um nauðsynlega nákvæmni þýðinga og notkun hugrænna mynda á grunni merkingarfræðilegra kenninga) auk þess sem drepíð verður á fáein atriði til viðbótar sem bókarkynninum þykja sérlega hagnýt eða áhuga-verð. Margt verður að liggja óbætt hjá garði.

2 Rétt er að vekja athygli á því að hér, rétt eins og í svo mörgum ritum um þýðingafraði, er orðið „menning“ notað í mjög víðri merkingu sem nær m.a. yfir lands- og samfélagshætti og sögulega arfleifð. Lýsingarorðið „menningarlegur“ ber hér að túlka í sömu veru.

Ein þeirra spurninga, sem þýðendur standa æ ofan í æ frammi fyrir, er hversu nákvæmlega skuli þýða. Þekkt er að marktextum hættir til að verða lengri en frumtextarnir vegna þess að þýðendurnir leitast við að láta sem minnstar upplýsingar glatast í þýðingunni og telja því þörf á að marktextinn innihaldi skýrt og skorinort ýmislegt það sem frumtextinn tjáir með óbeinum hætti. Það felst ekki eingöngu í útskýringum á landfræðilegum og menningar-tengdum fyrirbærum, heldur t.d. einnig í skýringu óbeinna rök-tengsla í frumtextanum og þeirri viðleitni að fanga ýmis merking-arblæbrigði með aukaorðum.

Merkasta framlag þeirra Hönigs og Kußmauls til þýðingafræð-innar er sennilega það sem þeir kalla *Strategie des notwendigen Differenzierungsgrades* (í hrárrí þýðingu: „aðferð hins nauðsynlega nákvæmnisstigs“) og er hugsað sem svar við ofanefndri spurningu. Kjarninn í þessari aðferð eða meginreglu er að sú nákvæmni þýð-ingarinnar, sem nauðsynleg er á tilteknum stað í texta („textastað“), ráðist af hlutverki eða tilgangi textastaðarins (sem reyndar sé ætíð undirskipaður almennum tilgangi textans í heild sinni). Til að greina þetta hlutverk þurfi að rýna vel bæði í textann sjálfan, ekki síst textasamhengið (þ.e. allt „umhverfi“ viðkomandi textastaðar), og það menningarlega baksvið sem textinn er sprottinn úr. Á grunni þessarar hlutverksgreiningar á textanum annars vegar og hugmynda sinna um þekkingu og þarfir markhópsins (þ.e. lesenda markttexts) hins vegar velji þýðandinn svo orðalag fyrir markttextann sem sé nógu nákvæmt til þess að miðla tilgangi textastaðarins til mark-hópsins. Upplýsingar í markttextanum, sem eru umfram það sem nægir til að textastaðurinn þjóni tilgangi sínum, eru óþarfar (myndu leiða til þess að þýðingin yrði ofurnákvæm, *überdifferenziert*); upp-lýsingum, sem einungis eru fólgnar óbeint í frumtextanum, getur hins vegar þurft að bæta inn í markttextann svo að hann ræki hlut-verk sitt (öðrum kosti yrði þýðingin of ónákvæm, *unterdifferenziert*).

Kußmaul skýrir þessa meginreglu m.a. með eftirfarandi dæmum (sem einnig voru notuð í Hönig og Kußmaul 1982): Í tveimur enskum textum koma fyrir heiti skólanna Eton annars vegar og Winchester hins vegar (án frekari útskýringa). Báðir skólarnir falla undir hugtakið *public school* sem nær yfir fáeina gamalgróna og rán-dýra elítu-einkaskóla í Bretlandi – þetta er hið menningarlega bak-

svið heitanna. Út frá textasamhenginu gerir Kußmaul síðan þá greiningu á hlutverki textastaðanna að í Winchester-textanum skipti mestu máli að skólinn er ætlaður útvöldum nemendum en í Eton-textanum að skólagjöldin eru svimandi há. Þar af leiðandi telur hann nógu nákvæmt að „þýða“ Winchester (hér í lauslegri íslenskri þýðingu) sem „einn ensku elítuskólanna“ og Eton sem „einn dýru einkaskólanna“. Hann telur hins vegar að fyrir marga þýska lesendur sé of ónákvæmt að nota heiti skólanna án skýringa eins og í frumtextanum þar sem þá skorti nauðsynlega bakgrunnsþekkingu til að setja heiti skólanna í rétt samhengi (en samkvæmt kenningum skoposliða ráðast slík atriði af textategund og markhópi hverju sinni). Aftur á móti álitur hann það ofurnákvæmni að flétta inn í textann ýmsum frekari upplýsingum um *public schools*, nánast í anda alfræðiorðabóka, þar eð upplýsingaofgnótt af þeim toga beini sjónum lesandans frá þeim afmörkuðu atriðum sem máli skipta og þar með frá hlutverkum textastaðanna. Það vekur reyndar athygli lesandans að Kußmaul ræðir ekki sérstaklega þann valkost að halda heitum skólanna inni í markttextanum en bæta við þau nánari skýringum í anda eða jafnvel óbreyttu formi þeirra þýðinga sem hann aðhyllist og fram koma hér að ofan – en þá yrðu lausnirnar „Winchester, einn ensku elítuskólanna“ og „Eton, einn dýru einkaskólanna“.

Kußmaul tekur fram að meginreglu þeirra félaga um nægilega nákvæmni megi ekki einvörðungu beita á menningarbundin orð þar sem hið menningarlega baksvið er þungvægt. Í almennari gerð mætti orða regluna sem svo að iðulega sé alls ekki nauðsynlegt að koma öllu merkingarumfangi orðs (eða annarrar þýðingareiningar frumtextans) til skila, heldur sé nægilegt að í markttextanum komi fram þeir merkingarþættir sem (samkvæmt hlutverks- eða tilgangsgreiningu á grunni textasamhengisins) eru í fyrirrúmi á viðkomandi stað.³

Það sem öðru fremur einkennir efnisumfjöllunina í *Verstehen und Übersetzen* er í hversu ríkum mæli höfundur styðst við nýrri kenningar í merkingarfræði, nánar tiltekið frummyndamerkingarfræði („prótótýpumerkingarfræði“) annars vegar og „scenes and frames“-merkingarfræði hins vegar en þær falla báðar undir hugræna merkingarfræði.

3 Kussmaul bendir á að þetta komi fyllilega heim og saman við rannsóknir í sálfræðilegum málvísindum.

Meginhugmynd frummyndamerkingarfræðinnar er sú að í mörgum tilvikum sé ekki nærtækast að lýsa merkingu orða sem klipptum og skornum stærðum með því að telja upp aðgreinandi merkingarþætti eins og kerfismerkingarfræðin gerir ráð fyrir, heldur sé eðlilegra að gera ráð fyrir að merkingin spanni vissa kjarnaþætti (sem ekki þurfa allir að eiga við samtímis í hvert sinn sem orðið er notað) en sé svo „óskýr“ á jöðrunum. Þessir kjarnaþættir merkingarinnar eru algeng og dæmigerð merkingareinkenni viðkomandi orðs eða hugtaks. Þannig eru t.d. fjögur dæmigerð einkenni bolla þau að þeir eru ílát, að þeir eru ætlaðir til þess að drukkið sé úr þeim, að hlutfallið milli hæðar þeirrar og breiddar er nálægt því að vera 1:1 og að þeir eru með höldu. „Frummynd bollans“ hefur öll þessi einkenni en ýmis ílát teljast bollar þótt þau uppfylli ekki skilyrðin um öll þessi fjögur einkenni samkvæmt Schwarz og Chur (1993: 48–49) sem vitna í rannsókn Bandaríkjamannsins Williams Labovs á merkingu orðsins *cup*. Gerð hefur verið hliðstæð könnun á merkingu íslenska orðins *bolli* (Höskuldur Þráinsson 1979).

„Scenes and frames“-merkingarfræðin, sem jafnan er kennd við Bandaríkjamanninn Charles Fillmore, byggist síðan á frummynda-merkingarfræðinni. Nafn sitt dregur sú fyrrnefnda af þeirri hugmynd að víxlverkun sé á milli orða í texta („ramma“, e. *frames*) og þeirra ímynda sem þau kalla fram í huga okkar og byggjast á einstaklingsbundnum upplifunum okkar og reynslu – prótótýpískra „sviðsmynda“ (e. *scenes*)⁴ sem við geymum í minni okkar og segja má að séu fyrir okkur merkingar viðkomandi orða.⁵

Hvernig vill Kuðmaul svo nýta þessar kenningar í þágu þýðingarferlisins? Hann leggur áherslu á að þegar þýtt er liggi leiðin í huga þýðandans ekki milliliðalaust frá orðum (eða öðrum þýðingar-

4 Orðið „sviðsmynd“ er hér notað eingöngu sem bráðabirgðapýðing á fræðiheitinu *scene* og þar með hvorki í hefðbundinni merkingu sinni né sem þýðing á orðinu *scenario* (eins og nokkuð hefur tilkast hin síðari ár).

5 Hér og héðan í frá er fylgt þeirri framsetningu á kenningum Fillmores sem einkennir skrif Kuðmauls og annarra þýskra fulltrúa hlutverkskenningarinnar á borð við Hans J. Vermeer en þeir nýta kenningarnar öðru fremur í þágu hagnýtra markmiða þýðingafraeðinnar. Þeim sem vel þekkja til skrifna Fillmores kunna að þykja þessar lýsingar fela í sér verulega einföldun eða jafnvel vissa rangtúlkun á kenningum hans og lykilhugtökum. Kuðmaul er fyllilega meðvitaður um þetta og gerir nokkrar atlögur að víðari skilgreiningu hugtakanna *frame* og *scene* þegar hann kynnis þau til sögunnar en hallar sér svo æ meir að einfaldaðri (og auðskildari) notkun þeirra þegar fram í sækir og meira reynir á að beita þeim á hagnýt viðfangsefni.

einingum) frumtextans til orða þýðingarinnar (og núna horfum við meðvitað fram hjá þeirri lykilstöðu sem hlutverk markttextans hefur í skoposkenningunni), heldur liggi leiðin um þær hugrænu myndir eða „sviðsmyndir“ sem orð frumtextans kalla fram. Kúnstin sé sem sagt sú að láta orð frumtextans kalla fram dæmigerðar sviðsmyndir í huga sér og finna svo orðalag í þýðingarmálinu sem kallar fram sambærilegar sviðsmyndir:

þýðingareining frumtexta → hugræn „sviðsmynd“ → þýðingareining markttexta

Við þetta ferli eru síðan ýmis tilbrigði sem Kußmaul rekur skilmerkilega í köflum 6 og 7 en ekki er svigrúm til að nefna nema eitt þeirra hér. Það felst í því að þeim tiltekna kjarnaþætti ákveðinnar sviðsmyndar sem færður er í orð í frumtextanum er skipt út fyrir annan jafndæmigerðan kjarnaþátt sömu sviðsmyndar í markttextanum.⁶ Þá er auðvitað ekki lengur um beina eða orðréttu þýðingu að ræða en það þarf samkvæmt höfundinum síður en svo að koma að sök þar eð orð markttextans kalli eftir sem áður fram rétta sviðsmynd og þjóni þar með tilgangi sínum. Kußmaul er afar jákvæður gagnvart þýðingum af þessum toga sem og almennt hvers kyns þýðingum þar sem þýðandanum tekst að komast hjá því að festa sig í orðalagi frumtextans en skiptir þess í stað um sjónarhorn – beitir „hliðlægri“ (þ. og e. *lateral*) hugsun – til þess að finna annars konar lausn.⁷ Fyrir Kußmaul er þetta aðalsmerki „frjórra“ eða „skapandi“

6 Mikilvægt er að hið víða hugtak „sviðsmynd“ getur náð yfir býsna almennar aðstæður með öllum þeim þátttakendum, „hlutum“, athöfnum og tilfinningum sem þeim fylgja. Því getur ein tiltekin sviðsmynd samanstaðið af verulegum fjölda kjarnaþátta. Rétt er að taka einnig fram að hér geta vitaskuld fleiri skilningarvit en sjónskynið eitt komið við sögu enda næsta augljóst að hljóð, lykt, bragð og snertitilfinning skipa ríkan sess í fjölmörgum sviðsmyndum.

7 Öll efnisumfjöllun Kußmauls – einkum dæmi, verkefni og lausnir – ber því órækt vitni að hann er lítill aðdáandi beinna eða orðréttra þýðinga, heldur vill beina sjónum lesenda að frumlegum eða skapandi lausnum sem fela í sér greinileg frávik frá orðalagi frumtextans. Þetta er að því leyti til skiljanlegt að mjög mörg mistök þeirra sem eru að stíga sín fyrstu spor í þýðingum má rekja til óhóflegrar fylgispektar við orðalag frumtextans sem síðan leiðir til óeðlilegs eða óviðeigandi orðalags í markttexta. Áhersla Kußmauls á skapandi þýðingarlausnir er hins vegar dálítið einhliða þar eð fremur lítið fer fyrir þeim sjálfsgöða fyrirvara að auðvitað sé nánast orðrétt þýðing víða fullgild eða jafnvel ákjósanleg lausn. Fyrir vikið gæti lesandi, sem ekki hefur tileinkað sér víðara sjónarhorn, dregið þá ályktun af umfjöllun Kußmauls að nokkurn veginn orðrétt þýðing sé sjaldan góður kostur eða alltént yfirleitt síðri en lausnir sem hafa augljóslega eitthvað nýtt að geyma í samanburði við frumtextann – en slík ályktun hlýtur að minnsta kosti að orka tvímælis sem meginregla.

þýðinga og færni sem beinlínis ætti að þjálfa upp í menntun þýðenda.

Í þessu samhengi leggur Kuðmaul áherslu á að skapandi hugsun sé ósköp eðlilegt ferli sem að vissu marki sé unnt að leysa úr læðingi með ákveðnum aðferðum. Hann ráðleggur þýðinganeimum m.a. að takast á við erfiðan textastað með því að telja upp fyrir sjálfum sér einstaka kjarnaþætti þeirrar sviðsmyndar sem staðurinn felur í sér og nota þá sem upphafspunkt í leit að lausn (án þess að festa sig í þeim þáttum sem birtast í orðalagi frumtextans). Þá má annaðhvort færa staka sviðsmyndarþætti milliliðalaust í orð og nota sem þýðingu eða fara óhlutstæðari leið og finna eitt orð eða orðasamband sem nær að draga saman mismunandi þætti sviðsmyndarinnar. Til þess að átta sig betur á því hver kjarnaatriði tiltekinnar sviðsmyndar eru mælir Kuðmaul með sjónsköpun (e. *visualisation*, þ. *Visualisierung*), þ.e. því að setja sér sviðsmyndina sem áþreifanlegast fyrir hugskotssjónir en leyfa jafnframt öðrum skilningarvitum að eiga hlut að máli.

Til viðbótar þeim tveimur meginhugmyndum bókarinnar sem lýst er hér að framan skal nú tæpt á fáeinum völdum efnisatriðum (mismíðlægum í umfjöllun Kuðmauls) er bókarkynni þóttu áhuga-verð og líkleg til að nýtast þeim sem leggja stund á þýðingar.

Mjög réttmæt er sú staðhæfing að einsmálsorðabækur fyrir frummálið séu þýðendum á ýmsan hátt notadrýgri en tvímálaorðabækur, m.a. vegna þess að þær gera oftast skýrari grein fyrir merkingarþáttum orða (þar eð merkingarskýringar eru iðulega í formi skilgreininga) og hafa fleiri notkunardæmi að geyma. Sérlega gagnýt er sú ábending að oft megi nota skilgreiningar og dæmi einsmálsorðabóka sem byrjunarstað eða hugrænan hvata fyrir orðalag þýðingar, einkum skilgreiningarnar þar sem þær kunni að innihalda orð sem nýtast beint eða óbeint í þýðingunni (sér í lagi ef hún felur í sér umorðun). Þessari tækni svipar um margt til þeirrar nýtingar á kjarnaþáttum sviðsmynda sem lýst er hér að ofan. Gallinn við tvímálaorðabækur er ekki síst sá að þær hafa oftast einvörðungu að geyma tilbúna lausnir sem geta reynst varasamar eða ónothæfar í tilteknu samhengi. Tvímálaorðabækur eru hins vegar gagnlegar við þýðingu iðorða sem og við þær aðstæður að orðið, sem við leitum

að, kemur ekki upp í hugann en er að finna meðal jafnheitanna sem orðabókin býður upp á.⁸

Gagnleg fyrir byrjendur í þýðingum er einnig ábendingin um að gaumgæfa hvort þeir noti eðlilegar orðastæður („kollókasjónir“) í þýðingum sínum. Orðréttar þýðingar á orðastæðum geta hæglega leitt til ankannalegs orðalags sem engin hefð er fyrir í markmálinu. Til þess að átta sig betur á því hvaða orðastæður geta talist algengar og eðlilegar má bæði skoða notkunardæmi í einsmálsorðabókum og gera tíðnisamanburð með hjálp leitarvélar á borð við Google.⁹

Upplýsandi er umfjöllun Kußmauls um aðstæður, málsnið og menningarlega aðlögun marktexta í 2. kafla. Dæmin úr skáldsögunni *Therapy* eftir David Lodge og þýskri þýðingu hennar sýna með skýrum hætti að þótt hlutverk textans sé hið sama á frum- og markmálinu geta menningar- og málhefðir hlutaðeigandi landa eða málsvæða kallað á býsna ólíkt orðaval í frumtexta og þýðingu eins og m.a. kemur fram í þýðingu blóts- og skammaryrða.

Í 5. kafla bókarinnar gerir Kußmaul grein fyrir ýmiss konar athugunum á þýðingarferlinu sem eiga að gefa vísbendingar um hvað einkenni vinnubrögð góðra þýðenda og þar með hvaða aðferðir eða meginreglur séu vænlegar til árangurs við þýðingar. Á meðal niðurstaðnanna er sú ráðlegging að beita sem heildrænustum aðferðum við bæði greiningu frumtextans og þýðinguna sjálfa, rýna minna í einstök orð en meira í stærri textaæiningar og merkingu textans, horfa ýmist fram eða aftur innan textans, nýta sér eigin almenna þekkingu jafnframt því sem rýnt er í textann og skoða sífellt möguleikann á umorðun. Þýðandinn þarf auk þess að vera gæddur vissu þolgaði gagnvart margræðni texta og gera sér grein fyrir því að þá þarf ávallt að túlka og að jafnvel hin besta þýðing er einungis nálgun eða málamiðlun. Loks er ein mikilvægasta ályktunin sú að aukin íhugun þýðandans (sem aftur byggist á aukinni vitund um þá erfiðleika sem mæta honum í þýðingarferlinu) leiði til betri þýð-

8 Í tengslum við þetta er gagnlegt að hafa þá ábendingu Kußmauls í huga að ósjaldan megí spara sér uppflettingar í orðabókum eða annars konar rannsóknarvinnu með því einu að rýna betur í textann sjálfan, þ.e. skoða þær vísbendingar um réttan skilning eða rétta túlkun sem textasamhengið gefur.

9 Kußmaul nefnir vissulega ákveðin atriði sem gæta þarf að þegar Google er notuð í þessu skyni en hefði mátt gera fleiri fyrirvara við þessa annars gagnlegu aðferð, t.d. benda á að tala sú sem kemur upp um fjölda niðurstaðna getur verið margfalt hærri en nemur raunverulegum fjölda þeirra, eins og einatt kemur í ljós þegar smellt er á niðurstöðusíðurnar þar til þær taka enda.

inga. Varla þarf að taka fram að Kußmaul telur þessar niðurstöður ríma býsna vel við það sem hann boðar annars staðar í bókinni.

Áhugaverð er sú ábending höfundar að í þýðingu megi á tíðum nota áþreifanleg(t) dæmi þar sem í frumtexta er að finna óhlutstætt hugtak ef það geri merkinguna skýrari.

Loks skal minnst á þá skoðun Kußmauls að mat á vægi þýðingarvillna eigi ekki að fylgja niðurnjörvuðu málvísindalegu flokkunarkerfi, heldur taka mið af því hversu alvarlegar afleiðingar villurnar hafa fyrir hlutaðeigandi textastað og jafnvel textann í heild. Að auki eigi að umbuna þýðinganemum sérstaklega fyrir frjóar þýðingarlausnir.

Vísast munu náttúrutalent á sviði þýðinga og jafnvel ýmsir leikmenn meðal lesenda þeirrar skoðunar að sums staðar sé höfundur *Verstehen und Übersetzen* öðru fremur að setja fræðilega merkimiða á hugleiðingar sem einungis endurspegli heilbrigða skynsemi. En þá verður að hafa í huga að Kußmaul hefur áratugareynslu af kennslu þýðinga á háskólastigi og veit mætavel hvar skórinn kreppir. Hér verður því haldið fram að bókin hafi að geyma það margar góðar hugmyndir og ábendingar að flest áhugafólk um þýðingar geti lesið hana sér til nokkurs gagns.

HEIMILDIR

- Gauti Kristmannsson. 2010. „Fræðimaður þýðinga. Hans J. Vermeer 1930–2010.“ *Jón á Bægisá* 14, bls. 125–127.
- Hönig, Hans G., og Kußmaul, Paul. 1982. *Strategie der Übersetzung. Ein Lehr- und Arbeitsbuch*. Tübingen: Narr.
- Höskuldur Þráinsson. 1979. „Hvað merkir orðið bolli?“ *Íslenskt mál og almenn málfræði* 1, bls. 96–106.
- Kußmaul, Paul. 2010. *Verstehen und Übersetzen. Ein Lehr- und Arbeitsbuch*. 2. uppfærð útgáfa. Tübingen: Narr.
- Prunč, Erich. 2012. *Entwicklungslinien der Translationswissenschaft. Von den Asymmetrien der Sprachen zu den Asymmetrien der Macht*. 3. aukin og endurbætt útgáfa. Berlín: Frank & Timme.
- Reiß, Katharina, og Vermeer, Hans J. 1984. *Grundlegung einer allgemeinen Translationstheorie*. Tübingen: Niemeyer.
- Schwarz, Monika, og Chur, Jeanette. 1993. *Semantik. Ein Arbeitsbuch*. Tübingen: Narr.

Höfundar, þýðendur og ritstjórar

Annemette Hejlsted (f. 1957) lauk doktorsprófi í norrænum bókmenntum frá Suðurdanska háskólanum í Óðinsvéum og er lektor í dönskum bókmenntum við Háskóla Íslands. Netfang: *annemett@hi.is*

Ari Páll Kristinsson (f. 1960) lauk doktorsprófi í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands og er rannsóknarprófessor við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Netfang: *aripk@hi.is*

Ásdís R. Magnúsdóttir (f. 1964) lauk doktorsprófi frönskum bókmenntum við Stendhal-háskólann í Grenoble (3) og er prófessor í frönsku máli og bókmenntum við Háskóla Íslands. Netfang: *asdisrm@hi.is*

Élisabeth Ridet (f. 1968) lauk doktorsprófi í málvísindum frá Háskólanum í Caen (Frakklandi) og er verkefnastjóri við CNRS í Caen og aðstoðarformaður Pôle maritime de la Maison de la Recherche en Sciences Humaines í sömu borg. Netfang: *elisabeth.ridet@unicaen.fr*

Erla Erlendsdóttir (f. 1958) lauk doktorspróf í spænskum fræðum (spænsku máli) frá Háskólanum í Barselóna og er dósent í spænsku við Háskóla Íslands. Netfang: *erlaerl@hi.is*

Guðrún Theodórsdóttir (f. 1959) lauk doktorsprófi í annarsmálsfræðum og samtalsgreiningu frá Suðurdanska háskólanum í Óðinsvéum og er lektor í annarsmálsfræðum við Háskóla Íslands. Netfang: *gt@hi.is*

Ingibjörg Ágústsdóttir (f. 1970) lauk doktorsprófi í skoskum bókmenntum frá Háskólanum í Glasgow og er lektor í breskum bókmenntum við Háskóla Íslands. Netfang: *ingibjoa@hi.is*

Kolbrún Friðriksdóttir (f. 1960) lauk MA-prófi í íslenskri málfræði frá Háskóla Íslands og er aðjunkt í íslensku sem öðru máli við sama skóla. Netfang: *kolbrunf@hi.is*

Magnús Sigurðsson (f. 1957) lauk meistaraþrófi í þýsku sem erlendu tungumáli frá Háskólanum í Heidelberg og er aðjunkt í þýsku við Háskóla Íslands. Netfang: *msig@hi.is*

Marion Lerner (f. 1968) lauk doktorsþrófi í norrænum fræðum frá Humboldt-háskóla, MA-prófi í menningarfræði frá Humboldt-háskóla í Berlín og MA-prófi í þýðingafraði frá Háskóla Íslands. Hún er lektor í þýðingafraði við Háskóla Íslands. Netfang: *marion@hi.is*

María Garðarsdóttir (f. 1963) lauk MA-prófi í íslenskri málfræði frá Háskóla Íslands og er aðjunkt í íslensku sem öðru máli við sama skóla. Netfang: *maeja@hi.is*

Michel de Montaigne (1533–1592) var franskur rithöfundur.

Rebekka Þráinsdóttir (f. 1968) lauk meistaraþrófi í rússnesku og rússneskum bókmenntum frá Ríkisháskólanum í St. Pétursborg og er aðjunkt í rússnesku við Háskóla Íslands. Netfang: *rebekka@hi.is*

Sigríður Þorvaldsdóttir (f. 1960) lauk MA-prófi í íslenskri málfræði frá Háskóla Íslands og er aðjunkt í íslensku sem öðru máli við sama skóla. Netfang: *sth@hi.is*

Stefano Rosatti (f. 1964) lauk meistaraþrófi í kennslu ítölsku sem erlends tungumáls frá Háskólanum í Feneyjum og er aðjunkt í ítölsku við Háskóla Íslands. Netfang: *rosatti@hi.is*

Þórhildur Oddsdóttir (f. 1953) lauk MA-prófi í dönsku með áherslu á kennslufræði tungumála frá Háskóla Íslands og er aðjunkt í dönsku við sama skóla. Netfang: *thorbild@hi.is*

